



LOKSINS KOMIÐ SUMAR Í REYKJAVÍK ▶ 10



ÓSKIPULAGÐA BÚÐARKONAN Á RAUFARHÖFN ▶ 26



BORGA STÓRFÉ FYRIR AÐ DORGA ▶ 2

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
22. júní 2013
145. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt Örnefniáskiptunum Laugavegi, janúar - mars 2012

SYSTEMARNAR LÁTA EKKERT STÖÐVA SIG

Systurnar **Snædís Rán** og **Áslaug Yr Hjartardætur** eru staðráðnar í að láta ekki sjaldgæfan taugahrörnunarsjúkdóm sem kostaði þær sjón, heyrn og jafnvægi koma í veg fyrir að þær láti drauma sína rætast. Þær eru báðar í MH og stefna báðar á háskólanám. ▶ 20



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



KRISTÍN ÓMARS OG
EILÍFAR SPEGLANIR

Skáldið með nýja bók hjá nýju forlagi og les upp í Hljómskálagarðinum. ▶ 18



FRÁ ÚGANDA TIL
VESTMANNAEYJA

Tonny Maweje spilar með landsliði Úganda og ÍBV. Hann er þjóðhetja í heimalandi sínu og á von á sínu fyrsta barni í haust. ▶ 44



TÍSKAN Á
TJALDSTÆÐINU

Enginn vill líta út eins og útilegumaður í útilegunni. Fréttablaðið pakkaði niður. ▶ 24



Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.

Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.

Veðlán

Lánnum allt að 10 milljónum kr.

www.kaupumgull.is

Upplýsingar og tímabantanir: Sverrir s. 661-7000



LANGAR
PIG Í BÍÓ?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

midi.is

Opið til
18



Gjafakortið er vinsæl útskriftargjöf

Smáralind

SUMAR

TAX FREE

**LÝKUR UM
HELGINA!**

ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI

Tax Free af öllum vörum í Blómavali og einnig af eftirfarandi vöruflokkum í Húsasmiðjunni:

**Garðhúsgögn • Garðverkfæri • Grill
Viðarvörn • Útimálning • Garðleikföng
Búsáhöld**

DYNAMO FETKJAVIK



**TAX
FREE
ALLT FYRIR
PALLINN OG
GARÐINN!**

**40,64%
AFSLÁTTUR**

**TVÖFALT
TAX FREE
AF TRJÁPLÖNTUM,
ÁVAXTATRJAM
OG RUNNUM!**

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**

*Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og Weber grillum. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



HÚSAMIDJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

BÍLA ☀️ KAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

OPIÐ FRÁ 12–16



NISSAN QASHQAI DÍSIL 4.990 þús. kr.

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá 4,6 l/100 km*



DÍSIL

RENAULT MEGANE SPORT TOURER, SJÁLFSKIPTUR DÍSIL 3.890 þús. kr.

Fullvaxinn fjölskyldubíll sem fer hringinn á einum tanki.

Eldsneytisnotkun frá 3,7 l/100 km*



SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR 5.390 þús. kr.

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp“ búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá 5,5 l/100 km*



NISSAN JUKE 3.990 þús. kr.

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar. Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá 5,2 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

SLÁTTUBREIDD 46 CM

HÆÐARSTILLING 25-75 MM

60 L SAFNPOKI

Vnr. 53323130
Sláttuvél OY460P, 5,0 hestafla
fjörgengismótur, 139cc, 2,3kw.

39.990 kr.



Vnr. 41622140
Gærðsett, 4 stólar,
borð og sóhlíf

3K KLÚBB verð
19.990 kr.
Almennt verð 26.990 kr.



Vnr. 50632105
MR GRILL ferðagasgrill,
grillflötur 30x37cm, efri
grind, hitadreifiplata, 2,6 kW.

9.990 kr.

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



facebook.com/BYKO.is

TVÖFALDUR ÁLBRENNARI

NEISTAKVEIKJARI

OUTBACK



Vnr. 50630082
EXCEL 200 gasgrill.
Eldunarsvæði 49,5x35 cm, 6,2 kW.

3K KLÚBB verð
29.990 kr.
Almennt verð 45.990 kr.

NÝTTU GÓÐA VEDRIÐ

VIÐARVÖRN NR. 1 Á ÍSLANDI

4 LÍTRAR



málning

Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI 12 pallaolía, glær, græn,
hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

3K KLÚBB verð
3.890 kr.*
Almennt verð 4.695 kr.

*Gildir um helgina 21. - 23. júní.

10 LÍTRAR



málning

Vnr. 86647583-8083
KÓPAL STEINTEX múrmálning, hvít,
marmarahvít, hrimhvít og silkigrá, 10 l.

3K KLÚBB verð
9.990 kr.
Almennt verð 13.290 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og öðra myndabrotti. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.byko.is / EFO auglýsingastofa

Sumar & sól

í 30 stiga hita

Almeria

2. eða 9. júlí
í 2 vikur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 14 náttu ferð til Almeria þann 2 eða 9. júlí.

Hotel Colonial Mar

Kr. 116.900 með allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Kr. 150.900 á mann m.v. tvo 2 fullorðna í herbergi.
Sértilboð 2. eða 9. Júlí í 2 vikur

Krít

8. júlí í 10 nætur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 10 náttu ferð til Krítar þann 8. júlí. Í boði er m.a. Omega íbúðarhótelid.

Omega

Kr. 94.900

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð kr. 115.900 á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð.

Costa del Sol

1. júlí í 10 nætur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum 1. júlí í 10 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.

Griega Mar

Kr. 99.900 - með allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 119.900.

Benidorm

25. júní eða
2. júlí í viku

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 7 náttu ferð til Benidorm þann 25. júní eða 2. júlí

Hotel Regente

Kr. 79.900 - með hálfu fæði.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 104.900.
Sértilboð 25. júní í viku.

Hotel Carlos I

Kr. 78.700 - með fullu fæði.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 99.200.
Sértilboð 2. júlí í viku.

Tenerife

3. júlí í 2 vikur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í tveggja vikna ferð til Tenerife þann 3. júlí

Villa Adeje Beach

Kr. 119.900 með allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi.
Kr. 149.900 á mann m.v. tvo 2 fullorðna í studio íbúð.
Sértilboð 3. júlí 2 vikur.

Billund

frá kr. 14.900

Heimsferðir bjóða ótrúlegt verð á völdum dagsetningum til Billund í sumar og haust.

Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!


Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Alicante – Allra síðustu sætin í júní.
frá kr. 23.900

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.



HEIMURINN



Afhommari kemur úr skápnem



ALAN CHAMBERS

1 BANDARÍKIN Alan Chambers, forstöðumaður Exodus International-safnaðarinnar, er kominn út úr skápnem. Söfnuðurinn er þekktur fyrir að lækna fólk af samkynhneigð. Í bréfi sem Chambers skrifar játar hann að hafa laðast kynferðislega að karlmanni. Hann biðst jafnframt afsökunar á því að hafa kallað samkynhneigða sódomíska og að hafa valdið mörgum vanlíðan með orðum sínum og gjörðum. Söfnuðurinn hefur verið lagður af í kjölfar játninga Chambers.

Viagra-einkaleyfi útrunnið

2 BRETLAND Einkaleyfi á stinningarlyfinu Viagra rann út í Bretlandi í gær. Lyfjafyrirtækið Pfizer hefur haft einkaleyfið hingað til en nú er búist við því að aðrir lyfjaframleiðendur muni hefja markaðssetningu á lyfinu sívinsæla á lægra verði.

Viagra-lyfið er notað við stinningarvandamálum um allan heim. Breskar heilbrigðisstofnanir greiddu jafnvirði sjö og hálf milljarðs íslenskra króna fyrir lyfið á síðasta ári. Viðbúið er að mikið muni sparast þegar samkeppnis-aðilar byrja að selja lyfið á lægra verði.

Níu meiddust þegar sirkustjald féll

3 DANMÖRK Níu meiddust þegar stórt sirkustjald féll saman yfir hóp áhorfenda í miðri sýningu. Hinir slösuðu voru fluttir á sjúkrahús í nágrenninu, en enginn er talinn alvarlega slasaður. Talið er að sterkir vindar hafi orsakað atburðinn.

Hátt í fimm hundruð áhorfendur voru á staðnum þegar tjaldið féll saman, en lögreglan hefur enn ekki fengið nákvæma tölu yfir það hversu margir voru á staðnum, en sögðu þó að vel hefði tekist að koma fólkinu úr tjaldinu.



KRAFTAKARLAR Strákarnir sem malbikuðu í Efstasundi í Reykjavík í gær byrjuðu daginn á því að bera á sig sólarvörn, enda ekki vanþörf á. Samkvæmt áætlun Reykjavíkurborgar á að malbika á 42 stöðum víðs vegar um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Rigning og slæmt veður hafa haft talsverð áhrif á malbikun í borginni:

Framkvæmdir settar í fimmta gír

FRAMKVÆMDIR Starfsmenn malbikunarstöðvarinnar Höfða eru nú í óða önn að malbika götur Reykjavíkurborgar. Framkvæmdir hófust í lok maí og eru áætluð verklok um miðjan september.

Rigningardagar og slæmt veður í byrjun sumars hafa þó sett verulegt strik í reikninginn og endurnýjun gatna gengið talsvert hægar fyrir sig miðað við það sem hefð-

bundið getur talist. „Framvinda verkefna er ekki jafn góð og áætlun gerir ráð fyrir og hefur framkvæmdum seinkað um eina og hálfu viku,“ segir Bergþóra Kristinsdóttir, verkefnastjóri hjá Eflu verkfræðistofu sem sér um eftirlit malbikunarframkvæmda hjá Reykjavíkurborg.

„Ef þessi ótíð heldur áfram munu framkvæmdir líklega teygja

sig lengra fram eftir sumri,“ segir Bergþóra, sem bendir þó á að enn sé vonast til að verkefnið klárast á þeim tíma sem upphaflega var lagt upp með.

„Þetta fór illa af stað en með viðsnúningi í veðrinu undanfarna daga höfum við náð áætlun,“ segir Baldur Einarsson, tæknistjóri hjá Höfða sem sér um framkvæmdirnar hjá borginni. - 1e

SUNDHÖLL

REYKJAVÍKUR

Hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og útisundlaug

Reykjavíkurborg og Arkitektafélag Íslands efna til opinnar samkeppni um hönnun á viðbyggingu og útilaugasvæði við Sundhöllina í Reykjavík sem er fríðuð bygging.

Markmið Reykjavíkurborgar með samkeppninni er að fá fram vandaðar tillögur að viðbótum við Sundhöll Reykjavíkur sem þjónað hefur íbúum og gestum Reykjavíkurborgar í ríflega 76 ár. Sérstök áhersla er lögð á að byggingarlist hússins, að innan sem utan, verði gert hátt undir höfði og að fullt tillit verði tekið til hennar við hönnun á viðbyggingu og við endurbætur Sundhallarinnar.

Gert er ráð fyrir að samið verði við höfunda fyrstu verðlaunatillögu um áframhaldandi hönnun á verkefninu til útboðs.

Skilafrestur tillagna í samkeppnina er 17. september 2013

Nánari upplýsingar er að finna í keppnislýsingunni, sem er aðgengileg á vefsíðum Reykjavíkurborgar og Arkitektafélagsins. Ítarlegri fá þeir sem skrá sig til þátttöku.

www.hugmyndasamkeppni.is
www.ai.is



Í VERSLUNARFERÐ Sterkt samspil er milli gengis krónunnar og almenns verðlags í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Verðlækkunarir sagðar komnar fram að fullu:

Telja aukna verðbólgu í vændum

EFNAHAGSMÁL Ársverðbólga hjaðnar um 0,1 til 0,2 prósentustig milli maí og júní gangi spár greiningardeilda eftir. Greining Íslandsbanka birti í vikulokin spá um 0,4 prósentu verðbólgu. IFS Greining hafði í vikunni spáð sömu hækkun og greiningardeild Arion banka 0,3 prósentu aukningu.

Miðað við spá Greiningar Íslandsbanka og IFS verður ársverðbólga því 3,2 prósent, en 3,1 prósent miðað við spá greiningardeildar Arion. Verðbólga í maí var 3,3 prósent.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka er gert ráð fyrir að verðbólga flækki nokkuð út árið en verði að jafnaði á svipuðu róli og hún er núna. „Teljum við að verðbólga muni aukast heldur á næsta ári samfara auknum umsvifum í hagkerfinu,“ segir þar.

Greiningardeild Arion banka gerir hins vegar ráð fyrir að ársverðbólga hækki á ný á næstu mánuðum og verði 3,8 prósent

3,1% Tólf mánaða

verðbólga verður 3,1 prósent í næstu mælingu gangi eftir spá greiningardeildar Arion banka en 3,2 prósent gangi eftir spá frá Greiningu Íslandsbanka eða IFS Greiningu.

í september. „Krónan er nú ríflega fimm prósentum sterkari en í upphafi árs og áhrifin vegna þessa höfum við séð í síðustu verðmælingum Hagstofunnar en við áætlum að gengisáhrifin hafi verið um 0,5 til 0,6 prósent til lækkunar verðlags í mars apríl og maí.“ Ólíklegt sé að frekari áhrif eigi eftir að koma fram þar sem styrking krónunnar hafi gengið til baka að hluta í maí.

Hagstofa Íslands birtir verðbólguáætlun sína að morgni 27. júní næstkomandi. - óka

Sjáðu úrvalið í stærsta sýningarsal landsins í Korputorgi



Sumarið er komið!

Útilegumaðurinn - Þar sem grasið er grænna




Knaus



Knaus Sport 500 EU
Verð 3.990.000




Weinsberg



Weinsberg CaraOne 400 LK
Verð 2.990.000



Dethleffs




Dethleffs Aero Style 470 DB
Verð 4.998.000 kr.




Rockwood




Knaus Sudwind 580 QS
Verð 4.785.000



Weinsberg CaraOne 480 EU
Verð 3.590.000



Dethleffs Camper 470 FR
Verð 4.798.000 kr.



Knaus Sport 460 XB
Verð 3.895.000kr.



Weinsberg CaraOne 740 UDF
Verð 4.890.000 kr.



Dethleffs Nomad 560 RET ALDE
Verð 6.298.000 kr.

Sumarið er tíminn til að ferðast um landið fagra og njóta samvista með fjölskyldu og vinum.

Á Íslandi er mikilvægt að geta elt sólina, góða veðrið, hátíðir og samkomur.

Tími til að eignast ferðavagn fyrir sumarið er runninn upp.

Útilegumaðurinn sérhæfir sig í þýskum gæða hjólhýsum og auðvitað hinum vinsælu Rockwood fellihýsum.

Í Útilegumanninum finnur þú örugglega ferðavagn við þitt hæfi.

ROCKWOOD

Dethleffs

KNAUS

WEINSBERG
simply you

75% lán



Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18 - lau-sun kl: 12-16



Útilegu
maðurinn®

Faðir ranglega sakaður um misnotkun:

Vörn fyrir börn og foreldra þeirra

Í Fréttablaðinu í síðustu viku sögðum við frá því að barnaverndaryfirvöld væru að skoða samtökin Vörn fyrir börn, en þau gefa sig út fyrir að berjast fyrir hagsmunum barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Það er Kristín Snæfells sem fer fyrir samtökunum, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tók hún þátt í því að láta ungt barn ljúga grófu kynferðisofbeldi upp á föður í forræðisdeilu. Þetta kom fram í viðtölum við barnið í Barnahúsi og var meðal annars notað til grundvallar úrskurði í forræðismáli þar sem faðirinn fékk fullt forræði.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Málið er alvarlegt og flóknara en svo að hægt sé að afgreiða það sem einskæra illgirni af hálfu Kristínar. Við erum öll fórnarlömb ofsóknaræðis þegar börn og kynferðisofbeldi er annars vegar. Mikil vakning hefur átt sér stað í

samfélaginu og því fylgja vaxtarverkir. Við erum enn að læra hversu langt við eigum að ganga en svo virðist sem umrædd forstöðukona Varnar fyrir börn gangi of langt.

Sjálf segist hún gefa lítið fyrir „kjaftasögur“ og að mikil aðsókn sé í þjónustumiðstöð samtakanna. Það er áhyggjuefni og hjá Barnaverndarstofu er varað við fúski í barnavernd. Samtök Kristínar eru sögð miðla röngum upplýsingum til almennings og við það eru gerðar alvarlegar athugasemdir.

Mál föðurins sem sagt er frá í Fréttablaðinu í dag minnir um margt á bíómyndina Jagten sem sýnd var fyrir fullu húsi í kvikmyndahúsum í vetur. Þar var sögð saga sem byggði á sönnum atburðum. Starfsmaður leikskóla var vegna miskilnings sakaður um kynferðisbrot gegn fjölda barna. Það var næstum því tilviljun að málið fékk farsælan endi vegna misræmis í frásögn barnanna.

Við tókum þá ákvörðun að birta ekki nafn föðurins sem var ranglega sakaður um kynferðisbrot gegn barni sínu í frétt Fréttablaðsins í dag. Það gerum við af tillitsemi við barnið og er sú ákvörðun í samræmi við siðareglur Fréttablaðsins. Þessi mál eru þau allra viðkvæmstu og mikilvægt er að börnin njóti vafans. Sem er einmitt það sem gerir þetta svo snúið. Þessi mál eru þannig vaxin að freistandi er að horfa í aðra átt. Eða þannig hefur það alltaf verið. Við sem samfélag höfum alltof oft brugðist börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Nú erum við hins vegar ákveðin í að rjúfa þögnina. Það er gott. Í raun alveg frábært og við eigum að halda því áfram. Við megum bara ekki fara fram úr okkur.

Þannig skrifaði Hermann Stefánsson rithöfundur grein í Fréttablaðið í lok síðasta mánaðar sem vakti mikla athygli. Þar ræddi hann um samtökin Blátt áfram sem hafa einnig tekið að sér það hlutverk að rjúfa þögnina um kynferðisofbeldi gegn börnum. Þau hafa samt gengið of langt í sjónvarpsauglýsinum og hvatt okkur til að vantreysta hvert öðru. Allt gert í góðum tilgangi. Vissulega. En leiðin til heljar er vörðuð góðum ásetningi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðtöllum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Femmenessence

Finnur þú fyrir breytingaskeiðseinkennum?

Prófaðu nýja Femmenessence 100% náttúruleg vara unnin úr macarót. Rannsóknir sýna að Femmenessence getur bætt líðan kvenna á breytingaskeiði.

Femmenessence styður við og nærir eigin hormónafrámleiðslu líkamans

*Tilboðið gildir til 30. júní

20% kynningar afsláttur*

Lyf & heilsa Við hlustum!

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Pottastjórnun í sjávarútvegi heldur áfram

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra og Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra höfðu forgöngu um landsdómsákeruna í samvinnu við leiðtoga VG og Samfylkingar. Ekkert eitt mál gróf meir undan siðferðilegum undirstöðum fyrri stjórnar. Seta ráðherranna tveggja veikir núverandi stjórn með sama hætti.

Deilur hafa staðið um frumvarp sjávarútvegsráðherra um lækun veiðigjalda. Minna umtal en meiri furðu vekur hins vegar að ráðherrann hyggst ekki afnema þá pottastjórnun í fiskveiðum sem vintristjórnin kom á. Þær



ákvörðanir voru sérhagsmunagæsla fyrir fáa og rýrðu þjóðhagslega hagkvæmni veiðanna.

Vel má vera að LÍÚ sætti sig við þessa niðurstöðu til að halda frið. En hún er eftir sem áður andstæð almannahagsmunum. Allir flokkar boða há veiðigjöld þó að þrætt sé um hversu há þau eigi að vera. En gagnrýniver er að útgjöldin skuli ekki lækkuð samtímis að sama skapi og álögurnar. Hitt er þó verra að ráðherrann fylgir

líka á þessu sviði sömu hugmyndafræði og fyrri stjórn. Gjaldið verður í raun mishátt eftir afkomu, skuldum, tegundum og stærð fiskiskipa og er jafnvel lagt á fiskvinnslu. Þetta er eins konar pottastjórnun í skattheimtu sem verðlaunar óhagkvæman rekstur og skussa.

Miklu eðlilegra er að allar útgerðir, stórar og smáar, greiði sama hlutfall af aflaverðmæti án nokkurra undantekninga. Sú aðferð er réttlátari og enn fremur til þess fallin að örva hagkvæman rekstur. Hér eiga almannahagsmunir að ráða en ekki sérhagsmunagæsla fyrir einstaka hópa í sjávarútvegi eins og í tíð vintristjórnarinnar.

Hver á framtíðarskipanin að vera?

Skipbrot vintristjórnarinnar í sjávarútvegsáttum orsakadist af hugmyndafræðilegum innri ágreiningi. Meirihluti beggja flokkanna kaus pottastjórn sérhagsmunum umfram almannahagsmunum. Frjálslyndari armur Samfylkingarinnar vildi markaðslausnir með uppboði veiðiheimilda.

Uppboðsaðferðin getur þjónað almennum þjóðhagslegum markmiðum. Stóri gallinn er að hún veikir eiginfjárstöðu útgerðanna um of nema innleiðingin taki langan tíma. Samfylkingin

lokaði augunum fyrir þessu. Því varð pottahugmyndafræðin ofan á. Kostur við uppboðin er að samkeppnin ræður upphæð veiðigjaldanna. Þannig leysir atvinnugreinin þann vanda sjálfkrafa.

Sjávarútvegsráðherra hefur boðað að framtíðarskipan þess hluta veiðanna, sem fellur utan pottastjórnunar, verði með tímabundnum samningum um veiðirétt. Þessi aðferð getur einnig þjónað almannahagsmunum að því gefnu að frjálst framsal haldist. Hættan er sú að framsalið verði takmarkað.

Frá sjónarhóli almannahagsmunna hefur ótímabundinn veiðiréttur með frjálsu framsali reynst vel hér eins og annars staðar. Sé niðurstaðan aftur á móti sú að fórna hagkvæmasta kostinum og tímabinda veiðiréttinn er spurning hvort betra er að nota uppboð eða samninga. Árlegt uppboð á 2,5 hundraðshlutum veiðiréttarins gæti leitt til meiri stöðugleika og hagkvæmni en tuttugu ára nýtingarsamningar. Hættan á sífelldum skattabreytingum eins og stefnir í yrði til að mynda minni.

Sveiflujöfnun og dreifð eignaraðild

Veiðigjöldin eiga fyrst og fremst að renna í ríkissjóð til að standa undir stjórnun, rannsóknum, eftirliti og landhelgisgæslu. Því sem umfram kann að vera ætti að ráðstafa í verðjöfnunarsjóð, helst inni í fyrirtækjunum. Með því móti væri unnt að láta útgerðina áfram bera kostnaðinn af vissum en óreglubundnum verðlækkunum fremur en almenning. Þetta er reyndar forsenda fyrir stöðugleika.

Sjávarútvegsráðherra sýnist vera áhugalaus um þau efni eins og forverar hans í vintristjórninni. Hann kys fremur að

nota fullveldisréttinn til að láta almenning axla kostnaðinn af verðsveiflum með gengislækkun krónunnar. Það er ranglát pólitík og stríðir gegn þjóðhagslegri hagkvæmni.

Athygli vekur að sjávarútvegsráðherra nefnir ekki hugmyndir um auknar kröfur til útgerðarfyrirtækja og takmarkanir á stærð þeirra. Full rök standa þó til að lækka hámarksveiðirétt einstakra fyrirtækja og samstæðu fyrirtækja úr tólf í tíu hundraðshluta. Það er eðlilegra jafnvægi milli stærðarhagkvæmni og dreifingar á veiðirétti.

Þá mætti enn fremur ræða að útgerðir, sem ráða yfir meir en til að mynda þremur hundraðshlutum veiðiréttarins, yrðu að starfa eftir sömu reglum og skráð fyrirtæki á markaði. Það dró úr trausti á aflahlutdeildarkerfinu þegar útgerðarfyrirtækin hurfu af markaðnum. Loks má nefna að til álitætti að koma að gera kröfur um verulega dreifða eignaraðild að útgerðum sem ráða meir en fimm af hundraði veiðiréttarins.

Slíkar breytingar geta styrkt tengsl almannahagsmunna og fiskveiða. Það væri spor í rétta átt.

Njóttu Coke með Nizza



Litrikt á bragðið



AMERÍSKIR DAGAR! ★



TIL 26
AMER
& DAN
DAC

Broyhill
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

ÁÐEINS
32.939
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

LARAMIE
HORNÓFI
379.990
FULLT VERÐ: 449.990

LARAMIE Hornsófi.
Brúnt microfiber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.



ÁÐEINS
15.689
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

LARAMIE
2JA SÆTA SÓFI
179.990
FULLT VERÐ: 199.990

ÁÐEINS
16.552
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

LARAMIE
3JA SÆTA SÓFI
189.990
FULLT VERÐ: 209.990

ÁÐEINS
13.102
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

LARAMIE
STÓLL
149.990
FULLT VERÐ: 169.990

LARAMIE sófasett microfiber áklæði. 2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm. 3 sæta B:220 D:95 H:95 cm. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95 cm.



ÁÐEINS
13.964
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

2JA SÆTA
TRAVIS
BARA FÁANLEGUR
Á AKUREYRI
TRAVIS
2JA SÆTA SÓFI
159.990
FULLT VERÐ: 199.990

ÁÐEINS
14.827
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

TRAVIS
3JA SÆTA SÓFI
169.990
FULLT VERÐ: 229.990

ÁÐEINS
11.377
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

TRAVIS
STÓLL
129.990
FULLT VERÐ: 169.990

ÁÐEINS
34.664
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

BROMLEY
3JA SÆTA SÓFI
399.990
FULLT VERÐ: 459.990

ÁÐEINS
22.589
KRÓNUR

Alf. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántokugi.

BROMLEY
STÓLL
259.990
FULLT VERÐ: 299.990

BROMLEY sófa-
sett brúnt leður.
Stóll: B: 111 H: 95
B: 95, 2 sæta sófi
B:170 D:95 H:95
cm. 3 sæta B:220
D:95 H:95 cm.

ATTIC HEIRLOOMS AMERÍSK EIKARLÍNA FRÁ BROYHILL

ATTIC bakborð
Stærð: B:147 D:40 H:76 cm



124.990
VERÐ: 144.990

ATTIC sófaborð
Stærð: B:127 D:80 H:50 cm



99.990
VERÐ: 119.990

59.990
VERÐ: 69.990

ATTIC hornborð með hillum
Stærð: B:50 D:38 H: 68 cm



ATTIC
hornborð
með skúffu
Stærð: B:58 D:68
H:60 cm



89.990
VERÐ: 99.990

DANSKIR DAGAR!

5. JÚNÍ
DANSKIR
DAGAR

Stærð: 330x265 H: 78 cm.
Umbria sófarnir eru til í ótal
útfærslum. 2ja og 3ja sæta,
hornsófar og með eða án tungu.
Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

ÁÐEINS
32.077
KRÓNUR

Umbria
HORN-TUNGUSÓFI

369.990

FULLT VERÐ: 419.990

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.



Stærð: 310x240 H: 88 cm.
Eikar-rammi og slitsterkt grátt áklæði. Einnig til í svörtu leðri.
Fullt verð á LONDON í leðri 449.990 NÚ KR. 379.990 kr.

ÁÐEINS
21.727
KRÓNUR

LONDON
HORNSÓFI

249.990

FULLT VERÐ: 299.990

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.



Stærð: 3JA 202x77 H:82 cm. Svart leður á slitflötum.
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Stærð 144x77 H:82 cm.
Fullt verð á Brighton 2ja sæta 259.990 NÚ KR. 239.990 kr. Einnig fáanlegur í áklæði.

ÁÐEINS
24.314
KRÓNUR

BRIGHTON
3JA SÆTA SÓFI

279.990

FULLT VERÐ: 309.990

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

ÁÐEINS
27.940
KRÓNUR

DC 4200
3JA SÆTA SÓFI

319.990

FULLT VERÐ: 349.990

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.



Stærð: 3JA 212x80 H:80 cm. Svart leður á slitflötum
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Stærð 252x80 H:80 cm.
Fullt verð á DC 4200 2ja sæta 279.990 NÚ KR. 259.990 kr.

ÁÐEINS
26.215
KRÓNUR

DC 3600
3JA SÆTA SÓFI

299.990

FULLT VERÐ: 329.990

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.



Stærð: 3JA 202x80 H:80 cm. Ljósbrúnt leður á slitflötum.
Einnig fáanlegur 2ja sæta. Stærð 143x80 H:80 cm.
Fullt verð á DC 3600 2ja sæta 259.990 NÚ KR. 239.990 kr.



ÁÐEINS
31.214
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.
12 mán. vaxtalaust lán
3,5% lántökugj.

MORRISON
BORÐSTOFUBORÐ

359.990

FULLT VERÐ: 399.990



MORRISON
borðstofuborð.
B:100 L:200 H:73 cm.
Stækkanlegt í 358 cm
með þremur stækkunum
sem fylgja.
Gegnheil sápuborin eik.
Gæðavara!

MARGAR GERÐIR HÆGINDASTÓLA Á TILBOÐI Á DÖNSKUM DÖGUM



Orange,
hvítt, ólífu-
grænt eða
grátt áklæði

HAVANA
HÆGINDASTÓLL

69.990

FULLT VERÐ: 79.990



CONFORM®

Með
snúningi.
Slitsterkt
áklæði

GAGA
HÆGINDASTÓLL

169.990

FULLT VERÐ: 199.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Allar vöru- og verðupplýsingar birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Skodun visir.is

718

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ

Af hugarburði kvenna, spennitreyjum og öðrum gamanmálum
Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur

561

LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ

Veidigjaldið er langhagkvæmasta tekjulindin
Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

538

PRIÐJUDAGUR 18. JÚNÍ

Skilaboð frá Snowden
Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks

317

LAUGARDAGUR 15. JÚNÍ

Tvær stefnuræður og ein í þunga-vigt
Þorsteinn Pálsson pistlahöfundur

270

MÁNUDAGUR 17. JÚNÍ

Opið bréf til Björns Zoëga og framkvæmdastjórnar LSH
Deildarlæknar á lyflækningsvið LSH

254

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ

Svart og hvítt
Ólafur Stephensen

UMMÆLI VIKUNNAR

15.06.2013 → 21.06.2013

„Eitt geta þó Íslendingar sjálfsagt verið sammála um. Það er að nú þurfi Evrópusambandið að sanna sig gagnvart Íslandi.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í ávarpi sínu á Austurvelli 17. júní.



„Það er bagalegt að það komi fram athugasemdir á síðustu stundu, frá tveimur sveitarfélögum og einum fagaðila. Í ljósi þess er ekki hægt annað en að bregðast við.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í RÚV um þá ákvörðun að fresta undirritun skilmála um aukna friðlýsingu Þjórsárvera.

„Þá rann upp fyrir honum að hann gæti ekki verið með neina svona þvælu við mig og við skiptum þá fljótt um umræðuefni.“

Á Vísi var greint frá þeim ummælum Kyle Bass fjárfestis að Steingrímur J. Sigfússon hefði reynt að villa um fyrir honum.

Baráttan um söguna

Áhugi á liðinni tíð er hverjum manni nauðsynlegur. Sömuleiðis eru sameiginlegar minningar forsenda þess að fólk taki höndum saman og myndi samfélög, myndi þjóðir. Þess vegna er sjálfsagt að á háttíðarstundum minnst fólk sögunnar, ekki síst þess sem vel gekk og hafa má til eftirbreytni. Á hinn bóginn næst aldrei einhugur í lýðræðislegu þjóðskipulagi um orsakir viðburða, hvað hafi skipt mestu máli og þar fram eftir götunum. Um þetta á fólk að takast, málefnalega og æsingalaust. Þannig miðar okkur fram á veg.

Annað skiptir líka miklu máli: Fullkomin hlutlægni er ekki til. Fólk á þó samt að reyna að hafa það sem sannara reynist, svo vitnað sé í þjóðmenningararfinn. Og þess vegna brennur við að þeir sem vilja einfaldlega skilja hvers vegna svo fór sem fór hverju sinni verða ósammála valdhöfum þegar þeir reyna að nota söguna til að styðja eigin rök í málefnum líðandi stundar. Bilið á milli verður einfaldlega of mikið.

Tökum dæmi: Þeir sem hafa kynnt sér sögu kreppuáranna á Íslandi til þess að skilja hana betur geta ekki verið sammála þeirri söguskoðun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra að þá hafi Íslendingar

SAGA



Guðni Th. Jóhannesson lektor í sagnfræði við HÍ

sýnt það göfuga fordæmi að leysa erfið úrlausnar-efni í sameiningu, eins og heyra mátti í stefnuræðu hans við upphaf sum- arþings. Sannara er að sjaldan hafa landsmenn verið eins sundurþykkir og í kreppunni miklu. Þar að auki var ríkið á vonar- vól þegar harðærinu linnti loks á Íslandi með erlendu hernámi og skyndigróða. Bjargráðin komu að utan.

Brengluð söguskoðun

Á sama hátt hljóta þeir sem hafa kynnt sér sögu Íslendinga á nítjándu öld að efast um þau orð forsætisráðherra í ávarpi sínu 17. júní að þá hafi þjóðin öll trúað því að hún ætti að vera sjálfstæð og njóta sama réttar og þau nýlendu- og herveldi sem heiminum réðu. Ekki einu sinni Jón Sigurðsson vildi rjúfa öll tengsl við Danmörku um sína daga og hér bjó ekki einhuga þjóð með einn draum og einn hag. Sé því haldið fram hverfur allur litur og allt líf úr sögunni. Einstaklingar verða aðeins hluti heildar, marserandi saman undir einum fána.

Oft skiptir ólík sýn á sögu- una litlu sem engu máli í víðara ljósi. Almennur getur þannig skemmt sér í sakleysi við að rök- ræða sannleiksgildi Íslendinga- sagna og fræðimenn deila gjarn- an í sínum þrönga hópi um

→ Fullkomin hlutlægni er ekki til. Fólk á þó samt að reyna að hafa það sem sannara reynist, svo vitnað sé í þjóðmenningararfinn.

hugðarefni sem fáir aðrir hafa nokkuð álit á. En söguskoðun getur líka valdið skaða. Nú heyr- ist því stundum fleygt að efna- hagsvanda Íslendinga megi að meira eða minna leyti rekja til útlendinga. Þannig beindi for- sætisráðherra spjótum sínum að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusambandinu. Auðvitað var hann í fullum rétti til þess og ýmislegt má finna að framferði þeirra sem þar ráða ferðinni.

En sögunni hefði alveg mátt fylgja að það voru íslensk stjór- nvöld sem leituðu til þessara stofn- ana á sínum tíma. Það gerðist eftir stórkostlegt hrun á Íslandi. Bank- ar hrundu, gjaldmiðillinn líka og ríkið rambaði á barmi greiðslu- þrots. Hrun var það og hrun skal það heita. Og orsakir ófaranna var einkum að finna hér á landi.

Þá má meðal annars nefna brenglaða söguskoðun og blint sjálfshól. Svokallað efnahagsundur á Íslandi var rakið til meintra yfir- burða Íslendinga í alþjóðaviðskipt- um sem áttu síðan að eiga rætur sínar í arfleifð frjálsra víkinga, landkönnuða og skálda. Fátt var fjær sanni og dramb er falli næst. Sagan sýnir það.

Vitru aparnir þrír

„Raddirnar eru þagnaðar,“ skrifaði Ingimar Einars- son í Fréttablaðið 6. júní síðastliðinn. Sjálf hef ég margoft komist í tæri við lokuð augu og eyru innan heilbrigðiskerfisins svo þetta varð ný opinberun fyrir mig. Við lestur grein- ar hans kom í huga minn myndin af vitru öpunum þremur. Þeir eru kallaðir: Mizaru, sem heldur fyrir augun því hann vill ekki sjá neitt illt (see no evil), Kikazaru, sem heldur fyrir eyrun því hann vill ekki heyra neitt ljótt (hear no evil) og Iwazaru, sem heldur fyrir munninn því hann vill ekki segja neitt ljótt (speak no evil). Stundum er fjórða apanum einnig lýst, Shizaru, með kross- lagðar hendur því hann vill ekki gera neitt illt (do no evil). Viskuna sem dregin er af apamyndinni má túlka á ýmsa vegu og algengasta túlkunin er að vera vel meinandi í hugsun, tali og gjörðum. Í vest- rænum menningarsamfélögum skírskotar spekin til siðferðilegs ábyrgðarleysis, þ.e. fólks sem neit- ar að kannast við það sem er óvið- eigandi, lítur undan þegar óþægi- legir hlutir gerast og verða þar með fávísir (apar).

Snéru við blaðinu
Íslendingar urðu þeirrar gæfu aðnjótandi síðastliðinn vetur þegar þessi víska rann upp fyrir þjóðinni varðandi ofbeldi gegn börnum. Fjöldi barnaníðinga var sviptur skjólínu sem fylgir þögninni og valdniðslan stöðvuð. Margir gerðu sér grein fyrir að þeir höfðu tekið visku apanna of háttíðlega og snéru við blaðinu. Þetta þurfum við að muna svo við sofnum ekki aftur á verðinum.

Sama opinberun þarf að eiga sér stað í heilbrigðiskerfinu því líkur eru á að um 500 manns verði fyrir varanlegu heilsutjóni í kjölfar mis- taka ár hvert. Helmingur þessa hóps lætur lífið og hinn helmingurinn verður fyrir varanlegu tjóni, að ógleymdum hinum 2.000 sem verða fyrir óhappa- atvikum. Já, það bætast 2.500 manns við ár hvert sem þjást vegna þessa, að ógleymdum aðstandend- um. Það vill enginn hafa þetta svona. Nú er beðið eftir niðurstöðu rannsóknar á þessari staðreynd því kerfið neit- ar að trúa þessu. Neitar að trúa því að við séum á sama báti og aðrar þjóðir, neita að trúa að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk sé ekki betra en annarra þjóða. Fyrstu nið- urstöður rannsóknarinnar sem hófst 2010 hafa valdið rannsakendum vonbrigðum því niðurstöður stefna einmitt í þennan raunveruleika. Okkar heilbrigðiskerfi er ekki betra en heilbrigðiskerfi þjóða sem við berum okkur saman við, þrátt fyrir gott starfsfólk.

HEILBRIGÐIS- MÁL



Auðbjörg Reynisdóttir markþjálfari og hjúkrunarfræðingur

er á að um 500 manns verði fyrir varanlegu heilsutjóni í kjölfar mis- taka ár hvert. Helmingur þessa hóps lætur lífið og hinn helmingurinn verður fyrir varanlegu tjóni, að ógleymdum hinum 2.000 sem verða fyrir óhappa- atvikum. Já, það bætast 2.500 manns við ár hvert sem þjást vegna þessa, að ógleymdum aðstandend- um. Það vill enginn hafa þetta svona. Nú er beðið eftir niðurstöðu rannsóknar á þessari staðreynd því kerfið neit- ar að trúa þessu. Neitar að trúa því að við séum á sama báti og aðrar þjóðir, neita að trúa að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk sé ekki betra en annarra þjóða. Fyrstu nið- urstöður rannsóknarinnar sem hófst 2010 hafa valdið rannsakendum vonbrigðum því niðurstöður stefna einmitt í þennan raunveruleika. Okkar heilbrigðiskerfi er ekki betra en heilbrigðiskerfi þjóða sem við berum okkur saman við, þrátt fyrir gott starfsfólk.

Hlusta þarf á sjúklinga
Á dögum Jesú voru það farísear og fræðimenn sem höldu illa að hann gerði gott og læknaði fólk á hvíldardegi. Þeir ákváðu að túlka lögmálið sem heilagan sannleika og höfnuðu öllum undantekningum. Við vitum hvernig sú saga endaði. Kannski eru framkvæmda- stjórnir stofnana og heilbrigðis- yfirvöld í þessum sama ham, trúá apaviskunni sem heilögum sann- leika án undantekninga. Ég myndi halda að það væri þess virði að opna eyru og augu fyrir því sem er að gerast og hlusta á sjúk- lingana þótt þeir séu ekki spreng- lærdir fræðimenn í sama skilningi og margt heilbrigðisstarfsfólk. Samkvæmt áður nefndri grein

→ Það þarf ekki að bíða eftir því að sett verði lög sem heimila heilbrigðis- starfsfólki að hlusta.

Ingimars var það löggjafinn sem þaggaði endanlega niður radd- ir almennings í heilbrigðisþjón- ustunni, þvert á tilmæli Alþjóða- heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) með setningu laga nr. 40/2007.

Það þarf ekki að bíða eftir því að sett verði lög sem heimila heil- brigðisstarfsfólki að hlusta. Það þarf heldur ekki að gera neinar vísindalegar rannsóknir um hvort taka eigi mark á sjúklingum held- ur þarf að einbeita sér að því sem þeir hafa að segja. Almennur og sjúklingar eiga að hafa form- lega aðkomu að þróun og stjórnun heilbrigðisþjónustunnar. Annað er fornaldrlegt og úrelt þróun. Einnig þarf að koma sjónar- miðum sjúklinga að í úrvinnslu atvika/kvartana og tryggja óháða og gagnsæja úrvinnslu slíkra mála. Stjórnendur og embættis- fólk getur haft frumkvæði að því að koma slíku á laggirnar og skapað það rými sem þarf óháð Alþingi. Síðan þarf að tala saman á jákvæðum og uppbyggilegum nótum eins og allir vilja sjá ger- ast. Það er enginn að leita að söku- dólgi heldur þarf að búa til vett- vang til að læra og gera betur. Það er bara spurning hvort heil- brigðisstarfsfólk treysti sjúkling- um til að taka þátt í slíku sam- starfi. Sjúklingar eru neyddir til að treysta heilbrigðisstarfsfólki, þeir hafa ekkert val. Hvert geta þeir farið annað þegar heilsan bilar? Það er komið að því að við treystum almenningi og sjúkling- um til að leggja til mállanna. Þá fyrst verður hægt að tala um heil- brigðiskerfi á heimsmælikvarða.

SKÍVETTA



Vissir þú að...

börn eiga rétt á að leika sér



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

MÚRBÚÐARVERÐ fyrir alla



DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)
7.290



DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
10.995

Frábært verð
á stál- og plast-
þakrennum.
Sjá verðlista á
www.murbudin.is



Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn
og annað tréverk
2.690

Slöngutengjasett
með úðabyssu Q308
695



1 gallon og
5 gallon



1/2" slanga 15 metra
með stút og tengjum
1.690

Black&Decker
háþrýstidæla
110 bar
14.990

1400W, 360 min/lit/klst
Polir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápubox



Slöngusamtengi
125
(mikið úrval tengja)



PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
3.995



CLA-403p
Fjölnota trappa
stigi/pallur 4x3 þrep
15.690
Pallur fylgir

Álstigi 2x12 þrep
3.61-6,1 m
26.990

Plastpottar í úrvali

Undirdiskar fylgja



1.390

1.990

1.390

1.970
110 cm



2.590
H 50 cm

2.790
H 56 cm

845

1.490

495

845
H 33 cm

890 B 60 cm



Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar	Flötum 29	Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

HELGIN



Í lest í húsdýragarðinum

Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt og umhverfisfræðingur

Í dag ætlum við dóttir mín í Húsdýragarðinn. Við förum alltaf í lestarferð og sitjum í bleika vagninum. Síðan fer dóttir mín í pössun til ömmu sinnar þar sem ég er að fara í vinkonuparty og það er aldrei að vita nema maður kíki síðan eitthvað út á lífið.



Allt lokað

Atli Bollason, atvinnubóhem

Ég verð líklegast bara heima alla helgina. Það er búið að loka öllum stöðunum sem mér fannst gaman að fara á.



Sólar sig í Nauthólsvíkinni

Pórunn Antonía Magnúsdóttir, söngkona

Ég er að fara í tvær skírnarveislur og ætla að njóta sumarsins um helgina. Fara í Nauthólsvík í sóla mig, semja tónlist og kannski skreppa út í drykk með vinkonunum.



Hefðbundin helgi

Björn Þór Sigbjörnsson, fyrrverandi rötari

Þetta verður hefðbundin helgi. Fjallganga og sjóund á daginn, hvítvín og humar á kvöldin.



Straumvatnshátíð í Skagafirði

Vatnamenn ríða röftum

Flúðasiglingafyrirtækið Viking Rafting heldur sína fyrstu Jónsmessuhátíð í Skagafirði nú um helgina. Að sögn Dagnýjar Ívarsdóttur hjá Viking Rafting er þetta fyrsta árlega hátíðin á Íslandi sem helguð er straumvatnsafþreyingu, á borð við „rafting“ og kajakróður.

„Þetta er fyrst og fremst til gamans gert og að sjálfsoðu til að vekja athygli á straumvatnsafþreyingu í Skagafirði,“ segir hún.

Hátíðin var sett í gærkvöldi með miðnætursiglingu niður Jökulsá Austari og mun það hafa verið í fyrsta sinn sem farin var miðnætursigling niður ána. Í dag fer hins vegar fram keppni á kajak þar sem íslenskir og erlendir ræðarar spreypa sig.

„Fyrir þá sem hafa áhuga á að horfa á og hvetja verðum við með rútu sem keyrir með fram gljúfrinu.“



Sigtryggur Berg Sigmarsson

Lóðsar gesti um Huglæg landakort

Sigtryggur Berg Sigmarsson myndlistarmaður lóðsar gesti um um sýninguna Huglæg landakort - Mannshvörf á Listasafni Íslands á sunnudag.

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík 2013 og eiga 37 listamenn verk á sýningunni. Sýningin dregur upp mynd af hinni miklu fjölbreytni, sem finna má í nálgun listamanna frá smárikjum Evrópu, þjóðum með innan við milljón íbúa, óháð landfræðilegri legu og stærð lands þeirra. Með blað- og bóklit að vopni takast þessir listamenn á við langa hefð einstæðrar útgáfustarfsemi, sem miðlun skipandi samskipta.

Sigtryggur Berg mun fjalla um verk sitt á sýningunni og segja frá sýningunni í heild og reynslu sinni af þátttöku í verkefninu. Leiðsögnin hefst klukkan 14.

Tunglið vakir yfir okkur

Nýtt bókaforlag, Tunglið, efnir til síns fyrsta Tunglkvölds í Hljómskálanum annað kvöld klukkan 20, á fullu tungli á Jónsmessunótt. Tilefnið er útgáfa tveggja bóka í 69 eintökum sem aðeins fást þar og hvergi annars staðar. Þær eru eftir Ragnar Helga Ólafsson og Kristínu Ómarsdóttur.



SKÁLDIN Kristína Ómarsdóttir og Ragnar Helgi eru höfundar fyrstu bóka Tunglsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnþóra Gunnarsdóttir

gun@frettabladid.is



Tunglið kallar á skáldskap og Tunglið forlag svarar kallinu með útgáfu tunglbóka,“ segir í skáldlegri tilkynningu nýs bókaforlags. Fyrstu skáldverk þess koma út annað kvöld, Eilífar speglanir eftir Kristínu Ómarsdóttur og Bréf frá Bútan eftir Ragnar Helga Ólafsson. Bækurnar eru gefnar út í 69 eintökum hvor og kosta 2.500 krónur en fást báðar saman á 4.500 og enginn posi er á staðnum. Boðið er upp á upplestur og léttar veitingar.

„Hugmyndin er að gefa út bækur á svölítið annan hátt en venjulega og ólíkar öðrum bæði að formi og innihaldi. Þetta eru bækur eins og okkur langar að lesa, hæfilega langar, af óræðri gerð sem eru í senn einlæggar og alvöruláusar. Ein af ástæðum þess að við tengjum þær við tunglið er að við sjáum fyrir okkur að stærð þeirra sé að nokkru leyti í sömu hlutföllum og tunglið er við jörðina,“ segir Ragnar Helgi sem hefur tvo hatta í þessu verkefni, annars vegar sem útgefandi, ásamt Árna Þór Árnasyni og Degi Hjartarsyni, og hins vegar sem höfundur verks. „Við erum þarna með flotta bók eftir Kristínu Ómarsdóttur og svo mína,“ segir hann. „Bók Kristínar liggur á einhverjum mörkum og ætli mín sé ekki á milli formanna líka. Samt eru þær ólíkar og gefa til kynna breiddina sem við viljum hafa á þessum útgáfulist.“

Ragnar Helgi er myndlistarmaður. Skyldi hann skreyta sína bók? „Ekki í hefðbundnum skilningi,“ segir hann. „Hún inni-

„Hugmyndin er að gefa út bækur á svölítið annan hátt en venjulega og ólíkar öðrum bæði að formi og innihaldi. Þetta eru bækur eins og okkur langar að lesa, hæfilega langar, af óræðri gerð sem eru í senn einlæggar og alvöruláusar.“

heldur samt myndræn element. Maður situr alltaf uppi með sjálfan sig.“ En var hann í Bútan? „Nei – ja jú – í huganum. Þurfti ekki að fara í sprautur eða neitt. En það getur samt verið stórhættulegt að ferðast í huganum, kannski enn hættulegra en í alvörnum.“ Á endanum eru þetta samt ekkert svo ólíkar leiðir til að sjá heiminn.“

Með útgáfunni annað kvöld er sleginn upptaktur að ritröð Tunglsins því á næstu mánuðum má búast við tveimur nýjum bókum á hverju fullu tungli. „Við sjáum bara til hvenær við byrjum að mæðast,“ segir Ragnar Helgi. Hann tekur fram að einungis sé hægt að nálgast verk Tunglsins á Tunglkvöldunum og hvetur bókshneigða Íslendinga til að mæta stundvíslega vilji þeir verða sér úti um eintök.

Í fréttatilkynningunni frumlegu segir: „Tunglkvöld er ekki útgáfuhóf heldur óræður viðburður sem gleymir viljandi að virða mörkin milli listasviða sem og skilin milli lífsins og skáldskaparinnar – jarðarinnar og fylgihnatta.“

Þegar Ragnari Helga er bent á að lítið beri á tunglinu á þessum bjarta árstíma svarar hann skáldlega. „Já, stundum vill himininn yfirskyggja tunglið en það er alltaf þarna. Það vakir yfir okkur. Hið föla skin tunglsins hlífir engum.“

Reynsluboltar á Pólar Festival á Stöðvarfirði

Dóri DNA og Tyrtingur Tyrfingsson kenna senukrif fyrir leikhús á listahátíð fyrir austan í júlí.

„Við ætlum að reyna að undirstrika galdrana sem verða þegar gengið er frá borðinu og út á gólf,“ segir Halldór Halldórsson, öllu þekktari sem Dóri DNA. Dóri verður með námskeið á listahátíðinni Pólar Festival sem fram fer á Stöðvarfirði dagana 12.-14. júlí, ásamt Tyrfingi Tyrfingssyni.

„Við munum leiðbeina fólki áfram í senukrifum fyrir leikhús. Það eru margir sem hafa hæfileikana og hafa vel það sem til þarf en það er svo margt teknískt við þetta allt saman, til dæmis hvernig koma á texta í leikbætt form,“ segir Dóri.

Þeir Tyrfingur lærðu við náms-

brautina Fræði og framkvæmd í Listaháskóla Íslands.

„Við vorum miklir mátar í skólanum og deildum sýn og skoðunum á leikhúsi. Síðan þá hefur Tyrfingur verið að koma sér áfram sem höfundur og ég hef verið að vinna sem aðstoðarleikstjóri.“

Dóri segir þá félagana spennta fyrir helginni. „Það er alltaf gaman að koma út á land og finna nýjan kraft. Við vonum bara að sem flestir komi og verði með.“

- ka

SPENNTUR FYRIR HELGINNI Dóri DNA mun kenna senukrif fyrir leikhús á Pólar Festival ásamt Tyrfingi Tyrfingssyni.



Veði LAGERINN outlet

MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELÐRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS

2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI

VEIÐIVESTI

FRÁ
1.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ
299,-

ÓDÝRT!



SPÚNAR

Frábært úrval.



ÓDÝRT!

BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ
14.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



AÐEINS
12.995,-

ÓDÝRT!

DAM TASLAN VÖÐLUR



AÐEINS
16.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR



VERÐ FRÁ
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUHJÓL

Gott úrval.

AÐEINS FRÁ
9.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR

20% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ



VEIÐISTANGASETT

Mikið úrval. 20% afsláttur.

VERÐ FRÁ
1.995,-

ÓDÝRT!



VEIÐITÖSKUR

- á góðu verði

VERÐ FRÁ
2.995,-

LÆKKAÐ VERÐ



KASTHJÓL

- í miklu úrvali.

AÐEINS
9.995,-

ÓDÝRT!

RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR



VERÐ FRÁ
8.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

VÖÐLUSKÓR

Ýmsar gerðir.



ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR

30 TIL 50% AFSLÁTTUR

LÆKKAÐ VERÐ

AÐEINS
3.895,-

ÓDÝRT!



VEIÐIKASSAR

Bleikir, bláir og grænir.

FRÁ
4.995,-

LÆKKAÐ VERÐ

KASTSTANGIR


Mikið úrval!

LÆKKAÐ VERÐ



FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI

Mikið úrval!



FRÁBÆRT VERÐ
895,-

ÓDÝRT!



LETINGJAR

KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

SJÁÐU TILBOÐIN Á



ALPJÓÐLEGUR DAGUR FÓLKS MEÐ SAMPÆTTA SJÓN- OG HEYRNARSKERÐINGU 27. JÚNÍ

MISMUNANDI SAMSKIPTALEIÐIR

Samskiptaleiðir daufblinds fólks eru ótrúlega fjölbreyttar. Sumir nota aðeins eina aðferð en aðrir nota fleiri. Mjög mikilvægt er að finna réttu leiðina fyrir daufblindan einstakling og leyfa viðkomandi að prófa sig áfram.

Íslenskt táknmál

Táknmál er móðurmál heyrnarlausra. Það er sjálfstætt og hefur eigin málfræði.

Hluttákn

Gjarnan notað fyrir þá sem hvorki sjá né heyra nokkuð. Mælandinn notar hluti og leyfir hlustandanum að snerta þá.

Snertitáknmál

Mælandinn notar táknmál en daufblindi hlustandinn leggur hendurnar ofan á hendur mælandans og finnur þannig fyrir táknunum.

Haptískt táknmál

Sérstakt kerfi þar sem mælandinn gerir tákn á líkama hlustandans, til dæmis klappar hann á upphandlegg til að sýna að hann hlær.

Stafað í lófa eða aðra líkamshluta

Mælandinn stafar íslenska stafi í lófa eða á aðra líkamshluta hlustandans.

Tölmöskvar fyrir heyrnarskerta

Hægt er að tengja tæki sem magnar upp hljóð við heyrnartæki.

Tölvusamskipti

Skrifað er á tölvu með hæfilega stóru lettri svo daufblindi einstaklingurinn geti lesið á skjáinn.

Daufblindir eru ekki geimverur

Systurnar **Snædís Rán** og **Áslaug Ýr Hjartardætur** eru báðar með sjaldgæfan taugahrönnunarsjúkdóm sem kallast BVVL-heilkenni. Sjúkdómurinn veldur því að þær hafa báðar misst sjón, heyrn og jafnvægisskyn og þurfa að vera í hjólastólum. Þær láta það þó ekki stjórna lífi sínu, eru báðar í fullu námi í MH og dreymir stóra drauma um framtíðina.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Systurnar vinna báðar í Blindraheimilinu við Hamrahlöð í sumar og þar hitti ég þær ásamt túlkum þeirra, aðstoðarmönnum og fleira fólki. Þrátt fyrir að þurfa að fara í gegnum túlkana gengur samtalið greitt fyrir sig og þær Snædís og Áslaug liggja ekkert á skoðunum sínum. Hláturinn er líka alltaf skammt undan og þær beinlínis ljóma þegar þær segja frá hugðarefnum sínum.

Þær systur voru báðar heilbrigðar til fimm ára aldurs en þá fór að bera á sjúkdómseinkennum sem smám saman leiddu til blindu, heyrnarleysis og hreyfihömlunar. Það hefur auðvitað markað allt líf þeirra en hvað hefur verið erfiðast við sjúkdóminn?

Áslaug: „Þetta er góð spurning. Ég hugsa að það erfiðasta hafi verið að læra að lifa með honum. Ég lenti í ýmsum hindrunum og fann lausir en þegar ég var í unglingsárinum í Hlíðaskóla fóru hormónarnir alveg með mig og af og til átti ég bágt. Svo reif ég mig upp og sagði við sjálfa mig að hætta þessu væli og líta á björtu hlíðarnar. Sjúkdómurinn hafði áhrif á andlegt ástand mitt en ég ákvað að láta það ekki halda áfram.“

Snædís: „Erfitt að segja, ég held nú samt að það erfiðasta hafi verið að geta ekki talað beint við æskuvinina sem eru flestir heyrnarlausir, en ég get ekki talað táknmál. Að hluta til er það þess vegna sem mér þykja hendurnar mikilvægastar.“

Hver eru áhugamál ykkar?

Snædís: „Þau eru mörg. Matreiðsla, íslenska – bókstaflega allt við hana nema framburður – garðyrkja og ýmslegt fleira. Stundum hefur verið sagt að ég sé með árátta, ég ákveð kannski að ég hafi áhuga á einhverju og hætti ekki að hugsa um það fyrir en ég held að ég hafi lesið allt um það. Skipti síðan um áhugamál og held þessu áfram með það.“

Áslaug: „Ýmslegt. Ég elska góðar bækur, helst unglinga- og ævintýrasögur og vísindaskáldskap. Ég safna líka DVD-myndum og á meira en 100 myndir. Ég elska að ferðast um heiminn. Svo er ég tölvunörd.“

Stundum skildar út undan

Hafið þið orðið fyrir einelti vegna sjúkdómsins?

Áslaug: „Nei, ekki ég. Af og til hef ég upplifað það að vera út undan en ég segi alltaf við sjálfa mig að það sé ég sjálf sem hafi komið mér í þá stöðu. Ég þarf bara að gera eitthvað til að vera með í stað þess að sitja hjá.“

Snædís: „EKKI í bókstaflegri merkingu en hins vegar höfum við báðar stundum verið skildar út undan af því að einhverjir – oftast fullorðnir – halda að við getum ekki gert eitthvað. Mér finnst

skrítið að einhverjum skuli detta í hug að bjóða mér með hópnum bara til þess að segja mér svo að ég megi ekki vera með. Til dæmis kom tvisvar sinnum fyrir að við systurnar fórum með krökkunum á Íshesta en fólk hjá fyrirtækinu treysti sér ekki til að taka ábyrgð á jafnvægisskortinum, hélt kannski að það væri stórhættulegt að leyfa okkur á bak, en það bauð okkur samt að feta í hringi í hestagerðinu á meðan hópurinn fór í reiðtúr. Í annað skiptið sem þetta gerðist varð ég svo ofboðlega reið og sár að ég þverneitaði að fara á hestbak.“

Snædís varð líka fyrir því á unglingsárunum í Hlíðaskóla að fá ekki að sitja inni í bekk heldur vera höfð í sérherbergi með sínum aðstoðarmanni. Það sat lengi í henni en hún hristi það af sér og segist virkilega njóta þess að vera í MH.

Péturs Pan-heilkennið

Áslaug segir að hlutirnir hafi verið auðveldari fyrir sig því Snædís hafi verið búin að ryðja brautina og þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, eins og til dæmis slæmt aðgengi fyrir fatlaða að Háskóla Íslands, eru þær báðar harðakveðnar í að fara í framhaldsnám. Snædís segist reyndar helst vilja vera alltaf í skóla, hún sé haldin því sem kallað hafi verið Péturs Pan-heilkennið: „Ármann Jakobsson skrifaði skemmtilega grein á Smuguna um þetta heilkenni. Hann sagði að helst hefði hann viljað skrifa heila bók um þetta efni en lýsti því svo yfir að hann skorti bæði tíma og vitsmuni til þess. Þetta heilkenni einkennist af mikilli námsgleði og eilífri skólagöngu. Nemendur með þetta heilkenni eru venjulega best lesnir og stundum klárari en sjálfur kennarinn. Ætli ég sé ekki með þetta?“

Mig langar til að fara í háskóla og læra íslensku; bókmenntir, málfræði, þýðingarfræði og allt sem ég finn. Mig langar líka til að ferðast um heiminn og gera eitthvað gagn en námið hefur algjöran forgang fyrst um sinn.“

Áslaug: „Ég stefni á nám í viðskiptafræði eftir stúdéntinn. Svo langar mig að klára mastersgráðu í háskóla í Bandaríkjunum sem heitir Gallaudet University og er í Washington. Þetta er háskóli fyrir heyrnarlausu og daufblinda og mér finnst það mjög spennandi. Eftir það stefni ég að því að verða hótélstjóri og byggja hótél með algilda hönnun í huga, þ.e. aðgengi fyrir alla og toppþjónustu. Þegar ég lýk námi hef ég hugsað mér að feta mig rólega út á viðskiptabrautina og sjá til hvað ég get gert til að ná markmiði mínu. Ég hef nefnilega ekki hugmynd um hvernig aðstæður verða eftir tíu ár.“

Þú gafst út bók fyrir tveimur árum, langar þig ekkert að verða rithöfundur? „Já, ég gaf út bókina Undur og örlög árið 2011. En ég vil ekki bara vera rithöfundur, ég get alveg gert það líka, en það er ekki nóg. Hótélstjórinn er draumastarfið.“



SYSTURNAR Áslaug segir hlutina hafa verið auðveldari fyrir sig því Snædís hafi rutt brautina.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Með vit og tilfinningar

Þær systur hafa líka mjög gaman að því að ferðast og seinna í sumar eru þær á leið í sumarþúfir fyrir daufblinda unglinga alls staðar af Norðurlöndunum í Finnlandi. Þær hlakka mikið til, ekki sist eftir að þær fengu leyfi fyrir notendastýrðri persónulegri aðstoð og gátu ráðið til sín aðstoðarmann á eigin forsendum. Aðstoðarmennirnir þýða að foreldrar þeirra þurfa ekki að fara með í sumarþúfirnar, sem þeim eins og öðrum unglingum finnst auðvitað stór kostur. Hver vill hafa pabba og mömmu með sér í sumarþúfirir? Þær eru líka hjartanlega sammála um það að þær séu ánægðar með að vera uppi á tölvuvæddum tímum þar sem þær geti aðstoðarlaut haft samskipti við vini sína á samskiptamiðlum og í tölvupóstum. Það sé raunar í einu skiptin sem þær geti tjáð sig hjálparlaust.

En hvað finnst þeim mikilvægast að fólk hafi í huga í samskiptum við daufblinda einstaklinga?

Snædís: „Það mikilvægasta er kannski að sýna þolinmæði og skilning, enda verður oft misskilningur þegar átt er í samskiptum við daufblinda. Annað sem fólk þarf að hafa í huga er að tjáskipta-aðferðir eins einstaklings eru ekki

endilega þær sömu og einhvers annars. Svo er það færnin til að finna úrræðin og skilningur á því að það þýðir ekkert að vera feimin við að prófa nýjar leiðir.“

Áslaug: „Það er mikilvægast að fólk hugsi út í það að daufblindir eru einstaklingar með vit og tilfinningar. Daufblint fólk er ekki geimverur!“


Hvað er BVVL-heilkenni?

Áslaug Ýr: „BVVL-heilkenni er taugahrönnunarsjúkdómur sem lýsir sér þannig að líkaminn tekur ekki við B2-vítamíni. Smám saman fer líkaminn að hraka en það er þó misjafnt hversu hratt það gerist og hvenær einkennin koma fram. Hjá sumum byrjar þetta strax í bernsku en hjá öðrum koma einkennin ekki fram fyrr en á fullorðinsárum. Það kemur fyrir að líkamanum hættri að hraka einn daginn en hjá öðrum gerist það ekki.“

Það var Charles Brown sem fyrstur greindi sjúkdóminn árið 1894 og fyrstu hundrað árin eftir það voru einungis skráð 59 tilfelli í heiminum öllum. Tilfellum hefur þó farið fjölgandi á síðustu árum og er það að hluta til skýrt með öflugri rannsóknartækni og markvissari greiningu.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS




**300 KRÓNA VERÐLÆKKUN
10 TONN Á ÞESSU VERÐI**

VERÐ ÁÐUR 995 KR.KG

695 KR. kg

FROSNIR ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR

**ES FROSNAR
Kjúklingabringur**



1579 KR. 900g



198 KR. 1.5 ltr



1198 KR. KG

BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR

259 KR 770gr

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 gr



2298 KR. kg

GRILL LAMBALÆRIS-SNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI

**KS FROSIÐ
Lambalæri í sneiðum**



1598 KR. kg

ÍSLANDSNAUT HAMBORGARAVEISLA ÍSLANDSNAUT HAMBORGARAVEISLA ÍSLANDSNAUT HAMBORGARAVEISLA



100% UNGNAUTA-KJÖT

4 x 80 gr MEÐ BRAUÐI

798 KR.



HAMBORGARINN ÞINN FRÁÞÆRAR UPPSKRIFTIR

www.islandsnaut.is



100% ÍSLENSKIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR

TVEIR 140 GR

2 x 140 gr (EKKI BRAUÐ)

459 KR.



10 x 100 gr FROSNIR

1598 KR.

300 KR. VERÐLÆKKUN



1298 KR. kg

OS SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG



79 KR. 33cl

79 KR. 33cl

79 KR. 33cl



89 KR. 53gr



579 KR. 3 kassar



GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS

**AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00**

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00**



FRÍÐGEIR JÓHANNESSON Missti sjón og mikið af heyrn í vinnuslysi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Purfti að læra nánast allt upp á nýtt

Friðgeir Jóhannesson hefur verið blindur og með skerta heyrn í fimmtán ár eftir vinnuslysi. Hann lætur það þó ekki stoppa sig og segist gera nánast allt sem hann langar til.

Friðgeir missti sjónina og stóran hluta af heyrninni í vinnuslysi við byggingu Smáralindar árið 1998, þá 52 ára gamall. Hann segir slysið hafa verið mikið áfall, ekki bara fyrir hann heldur alla fjölskylduna. „Ég á konu, tvö börn og tíu barnabörn og slysið og afleiðingar þess hafa haft mikil áhrif á líf okkar allra. Það breyttist allt. Ég þurfti að læra nánast allt upp á nýtt. Ég er samt mjög sjálfbjarga og geri flest sem mig langar til. Ég er með blindrahund sem ég þjálfaði sjálfur en ég hef aldrei haft aðstoðarmann, hef ekki sóst eftir því, fjölskyldan hefur alfarið séð um að aðstoða mig. Mér hefur fundist að ég þyrfti ekki aðstoðarmanni að halda en það er auðvitað mesti mis-skilningur, ef maður er að fara eitthvert eða gera eitthvað nýtt þarf maður aðstoð og kannski ekki hægt að ætlast til þess að fjölskyldu meðlimir hafi alltaf tíma þegar manni hentar. Það má eiginlega segja að þau séu í vinnu hjá mér á köflum við aðstoðina, eins og er reyndar mjög algengt í fjölskyldum fatlaðra.“

Friðgeir er mjög virkur í félagsmálum, er í stjórn Fjólu, var í stjórn Blindrafélagsins og í haust verður hann forseti næststærsta Kiwanis-klúbbs á Íslandi. Hann segir tölvuna algjörlega ómissandi í öllu félagsmálavafstrinu, en áður en hann slasaðist hafði hann varla kveikt á tölvu. „Ég kunni ekki neitt en Arnþór Helgason tók mig strax í kennslu og það var sko ekkert elsku mamma, ég varð bara að standa mig. Fyrir það er ég óumræðilega þakklátur, það hefur algjörlega breytt öllum samskipta-leiðum.“

Friðgeir segir blinduna þó ekki vera það sem íþyngir honum mest, hann eigi mun erfiðara með að sætta sig við heyrnarskerðinguna. En er hann búinn að sætta sig við afleiðingar slyssins? „Maður sættir sig aldrei við þær, nei. En maður lærir að lifa með þessu og gerir það besta úr hlutunum. Aðalatriðið er að einangra sig ekki heldur halda áfram að taka þátt í lífinu eins og áður, það gerir enginn fyrir mann.“

„Ég kunni ekki neitt en Arnþór Helgason tók mig strax í kennslu og það var sko ekkert elsku mamma, ég varð bara að standa mig.“



BRAUTRYÐJANDINN HELEN KELLER

- Helen Keller kom í heimsókn til Íslands árið 1957 til að styðja og hvetja blinda og mállausa. Hún var sjálf bæði blind og heyrnarlaus og varð fræg fyrir réttindabaráttu sína.
- Hún fæddist 27. júní árið 1880 í Alabama í Bandaríkjunum. Þegar hún var einungis 19 mánaða gömul veiktist hún hastarlega og í kjölfarið varð hún daufblind, það er bæði blind og heyrnarlaus.
- Keller fékk kennara árið 1887. Kona að nafni Anne Sullivan tók það verkefni að sér en hún hafði sjálf skerta sjón. Sullivan var Keller til aðstoðar næstu 49 árin, allt þar til Sullivan lést árið 1936.
- Keller varð síðar fyrsti daufblindi einstaklingurinn til að útskrifast með B.A.-gráðu.
- Hún barðist meðal annars fyrir réttindum fatlaðra, ekki síst blindra.
- Kosningaréttur kvenna var Keller einnig hugleikinn, auk þess sem hún var mikill friðarsinni. Hún var meðlimur Sósíalístaflokksins bandaríska. Með baráttu sinni tókst henni að fá fatlaða lausa af hælum og fengu þeir þannig réttláta meðferð eins og aðrir borgarar.
- Keller lést 1. júní 1968, 87 ára gömul. Hún hlaut fjölmargar viðurkenningar fyrir mannréttindabaráttu sína, meðal annars Presidential Medal of Freedom. Þegar Gallup gerði könnun á því meðal bandarísks almennings hvaða persónu 20. aldarinnar fólk mæti mest varð Helen Keller í 5. sæti.

Síðustu dagar lagersölunnar!

Frábært verð á úrvals Guess og Calvin Klein kvenfatnaði!



Lagersalan Faxafeni 12
(Áður Pílu Gluggatjöld)

Fjóla skipuleggur dagskrá alþjóðlegs dags fólks með sampætta sjón- og heyrnarskerðingu

Fjóla-félag fólks með sampætta sjón- og heyrnarskerðingu, áður Daufblindrafélag Íslands, var stofnað 15. mars 1994 og eru félagsmenn og styrktarfélagar nú um 50 talsins. Tilgangur félagsins er að vinna að hvers kyns hagsmunum og menningarmálum daufblindra. Gerður er greinarmunur á daufblindfæddum, síðdaufblindum og þeim sem verða daufblindir á gamals aldri, en sá hópur fer ört vaxandi.

„Ég held að þetta sé minnsta hagsmunafélag á landinu,“ segir Guðný Katrín Einarsdóttir, ráðgjafi hjá félaginu. „Aðalverkefni okkar núna í tengslum við alþjóðlegan baráttudag fólks með sampætta



SØREN HOLMGREN

sjón- og heyrnarskerðingu þann 27. júní er að gera daufblinda sýnilegri í samfélaginu og vekja athygli á málstað þeirra.“

Dagurinn verður nú haldinn hátíðlegur í þriðja sinn hér á landi með samkomu á vegum Fjólu. „Dagskráin verður í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17 og hefst klukkan 16 með dagskráratíðum sem félagsmenn í Fjólu, félagi fólks með sampætta sjón- og heyrnarskerðingu hafa veg og vanda að. Þá tekur fyrirlesarinn Søren Holmgren við með einn af sínum stórskemmtilegu fyrirlesturum,“ útskýrir Guðný.

Søren Holmgren er tvöfaldur Ólympíugullhafi í markbolta og hefur mikla reynslu úr keppnisíþróttum,

þar sem hann bæði sem einstaklingur og hluti af liði hefur náð markmiðum sínum. Hann er menntaður tölvunarfræðingur og hefur unnið við hugbúnaðarþróun, menntunarmál, stjórnun og við sölustörf.

„Ástæða þess árangurs sem Søren hefur náð er sú ákvörðun hans á unglingsárum að láta ekkert hindra sig eða stöðva við það á því meðal og láta drauma sína rætast. Grunnhugsun hans er að allt er mögulegt. Auk þess að vera vinsæll fyrirlesari og rithöfundur er hann virkur leiðbeinandi í jafningjafræðslu til dæmis með blindum börnum,“ heldur Guðný áfram. „Hann er einn vinsælasti hvatafyrirlesari heims og við hvetjum alla til að koma í Blindraheimilið þann 27. og hlusta á hann.“

Hvað er daufblinda?

Samkvæmt norrænni skilgreiningu á daufblindu kallast sá einstaklingur daufblindur sem er með verulega mikla skerðingu á bæði sjón og heyrn. Þá er um að ræða það mikla samsetta sjón- og heyrnarskerðingu að hún veldur verulegum vanda í daglegu lífi. Sumir eru alveg blindir og alveg heyrnarlausir en flestir hafa heyrnar- og/eða sjónleifar. Samsetning fötlunarinnar gerir það þó að verkum að möguleikarnir á að nýta leifarnar minnka.

Daufblinda er alvarleg fötlun sem hefur veruleg áhrif á samskipti og aðgang að fréttum og öðrum upplýsingum, ásamt því að komast á milli staða af eigin rammeik.

Að eiga samskipti er kjarninn í mannlegu eðli og starfi og ef hæfileikinn til að geta það minnkar eða hverfur eykst um leið hætta á að missa sjálfræðið, þ.e. það að skapa sér sitt eigið líf á sínum eigin forsendum bæði með tilliti til lífstíls og atvinnu.

Heimild: shh.is





GRILLPREENNA Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað tetta



1698
kr./pk.

SNÖGGI GRILLARINN



2298
kr./kg

STEIKARGRILLARINN



2598
kr./kg

FLOTTI GRILLARINN

15%
afsláttur

1953 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
IM kjúklingabringur

25%
afsláttur

699 kr. kg

Verð áður ~~949~~ kr. kg
Holta kjúklingaleggir í texaskryddlegi

20%
afsláttur

659 kr. kg

Verð áður ~~829~~ kr. kg
IM kjúklingaleggir

15%
afsláttur

398 kr. pk.

Verð áður ~~485~~ kr. pk.
Ungnautahamborgarar,
2 x 120 g

2
lítrar



99 kr. stk.

Toppur hreinn, 2l



59 kr. stk.

Kronu appelsín, 33 cl dósir

22
í pk.



299 kr. pk.

Prins Póló minikex, 22 stk. í pk.



298 kr. pk.

Toffifee, 125 g



Gjafakort Krónunnar fæst
á www.kronan.is

VINSÆLIR FYLGIHLUTIR

Vinsældir íslensku ullarinnar hafa aukist mikið á síðustu árum og er það ekki síst vegna tilkomu merkja á borð við Farmers Market, Varmá og Geysi. Litríkir ullarsokkar, húfur og fallegar þrjónapeysur eiga bæði heima innan og utan borgarmarkana.

Gúmmitúttarnar og bakpokinn eru ómissandi í útileguna. Sænska merkið Fjällräven hefur gjarna verið tengt við fjallaferðir en eru vinsælar skólátöskur fyrir unga jafnt og aldna í dag.




Farmers Market



Gúmmitúttur



Litríkir lopasokkar



Farmers Market

Tískuvikan í
Milano, herratíska

Tískan á tjaldstæðinu

Nú er sá tími þegar borgarbúar stíga út fyrir bæjarmörkin en undanfarin ár hefur útivistarfatnaður verið að tengja sig meira við tískuheiminn enda vill enginn vera eins og útilegumaður í útilegunni. Gúmmitúttarnar, lopasokkarnir og bakpokarnir eru vinsæl í fataskápum landans.

Álfrún
Pálsdóttir

alfrun@frettabladid.is



Það er ekki hægt að segja annað en að útivist sé komin í tísku hjá landanum. Lopapeysurnar, anórakkarnir, vaxjakkarnir, bakpokarnir og jafnvel gúmmitúttarnar eru komin inn á tískuradarinn með fallegum lopasokkum. Það er ekki lengur hægt að klæðast hverju sem er í útilegunni og framleiðendur útivistarfatnaðar eru farnir að færa sig nær tískuheiminum á undanföllum árum. Sömuleiðis hafa fatamerki verið að hanna línur innblásnar af útivistarfatnaði.

Með tilkomu verslana eins og Geysis og Herrafataverslunar Kormáks og Skjaldar eru hinir klassísku vaxjakkar vinsælir meðal beggja kynja en þangað til fyrir nokkrum árum mátti helst tengja þá við hestamennsku og veiði. Merki á borð við Varmá og Farmers Market hafa skotið íslensku ullinni ofarlega á tískubauginn og fallið vel í kramið hjá íslenskum sem og erlendum viðskiptavinum. Lopapeysumynstrið hefur einnig dúkkað upp á erlendum tískupöllum við góðar undirtektir. Gúmmitúttvélin hafa fengið uppreisn æru með tilkomu merkja eins og Hunter, Viking og Ilse Jakobsen. Sjálfur fatahönnuðurinn Marc Jacobs er farinn að gera þau hluta af línunni sinni, sem segir manni að það þyki ekki lengur þúkó að dröslast um á gúmmitúttvélinum.



Geysir lopaslá

Íslendingar tiskumeðvitaðir

Helstu framleiðendur útivistarfatnaðar hér á landi, 66° Norður og Cintamani, hafa bæði kveikt á þessari þróun. Nú í vor frumsýndi 66° Norður samstarf sitt við fatahönnuðinn Munda á Reykjavík Fashion Festival en það kemur í verslanir með haustinu. Rún Gunnarsdóttir, yfirhönnuður hjá Cintamani, er sammála þessari þróun og segir Íslendinga vera með mikla tiskuvitund en þurfa einnig að verja sig gegn kulda, vætu og vindi í leiðinni.

„Við tölum um „functional fashion“ og stór hluti af línunni okkar tilheyrir þeim flokki. Þetta er fatnaður sem veitir góða vörn gegn náttúruöflunum en er jafnframt klæðilegur og flottur. Margir þekktir hönnuðir úti í heimi hafa sótt innblástur til útivistarfatnaðar upp á síðkastið, eins til dæmis Issey Miyake í herralínunni fyrir vetur 2013,“ segir Rún og bætir við að útlendingar séu mjög hrifnir af litadýrðinni í útivistarfatnaðinum.



ISABEL MARANT



Litadýrðin í Cintamani fellur vel í kramið hjá útlendingum.



Barbour-vaxjakkarnir eru vinsælir hjá bæði konum og körlum.

Nýr peysukjöll frá Farmers Market.

ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.

Vnr. 0058224
22x95 mm **165** kr./lm*

Vnr. 0058274
27x95 mm **185** kr./lm*

Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.

Vnr. 0058254
22x95 mm **185** kr./lm*

Vnr. 0058324
27x95 mm **205** kr./lm*

Vnr. 0058325
27x120 mm **210** kr./lm*

Vnr. 0058504
45x95 mm **279** kr./lm*

Vnr. 0058506
45x145 mm **489** kr./lm*

*Verð frá, mismunandi eftir lengdareiningum.



BYKO mælir eindregið með að nota A4 ryðfríar tréskrúfur í palla til að tryggja endingu.



LEITADU RÁÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM

Sími 515 4100 • timbur@byko.is

Vnr. 0251653
Hólkur úr endurunnu plasti, 220 mm, 0,7 m.

990 kr.



VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



facebook.com/BYKO.is

Vnr. 0251655
Blikkhólkar,
200 mm, 0,75 m.

1.190 kr.

Vnr. 0251658
Blikkhólkar,
315 mm, 0,75 m.

1.690 kr.

Vnr. 0291820
Barnahús,
2,56 m², 19 mm.



KLÚBB verð frá
89.900 kr.
Almennt verð frá 99.990 kr.



STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA

eða 8.094 á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaus kortalán, alls 97.127 kr.
0% vextir / 3,5% lántökugjald / 340 kr. á hverja greiðslu



VAXTALAUS LÁN
TIL 12 MÁNAÐA

3,5% lántökugjald og
340 kr. greiðslugjald á hverja borgun.

Sjá nánar á www.byko.is



Vnr. 0291700
Sorpgeymsla, tvöföld,
gagnvarin.

49.900 kr.



Vnr. 0291716
EMMA blómapottur,
40x40x35 cm.

4.690 kr.



Vnr. 0291710
DARIA blómapottur,
60x45x40 cm.

9.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öla myndabrotti. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

Litlir kaupmenn sem hugsa stórt

Verslunarrekstur á litlum stöðum á landsbyggðinni er fremur í ætt við göfuga starfsemi en gróðabrall. Bráðnauðsynlegur er hann því allir þurfa að borða. Fréttablaðið heilsaði upp á kaupmenn í fámennum plássum á norðausturhorni landsins.



VERSLUNIN URÐ Hér er opið frá 10.30 til 18 yfir sumarið og frá 13 til 15 á laugardögum en lokað á sunnudögum.



ÁGÚST JÓNSSON „Þetta er minnst heimsóttá pláss á landinu en alltaf eykst samt verslunin aðeins á sumrin,“ segir kaupmaðurinn.

Ekkert í röð og reglu hér

Gunnþóra Gunnarsdóttir
blaðamaður | gun@frettabladid.is
Pjetur Sigurðsson
ljósmyndari | pjetur@frettabladid.is

ARaufarhöfn er verslunin Urð fastur punktur í tilveru bæjarbúa. Guðrún Rannveig Björnsdóttir hefur rekið hana í rúm átján ár og auk matvöru selur hún leikföng, gjafavörur, ritföng og prjónagarn, þó aðallega lopa. Líka raftæki. „Ég er með raftæki frá Ormsson, sem borgar flutningskostnaðinn svo þau eru á sama verði hér og í Reykjavík. Sama á við um nauðsynjavöruna. Birgjarnir taka yfirleitt á sig flutningskostnaðinn en þá fæ ég bara minni afslátt fyrir vikið,“ segir hún. Guðrún er frá Raufarhöfn og hefur sinnt verslunarstörfum frá fermingu. „Afi minn rak bókaútdrátt Hólmsteins Helgasonar og ég byrjaði að afgreiða fyrir hann þegar ég var 14 ára. Svo var ég með búð í herbergi niðri hjá mömmu og pabba og þegar ég byggði var ég með vídeóleigu, gjafavörur, leikföng og meira að segja fatnað á tímabili í bílskúrnum.“

Fólki hefur fækkað á Raufarhöfn í áranna rás og þegar Guðrún er spurð um íbúafjöldann segir hún: „Ég vil nú helst ekki tala um hann. Hann er alveg kominn niður fyrir 200, sko. Eiginlega niður fyrir þölmörk.“

En nú er sumar á Raufarhöfn, miðnætursólin í algleymingi og Guðrún segir óðum að lifna yfir bænum. „Það er töluvert renneri hingað,“ segir hún. „Heimskautsgerðið hefur mikið aðdráttar-



GUÐRÚN RANNVEIG Hún er Verslunarmaðurinn á Raufarhöfn og umboðsmaður fyrir N1, þannig að ef eitthvað bílar á bensínstöðinni handa götunnar þarf hún að endur-ræsa græjurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

afl og svo er hér lítið kaffihús skáhallt á móti búðinni minni.“

Verslunin Urð er í gömlu húsi sem byggt var á síldarárnum og þar eru ýmis skot með aðskiljanlegasta varningi. „Fólk fer hér hring eftir hring og finnur alltaf eitthvað sem þá vissi ekki um,“ segir Guðrún hlæjandi og bætir við: „Aðkomufólki finnst ægilega gaman að koma hingað. Ég er óskipulagðasta manneskja í heimi og það er ekkert í röð og reglu hér heldur allt voða frjálst.“

- gun

Þetta er sko moll!

I670 verslun á Kópaskeri stendur Ágúst Jónsson kaupmaður vaktina. Hann er fyrst spurður hvaða hugsun sé á bak við heiti búðarinnar, 670 verslun. „Þetta er bara pósnúmerið okkar,“ segir hann glæðlega.

Ágúst upplýsir að íbúar á Kópaskeri séu milli 100 og 120 en nú hilli undir að þeim fjölgi eitthvað. „Það er að koma nýtt fyrirtæki á staðinn, niðursuðuverksmiðja JS Seafood. Ég held að hún taki til starfa í ágúst af fullum krafti. Þar verður aðallega unnið með þorsklifur en jafnvel eitthvað fleira.“

Ferðamenn segir Ágúst fremur sjaldséða á staðnum. „Þetta er minnst heimsóttá pláss á landinu en alltaf eykst samt verslun aðeins á sumrin. Það eru samt fyrst og fremst íbúarnir sem við þjónum og sveitafólkið hér í kring.“ Hann er samt að lengja opnunartímann í takt við aukna umferð. „Við verðum með opið í sumar frá 9.30 til 20 á laugardögum og líklega frá 13 til 16 á sunnudögum.“

Ég hegg eftir að Ágúst segir alltaf „við“. „Já, við erum saman í þessu hjóni. Byrjuðum með rekstur hér 2009 en skiptum um kennitölu um síðustu áramót því við lentum í smá brösum.“ Hann segir þau vera í miklu samstarfi við N1 og fá flestar vörur í gegnum það fyrirtæki. Aðallega er um matvörur að ræða í 670 verslun en einnig er þar smá verkfærahorn.



ALLT Á SAMA STAÐ 670 verslun er sambyggð sparísjóðnum og Póstinum.

Þó að Ágúst sé skráður kjötiðnaðarmaður í símaskránni er hann einn af fáum íbúum Kópaskers sem ekki starfa hjá Fjallalambi. „Ég hef unnið í Fjallalambi og við seljum að sjálfsögðu Fjallalambsvörur hérna,“ segir hann brosandí. Fleira er úr heimabyggð í búðinni, svo sem Sælusápur og kerti frá Lóni í Kelduhverfi. Stundum er drifinn þar upp markaður á laugardögum, síðasta laugardag var þar til dæmis sumarblómamarkaður. Svo er nammibar. Ágúst segir 50% afslátt af honum á laugardögum.

Verslun 670 er sambyggð Póstinum og sparísjóðnum og þegar haft er orð á að allt sé á sama stað segir Ágúst kankvís. „Já, já, þetta er sko moll!“

Ég held bara að ég fari að huga að stækkun

Pað er engin minnimáttarkennd í nafni einu verslunarinnar á Bakkafirði þótt þorpið sé ekki stórt. Mónakó Súpermarket heitir hún. Þar sér Björn Guðmundur Björnsón bæjarbúur fyrir nauðsynjavörum og hefur búðina opna síðdegis, milli 16 og 18, en nær til fiskjar fyrri part dagsins. „Stemningin? Hún er bara eðlileg,“ segir hann aðspurður. „Strandveiðin er í gangi og alltaf eitthvert líf í kringum hana.“

Íbúarnir á Bakkafirði eru innan við hundrað og sveitin að mestu í eyði því á Langanesströndinni er einungis búð á tveimur jörðum en þar eru 32 eyðibýli. Björn telur svæðið þó eitt það snjóléttasta á landinu. „Ég hefði viljað sjá nokkur stór sauðfjárbú á Langanesströndinni. Þar er beit svo til allt árið,“ segir hann.

Björn hefur rekið verslun sína frá árinu 2009. Sveitarfélagið skaffar honum húsnæðið og vörurnar fær hann að mestu frá Vörulager Samkaupa en kveðst þurfa að bæta 18% við verðið til að hafa upp í flutningskostnað. „En það er líka dýrt fyrir fólk að fara langar leiðir í búð,“ bendir hann á. „Það borgar sig ekki að keyra héðan til Egilsstaða eða Akureyrar bara til að versla í Bónus. Svo er annað mál hvort fólk vill reikna það dæmi. Það er eins og gengur. Sumir versla í heimabyggð og aðrir ekki.“

Björn selur ferskt grænmeti og ávexti en kjöt og fiskur er frystivara. Spurður hvort menn veiði sér ekki bara til matar á Bakkafirði svarar hann hlæjandi: „Jú, jú. Hér halda menn til sjávar ef vantar fisk og upp í heiði ef vantar lambakjöt!“

Í sólskininu á Bakkafirði getur fólk keypt sér ís úr



MÓNAKÓ SÚPERMARKET Auk helstu nauðsynja er hægt að kaupa þar krappa og fá sér kaffisopa.

krappavél því Björn flutti inn slíka vél frá Þýskalandi þar sem ekkert fyrirtæki vildi skaffa honum ísvél á svona lítinn stað. „Ég er hryllilegur með það að ef ég fæ neitun um einhverja þjónustu þá set ég hana af stað sjálfur,“ útskýrir hann. En hvað um nafnið á versluninni? „Mónakó er furstadæmið mitt,“ svarar hann hlæjandi. „Ég var, ásamt félagamínnum, með kartöflurækt í Óxarfirðinum, þar sem ég er uppallinn. Þá stofnuðum við fyrirtækið Mónakó. Svo hættum við í kartöflunum en ég notaði nafn félagsins og bætti Súpermarket við.“

Ekki kveðst Björn Guðmundur vera á útopnu að afgreiða ferðamenn. Þeir fari flestir fram hjá afleggjaranum á Bakkafirði, þó sé þar fínt tjaldstæði með ókeypis rafmagni. „En þegar við förum að dæla olíunni upp hér í Finnafirðinum þá verður fjör á Bakkafirði og ós í búðinni. Ég held bara að ég fari að huga að stækkun!“



VIÐ BÚÐARBORÐIÐ „Þegar við förum að dæla olíunni upp hér í Finnafirðinum verður fjör á Bakkafirði og ós í búðinni,“ segir Björn Guðmundur, kaupmaður og sjómaður.

LÖGMANNSSTOFUR

LAUGARDAGUR 22. JÚNÍ 2013

Kynningarblað Acta, Íslenskir lögmenn, Lögmenn Sundagörðum, Land lögmenn,



Acta verður tíu ára á næsta ári og frá stofnun 2004 hefur stofnan vaxið jafnt og þétt. Umsvif eru að aukast, verkefni að stækka og stærri viðskiptavinir að bætast við.

MYNDR/ANTON

Traustar og ráðagóðar í áratug

Á Acta lögmennsstofu ráða konur ríkjum og búa yfir traustri þekkingu, reynslu og sérhæfingu á öllum sviðum lögmennsku. Þær sinna alhliða lögmennsþjónustu og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga; bæði innlenda sem erlenda.

Acta er langstærsta lögmennsstofa landsins sem er eingöngu í eigu kvenna,“ segir Þyrí Steingrímsdóttir, hæstaréttarlögmaður og einn sex eigenda Acta. Þar starfa, auk eigenda, þrjú starfsmenn; tveir fulltrúar og skrifstofustjóri.

„Acta verður tíu ára á næsta ári og frá stofnun 2004 hefur stofnan vaxið jafnt og þétt. Umsvif eru að aukast, verkefni að stækka og stærri viðskiptavinir að bætast við,“ upplýsir Þyrí um lögmennsstofuna sem tekur að sér öll almenn lögmennsstörf fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

„Í dag eru sex konur eigendur Acta, þar af þrjú hæstaréttarlögmenn. Saman búum við yfir mikilli og fjölbreyttri reynslu í lögmennsku og þrjár eigendanna eru með yfir tuttugu ára starfsreynslu á sviði lögfræði. Þá höfum við setið í stjórn fyrirtækja og erum með mikla reynslu úr atvinnulífi og stjórnsýslu,“ útskýrir Þyrí.

Acta opnar á Höfn í Hornafirði

Á síðasta ári flutti Acta lögmennsstofa í nýtt og glæsilegt húsnæði á fjórtánda hæð Turninsins í Kópavogi. Stofnan er því miðsvæðis með gott aðgengi og nóg af bílastæðum.

Þyrí gerir grein fyrir sérsviði eigenda á Acta lögmennsstofu.

„Þær Berglind Svavarsdóttir hrl. og Sigríður Kristinsdóttir hdl. hófu starfsferil sinn hjá sýslumanns-embættum árið 1989. Berglind byrjaði á Húsavík og Sigríður á Höfn. Þar stofnuðu þær í kjölfarið eigin rekstur og ráku lögmennsstofu og fasteignasölu til fjölda ára. Verkefni voru næg og afar fjölbreytt og lengi vel voru þær nær einu sjálfstætt starfandi lögmennirnir á svæðinu,“ útskýrir Þyrí um upphaf lögmennsku hjá Berglindi og Sigríði, sem hlutu mikla reynslu á sviði stjórnsýsluréttar og eignaréttar í verkefnum fyrir sveitarfélög.

„Þær stóllur fóru í samstarf ásamt fleiri lögmönnum á landsbyggðinni 2003 og báðar hafa



Eigendur Acta lögmennsstofu. Frá vinstri: Inga Björg Hjaltadóttir hdl., Margrét Gunnlaugsdóttir hrl., Sigríður Kristinsdóttir hdl., Þyrí Steingrímsdóttir hrl., Berglind Svavarsdóttir hrl. og Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl.

MYNDR/DAGUR GUNNARSSON

mikla reynslu af skiptastjórn og hafa verið skiptastjórar fjölmargra þrotabúa, bæði stórra og smárra. Í dag er Berglind í slitastjórn Sparisjóðabankans og Sigríður með annan fótinn á Höfn þar sem Acta hefur opnað skrifstofu vegna vaxandi þarfar á lögmennsþjónustu í smærri byggðum,“ upplýsir Þyrí. Þess má geta að Acta lögmennsstofa á Höfn er á Krosseyjarvegi 17, þar sem opnunartími er eftir samkomulagi.

Mynda saman öflugt teymi

Inga Lillý Brynjólfsdóttir hdl. varð eigandi á Acta lögmennsstofu árið 2012. Þá hafði hún

starfað við lögmennsku frá árinu 2007. Inga Lillý hefur sérhæft sig í verjendastörfum sem hún segir vera skemmtilegt og áhugavert svið innan lögfræðinnar og kalla á litla skjalagerð en þeim mun meiri málflutning.

„Samstarfið á Acta gengur frábærlega og ekki við öðru að búast þegar svo öflugar konur koma saman. Við myndum teymi um stærri verkefni, sem er nauðsynlegt á sumum sviðum, eins og í félagarétti, samkeppnisrétti og fyrirtækjaráðgjöf,“ segir Inga Lillý, sem hefur talsverða reynslu á þeim sviðum, ásamt Ingu Björgu Hjaltadóttur hdl. Inga Björg starfar

” Samstarfið á Acta gengur frábærlega og ekki við öðru að búast þegar svo öflugar konur koma saman. Við myndum teymi um stærri verkefni sem er nauðsynlegt á sumum sviðum, eins og í félagarétti, samkeppnisrétti og fyrirtækjaráðgjöf.

þó aðallega í vinnurétti og mannaútsjórnun, en hún er einnig dómari í félagsdómi og einn eigenda í Attentus, mannauður og ráðgjöf, sem deilir húsnæði með Acta, útskýrir Inga Lillý.

Þær Þyrí og Margrét Gunnlaugsdóttir hrl. sérhæfa sig einkum á sviði sífjaréttar en Margrét hefur jafnframt viðá-

mikla reynslu á sviði réttargæslu. „Hver eigandi Acta hefur sína sérhæfingu og því dekkum við nánast öll svið lögmennskunnar,“ segir Þyrí.

Acta lögmennsstofa er á 14. hæð í Turninum á Smáratorgi 3, Kópavogi. Nánari upplýsingar á www.acta.is og á Facebook-síðu Acta.

Þjónusta byggð á fagmennsku

Íslenskir lögmennt bjóða upp á almenna lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Mikil reynsla og fjölbreytt þekking er til staðar hjá starfsmönnum stofunnar, sem leggja sig fram við að veita viðskiptavinum sínum persónulega og góða þjónustu.

Lögfræðistofan Íslenskir lögmennt er staðsett á Reykjavíkurvegi 60 í Hafnarfirði og býður upp á almenna lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Eigandi stofunnar er Þuríður B. Sigurjónsdóttir hdl. og segir hún sérsvið stofunnar vera fjölmörg og margbreytileg. „Helstu sérsvið okkar snúa að stjórnisýslurétti, sífamálum, barnavernd, sakamálum, erfðamálum, eignarréttarmálum, hvers konar samningsgerð og kröfurétti. Einnig má nefna skipulags- og byggingarmál en starfsmenn stofunnar búa einnig yfir mikilli þekkingu á því sviði.“

Þuríður, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Íslenskra lögmannna, hefur mikla og fjölbreytta reynslu af lögfræðistörfum í gegnum tíðina. „Viðskiptavinir vilja skipta við reynslumikla lögmennt og sjálf bý ég yfir fjölbreyttri og yfirgripsmikilli þekkingu á ólíkum málefnum. Ég starfaði til dæmis í nokkur ár í fullnustudeild og sífjodeild hjá Sýslumanninum í Kópavogi. Þá var ég framkvæmdastjóri vistheimilaneftdar í tæp sex ár sem skilaði fjórum umfangsmiklum skýrslum þar sem meðal annars var fjallað um lögmati vistunar barna á áður starfandi vistheimilum, hvernig opinberu eftirliti hefði verið háttáð og hvort börn hefðu sætt illri meðferð eða ofbeldi. Nefndin rannsakaði starfsemi níu stofnana, meðal annars starfsemi vistheimilisins Breiðavík, Heyrnleysingjaskólans og Kumbaravogs. Í dag er ég nefndarmaður í vistheimilaneftnd þar sem við könnum meðal annars starfsemi Kópavogshælis. Ég starfaði einnig fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis, sem rannsakaði orsakir og aðdraganda falls íslensku bankanna.“ Þuríður hefur einnig starfað sem skrifstofustjóri á umhverfissviði Kópavogsbæjar og hjá lögmannsstofunni Logos.



Eigandi og framkvæmdastjóri Íslenskra lögmannna, Þuríður B. Sigurjónsdóttir hdl., segir sérsvið stofunnar vera fjölmörg og margbreytileg.

MYND/ANTON

Persónuleg þjónusta

„Við leggjum okkur fram við að veita persónulega og góða þjónustu til viðskiptavina okkar enda eru þau málefni sem við vinnum að oft erfið og persónuleg fyrir viðkomandi aðila. Góð og traust samskipti skipta því eðlilega

miklu máli og við leggjum okkur fram við að bjóða faglega og góða þjónustu.“

Íslenskir lögmennt vinna náið með lögmannsstofu Loga Egilssonar hdl. og lögmannsstofunni Lögmenntum Hafnarfirði en stofnarnar eru staðsettar í sama húsi að

Reykjavíkurvegi 60. „Samstarfið við stofnarnar tryggir enn betri og fjölbreyttari þjónustu til viðskiptavina okkar. Þessi hópur telur fimm reynslumikla lögmennt sem til samans ná að dekkja flest þau svið sem viðskiptavinir okkar þurfa aðstoð á.“

Síminn hringir látlaust

Félag laganema við Háskóla Íslands býður almenningi upp á ókeypis lögfræðiaðstoð gegnum síma. Fyrirspurnir í tengslum við fjölskyldumál, erfðarétt og nábylisrétt eru fjölmennar. Laganemar hljóta um leið mikilvæga reynslu eftir allan bókalesturinn.

Laganemar við Háskóla Íslands hafa í rúmlega þrjú áratugi veitt almenningi endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð. Orator, félag laganema, hefur séð um skipulag aðstoðarinnar og hefur hún alla tíð verið eftirsótt af nemendum deildarinnar. Davíð Ingi Magnússon var einn þriggja framkvæmdastjóra lögfræðiaðstoðarinnar á síðasta ári og segir hann þörfina fyrir slíka aðstoð vera mikla. „Um 400 manns nýttu sér lögfræðiaðstoðina á síðasta ári, sem er sambærilegur fjöldi og undanfarin ár. Við veitum þessa þjónustu öll fimmtudagskvöld yfir skólaárið í tvo og hálfan tíma í senn og síminn stoppar ekki á meðan. Raunar stoppar síminn ekki allan daginn því fólk hringir strax inn um morguninn.“ Auk Davíðs Inga voru Gestur Gunnarsson og Gísli Logi Logason framkvæmdastjórar lögfræðiaðstoðarinnar á síðasta starfsári.

Tveir til þrjú laganemar í mastersnámi sitja fyrir svörum og með þeim er ávallt reynslu-

mikill lögmaður. „Aðstoðin virkar þannig að almenningur hringir inn nafnlaust og ber undir okkur ýmis lögfræðileg álitafni. Við setjum viðkomandi á bið á meðan við ræðum okkar á milli og stundum þurfum við að bera svörin undir lögmanninn þótt þess gerist ekki alltaf þörf. Þeir sem starfa við lögfræðiaðstoðina eru bundnir þagnarskyldu og mjög mikilvægt er að allir viti það sem hringja inn, enda er oft um að ræða persónuleg og erfið mál. Flestir sem hringja inn eru líka að leita sér lögfræðiaðstoðar í fyrsta sinn á ævinni.“

Fjölbreyttar fyrirspurnir

Eðli málsins samkvæmt eru fyrirspurnirnar mjög fjölbreyttar og koma úr öllum greinum lögfræðinnar. „Fyrirspurnir í tengslum við fjölskyldumál eru ávallt margar, einnig tengdar erfðarétti og nábylisrétti. Eftir bankahrunið jukust fyrirspurnir í tengslum við fjármálarétt en slíkum fyrirspurnum hefur þó fækkað undanfarin og þetta er að færast í sama farið og

áður. Undanfarið hefur líka borið á ýmsum fyrirspurnum sem tengjast persónuverndarmálum, til dæmis í tengslum við tölvupóst fólks og nýja tækni eins og samfélagsmiðlana.“

Davíð segir það vera eftirsótt hjá laganemum að vinna við lögfræðiaðstoðina enda hljóti þeir þar mikilvæga reynslu eftir allan bókalesturinn. „Við erum þrjú framkvæmdastjórar sem sjáum um að manna vaktirnar en um 30 laganemar unnu þar á síðasta ári. Sumir tóku eitt kvöld en aðrir mættu nokkrum sinnum yfir veturinn.“

Þótt símaþjónustan sé kjarninn í þjónustunni hafa laganemar prófað ýmsar nýjungar undanfarin ár. „Fyrir þremur árum síðan prófuðum við að veita lögfræðiaðstoð á bókasöfnun og í fyrsta héldum við skattadaginn í fyrsta skiptið í samvinnu við Deloitte. Þá gátu almenningur og aðilar með minni rekstur heimsótt okkur á lokadegi fyrir skil á skattskýrslu og fengið aðstoð frá laganemum, endurskoðendum og viðskiptafræðingum.“



„Fyrirspurnir í tengslum við fjölskyldumál eru ávallt margar“, segir Davíð Ingi Magnússon, einn þriggja framkvæmdastjóra lögfræðiaðstoðar Orators á síðasta ári.

MYND/ANTON

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HELLISGERÐI 90 ÁRA

Hellisgerði í Hafnarfirði verður 90 ára á morgun. Haldið verður upp á daginn með fjölbreyttri dagskrá og harmonikkuballi. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, setur hátíðina kl. 14. Meðal þeirra sem koma fram eru Signal, TutTugu, Sara Blandon, Pollapönk og Jón Jónsson.



Glænýtt blað
100 síður af hugmyndum



Ekki þjáast

Mígrei.is
fyrirbyggjandi fæðubótarefni



Ertu búinn að fá þér
Veiðikortið!

Elliðavatn
komið á
kortid!



Veiðitímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is



HUGGULEGUR MAÐUR

EINSTAKUR Rokkarinn Rúnar Þór Pétursson hefur mætt með gítarinn og ráma rödd sína til að skemmta landsmönnum um nær hverja helgi í brátt 30 ár. Hann verður ekki sextugur í haust.

Nei, ég verð ekki sextugur í september þótt tímatalið segi svo. Það tekur mig þrjú ár að lifa venjulegt ár og því er ég ekki nema 44 til 46 ára. Ég lifi hægar en aðrir og á réttum tíma," segir Rúnar, sem sleppir úr dögum einu sinni til tvisvar í mánuði.

„Með því að sleppa úr degi græðir maður aðra þrjátíu. Það finnur maður strax á heilsunni og mun öflugri orku. Mér líður því nákvæmlega eins og 45 ára en finnst á sama tíma sniðugt að verða sextugur á tímatalinu í haust og er fullur tilhlökkunar.“

Rúnar hefur spilað á böllum nánast allar helgar síðastliðin 28 ár. Hann spilar reglulega á Kringlukránni, Cafe Catalinu og víðar þar sem fólk vill skemmta sér.

„Já, ég trekki alltaf að. Annars væri þessu sjálfhætt. 28 ára spilamennska er gæðastimpill og liggur ljóst fyrir að eitt-hvað er vel unnið þegar fólk er í sömu vinnu svo lengi; sama hver vinnan er,“ segir Rúnar, sem á böllum spilar allra handa tónlist; eigin lög og annarra.

„Ætli aðsóknin sé ekki góð vegna þess að ég spila ekki eingöngu fyrir sjálfan mig. Ég spila ekki hátt og ég spila

ALPÝÐLEGUR

Rúnar Þór spilar á alþjóðlega MND-deginum á Ingólfstorgi í dag, þar sem fram fer hjólastóllarall og fleira skemmtilegt frá klukkan 14 til 18. Í kvöld spilar Rúnar Þór á balli á Brúnni, nýjum veitingastað í Grindavík. MYND/VALLI

VIETNAM MARKET

ALLT FYRIR

AUSTURLENSKA MATARGERÐ



699 kr.

550 kr.

320 kr.

387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268



BJÓÐUM UPP Á
HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður

**HOLLT
OG GOTT**

1.250 kr

1.350 kr

1.250 kr

Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21

Hreima er best! Hreims- borgarar

Laugardaga kl. 9 – 12 í allt sumar
Hreimur, Magni, Vignir Snær
og Erna Hrönn



BYLGJAN
989



MAÐUR FÓLKISINS Rúnar Þór segir fólk alltaf vera eins, sama hvernig árin liða. Þó hafi bjórinn gert að verkum að fólk sé rólegra nú en áður fyrr á böllum. MYND/VALLI

► hvaða lag sem er því það sem öðrum þykir hallærislegt er hallærislegra að segja. Sá sem vogar sér að segja ákveðið lag vera lélegt er á sama tíma að viðurkenna að hann sjái ekki lengra nafi sínu. Góður flytjandi getur gert hvaða lag sem er gott.“

SJARMERANDI REGLUMAÐUR
Rúnar á sér stóran hóp aðdáenda og þar er konur í meirihluta.

„Tónlistarmaður er eins og verslun; ef enginn kemur að kaupa er búðinni lokað. Ég get svo ekki útskýrt hvers vegna konur fylgja mér eftir en er ég ekki bara huggulegur maður? Konur fylgja gjarnan tónlistarmönnum eftir en ég hef líka séð þær sniðganga menn í hljómsveitum. Það er alltaf einn og einn með þessa útgeislun og kannski er það röddin eða það að maður drekkur hvorki né reykir. Það er meira varið í það. Reyklaus maður finnur ólykt af reykingafólki og enginn heilbrigður maður hefur áhuga á drukkinni konu lengi og öfugt,“ svarar Rúnar.

Hann segir marga hafa fylgt sér lengi en að nýir áheyrendur bætist líka í hópinn.

„Unga kynslóðin þekkir mig í gegnum foreldra sína og kemur stundum til að biðja um óskalag sem það heyrði heima. Það þykir mér vænt um og alltaf gaman þegar fólk miðlar tónlist minni áfram. Það eru forréttindi að fá að starfa svona lengi í tónlist og það er aldrei leiðinlegt. Fyrst og fremst er þetta vinna og mér þykir skemmtilegast að fá útborgað en líka einstakt að hafa getað keyrt um landið þvert og endilangt í hartnær þrjá áratugi. Það hefur mér alltaf þótt skemmtilegast; að gefa sér tíma, keyra, stoppa og skoða. Ég fer yfirleitt nokkrum dögum fyrr af stað þegar ég spila úti á landi til að geta verið einn eða með fleirum úti í náttúrunni.“

SKRAPP SUÐUR Í 40 ÁR

Rúnar er sjö barna faðir og virkur sem slíkur.

„Ég á oftast frí virka daga og því iðulega að keyra og skutla alla vikuna. Það besta sem ég veit er einmitt að skutla, fara á bílasölur, horfa á íþróttir og góðar bíómyndir og synda í Sundhöll Reykjavíkur. Þegar maður elst upp á Ísafirði endar maður í öllum íþróttum og fram til sextán

UPPSKRIFT AÐ EILÍFRI ÆSKU

„Ég fæddist klukkan hálfþrjú að degi til og finnst best að vakna hálfþrjú. Ég áttaði mig fyrir löngu á því að vilji maður eldast vel á maður að vakna á fæðingartímanum. Þar stillist klukkan og af þeim sökum eldist fólk misjafnlega.“

ára æfði ég sund, fótbolta og skíði og var nokkuð góður í því öllu. Fyrir tveimur árum þurfti ég að hætta í boltanum vegna ónýts hnés en hafði fram að því spilað fótbolta með gömlum Ís-firðingum. Við höldum árlegt Púkamót fyrir vestan aðra helgina í júlí og þá spila ég á balli og fer eitthvað aðeins inn á völlinn,“ segir Rúnar, sem er Liverpool-maður og fer iðulega til Englands á fótboltaleiki. „Ég gæti þó þurft að halda með Cardiff í vetur því Aron Einarsson landsliðsfyrirliði er hálfbróðir sonar míns og spilar með liðinu sem er komið í úrvalsdeild.“

Rúnar á íbúð á Ísafirði en hefur verið búsettur í höfuðstaðnum undanfarin fjórtíu ár.

„Ég fer aldrei nógu oft á Ísafjörð en er sáttur hvar sem ég er og ekki mikið í sálarflækjum. Það er hægt að búa hvar sem er í tónlist en ég skrapp til Reykjavíkur þegar ég var tvítugur og er ekki enn lagður af stað heim.“

UNGLEGUR NÁTTHRAFN

Rúnar hefur aldrei átt vekjarklukku og fer aldrei í háttinn fyrr en undir morgun.

„Fólki finnst það kannski skrýtið en ekki ef ég væri næturvörður. Ég fæddist klukkan hálfþrjú að degi til og finnst best að vakna hálfþrjú. Ég áttaði mig fyrir löngu á því að vilji maður eldast vel á maður að vakna á fæðingartímanum. Þar stillist klukkan og af þeim sökum eldist fólk misjafnlega. Ég horfði upp á fertuga félagá mína verða gamla fyrir aldur fram af því þeir höfðu vaknað á vitlausum tíma alla ævi. Ef allir gerðu rétt mundi lífið ganga einfaldar fyrir sig, færri vera á götunum og í búðunum og þannig mun þetta allt enda. Við erum lengi að átta okkur á hvað lífið er.“

Eitt af því sem Rúnar gerir sér til skemmtunar á nóttunni er að rúnta með vini um bílasölur.

„Þegar ég hætti að drekka nenni ég ekki lengur að rúnta niður Laugaveg og upp Hverfisgötu. Við breyttum þeim stutta

og þreytandi rúnti því yfir í bílasölurúnt. Þangað er lengra á milli staða, meiri ró og mun skemmtilegra að skoða bíla en drukkioð fólk á Laugaveginum.“

EKKI Í VINSÆLDAKEPPNI

Rúnar verður á Hólmavík um aðra helgi og fyrstu helgina í júlí fer hann með öll börnin sín á hestbak og til að veiða hjá frændu sínum í Finnstungu í Húnaveri.

„Sumarið verður endalaust gaman og svo spila ég áfram og áfram og er bókaður fram í febrúar. Við Megas og Gylfi (Ægis) í GRM höfum verið í fríu undanfarið hálf ár og svo er ég í gömlu skólahljómsveitinni Trap sem spilar á árlegum árgangsböllum á Ísafirði. Þá koma brottfluttir Ís-firðingar heim, fara í þerjamó og hitta gamla félagá og við spilum bara tónlist frá árunum 1968 til 1975. Það dregur fólk aftur í tímunn og alltaf fullt hús og mikið stuð.“

Rúnar hefur ekki gefið út sólóplötu síðan 1996 og segist ekki vita hvort hann nenni meiri útgáfu en sem nemur einu og einu lagi. Nóg er þó til af efni.

„Ég á ekkert upphaldslag með sjálfum mér og tek undir orð Ingimars Eydals heitins sem sagði þetta allt eitt lag en misjafnlega útsett,“ segir Rúnar og þvertur fyrir að hafa verið utangarðs í íslenskrí tónlistarumfjöllun.

„Ég hef alltaf fengið mjög fína spilun og góðar móttökur. Ég er hins vegar ekki oft í fjölmiðlum þótt ég gæti verið reglulega í viðtölum og setið við tölvuna heima að kjósa lag með sjálfum mér á vinsældalistann eða fengið vini til þess eins og gert er á Facebook. Það kalla ég ekki vinsældalista en svoleiðis hefur þetta alltaf verið á Íslandi. Menn hafa gert sig vinsæla og mörg lög sem landsmenn syngja hástöfum voru gerð vinsæl en áttu í raun ekkert erindi frekar en önnur lög. Ég er því með nógu mikla útvarpsspilun og finnst ekkert varið í að vera stanslaust í spilun.“

■ thordis@365.is

Vissir þú að...



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

þönn eiga renn á aðstoð
og hjálp ef þau koma í ofbætti

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Sækjum & seljum bíla

Við **PIKKUM**
bílinn upp :)



og **SELJUM**
hann strax



Áttu bíl sem er bilaður/ógangfær
eða ekki í fullkomnu standi?
Þarftu að taka til á planinu hjá þér?

Hringdu í 522-4610 og láttu okkur sækja og selja bílinn fyrir þig.



KRÓKUR - Bílauppboð og flutningar -

Suðurlhrauni 3 | 210 Garðabæ | Sími 522 4600 | krokur@krokur.net

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í yfir 60 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa tæplega 800 starfsmenn á ýmsum sviðum.



Sérfræðingur í reikningskilum

Starfið tilheyrir alþjóða samstæðu- og reikningskiladeild (Global Consolidation and Reporting) Actavis sem sér meðal annars um uppgjör á samstæðu Actavis, Inc. sem er skráð félag á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í gerð samstæðureikningskila, uppgjöri alþjóðafyrirtækis og greiningu stjórnendaupplýsinga
- Innleiðing á nýju samstæðuuppgjörskerfi
- Önnur verkefni tengd fjármálasviði samstæðunnar
- Samskipti við dótturfélög Actavis víðsvegar um heiminn

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun á sviði viðskipta
- með reynslu af uppgjörsvinnu
- með reynslu af störfum á endurskoðunarskrifstofu (æskilegt)
- með þekkingu á bandarískum reikningskilastöðlum (US GAAP) (kostur)
- með góða þekkingu á reikningskilum tengdum sköttum (Tax accounting) (kostur)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum og er góður í hópi
- sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- sem er skipulagður og lausnamiðaður

- Hjá Actavis bjóðum við upp á:
- snyrtilegan og öruggan vinnustað
 - fjölskylduvænt starfsumhverfi
 - góðan starfsanda
 - gott mötuneyti
 - fræðslu og þjálfun
 - iðjuþjálfu, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
 - árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
 - öflugt starfsmannafélag

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir 30. júní nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Sif Steingrímsdóttir, jsteingrimsdottir@actavis.is.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði
s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Landsvirkjun starfar eftir jafnréttisáætlun og leggur áherslu á að gæta fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Mannauðs Stefna fyrirtækisins byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu.

Stöðvarvörður á Blöndusvæði


Landsvirkjun leitar að vélfræðingi í starf stöðvarvarðar við Blöndusvæði með starfsstöð í Laxárstöð. Í starfinu felst eftirlit, viðhald og rekstur aflstöðvarinnar og annarra veitumannvirkja í Laxá.

Við leitum að fjölhæfum einstaklingi:

- > Þekking á viðhaldi búnaðar; loft-, kæli-, vökva- og rafkerfum.
- > Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggisstjórnunar.
- > Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar.
- > Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi.

Sótt er um starfið á vef Capacent

Nánari upplýsingar veitir Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2013.





FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

UMHVERFISSTJÓRI FERÐAMÁLASTOFU

Ferðamálastofa óskar eftir að ráða umhverfisstjóra í 100% starf.

Umhverfisstjóri starfar á skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík og heyrir beint undir ferðamálastjóra. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Starfssvið m.a.:

- Fagleg þjónusta fyrir hönd Ferðamálastofu við stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, ásamt rekstrarstjóra og skjalaverði.
- Umsagnir um þingmál og önnur erindi er varða starfssvið umhverfisstjóra og berast frá stofnunum og öðrum aðilum.
- Mat á umsóknum til Ferðamálastofu um styrki sem varða starfssvið umhverfisstjóra.
- Umsjón með útgáfu- og fræðslumálum Ferðamálastofu er snerta umhverfismála.
- Gerð og umsjón með umhverfisstefnu Ferðamálastofu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun er nýttist í starfi.
- Framhaldsmenntun á sviði umhverfismála er æskileg.
- Reynsla af framkvæmd umhverfisverkefna er æskileg.
- Reynsla af styrkúthlutunum og eftirfylgni við styrkúthlutanir æskileg.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika.

Gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og hæfni í framsetningu upplýsinga er skilyrði. Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu norðurlandamáli er æskileg, sem og góð tölvuþekking, bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, (olof@ferdamalastofa.is) en upplýsingar um starfsemi Ferðamálastofu er að finna á samskipta-vef stofnunarinnar www.ferdamalastofa.is.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2013 og er óskað eftir því að viðkomandi einstaklingur hefji störf hið fyrsta. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast með tölvupósti til rekstrarstjóra, Sólrúnar Önnu Jónsdóttur (solrun@ferdamalastofa.is) eða á skrifstofu Ferðamálastofu, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík og vera merktar starfinu. Ekki er um sérstök umsóknar-eyðublöð að ræða, en öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um starfið hefur verið tekin.

PORT hönnun

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Deildarstjóri

Staða deildarstjóra við Öldutúnsskóla er laus til umsóknar.

Öldutúnsskóli er heildstæður grunnskóli þar sem rúmlega 500 nemendur stunda nám. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta. Skólinn hefur í áráraðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsand. Mikil áhersla er lögð á samvinnu, teymisvinnu og skapandi hugsun og starfsgleði. Í skólanum er unnið samkvæmt SMT-skólafærni. Umsækjandi þarf að hafa leiðtoga-hæfileika og góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Um er að ræða deildarstjórn við yngsta stig skólans.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu, teymisvinnu og skapandi hugsun og starfsgleði. Í skólanum er unnið samkvæmt SMT-skólafærni. Umsækjandi þarf að hafa leiðtoga-hæfileika og góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Um er að ræða deildarstjórn við yngsta stig skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennarapróf, kennslu- og stjórnunarreynsla
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Reynsla og/eða þekking á SMT-skólafærni æskileg

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Valdimar Víðisson, aðstoðarskólustjóri í síma 664 5898 eða í gegnum netfangið valdimar.vidisson@oldtunsskoli.is

Einnig er að finna upplýsingar um skólann á <http://oldtunsskoli.is>

Umsókn má skila á tölvutæku formi (valdimar.vidisson@oldtunsskoli.is) eða á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3, 220 Hafnarfjörður. Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2013.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Laun og kjör eru samkvæmt samningum KÍ og launanefndar sveitarfélaga.

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu

Capacent Ráðningar

SKÓLASTJÓRI



Svalbardsstrandarhreppur er blómlegt og vel stætt sveitarfélag í austanverðum Eyjafirði, 12 km frá Akureyri. Íbúar eru rúmlega 400 talsins. Þéttbýli er á Svalbardsseyri og er þar m.a. að finna tónlistar-, leik- og grunnskóla, sundlaug, íþróttaaðstöðu og skrifstofu hreppsins. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á www.svalbardsstrond.is.

Svalbardsstrandarhreppur óskar eftir að ráða skólustjóra við Valsárskóla. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfileika.

Valsárskóli er fámennur grunnskóli með samkennslu nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Áætlun Olweusar og Uppbyggingarstefnunni er fylgt og skólinn er með Grænfánann. Skólinn er staðsettur á Svalbardsseyri í Svalbardsstrandarhreppi. Sveitarfélagið hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er vel að honum staðið.

Starfssvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Fagleg forysta
- Starfsmannahald
- Að stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Skólustjóraráfélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Hvannavellir 14
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

LÖGFRÆÐINGUR



Skipulagsstofnun sinnir stjórnábyrgð og leiðbeiningarhlutverki á sviði skipulagsmála, mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismats áætlana. Stofnunin stendur fyrir kynningum og rannsóknum á sviði skipulagsmála og umhverfismats. Stofnunin vinnur í viðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa til að sinna fjölbreyttum verkefnum sem heyra undir skipulagslög, lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana.

Starfssvið:

- Ábyrgð á lögfræðilegum viðfangsefnum sem heyra undir stofnunina
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til sveitarfélaga, framkvæmdaraðila og annarra hagsmunaaðila
- Þátttaka í stefnumótun varðandi lög og reglugerðir er varða stofnunina
- Miðlun upplýsinga um ný lög, reglugerðir, úrskurði eða dóma

Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Reynsla og/eða þekking af störfum í opinberri stjórnábyrgð æskileg
- Þekking á málefnum stofnunarinnar æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð nauðsynleg

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

DEILDARSTJÓRI



Reykjagarður hf - Holtakjúklingur er markaðsdrifið framleiðslufyrirtæki og er leiðandi kjötframleiðandi á Íslandi, á sínu sviði.

Reykjagarður hf. – Holtakjúklingur auglýsir lausa stöðu deildarstjóra stofna, útungunar og eldis. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur vilja og getu til að ná árangri í starfi. Hlutverk viðkomandi verður að nýta þekkingu og tækni á hverjum tíma til að auka arðsemi, vörugæði og starfsgæði hjá félaginu.

Starfssvið:

- Tryggja stöðuga framleiðslu hjá félaginu þar sem gæði, hagkvæmni og framþróun eru höfð að leiðarljósi
- Rekstur deildar með ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð
- Þátttaka í frekari uppbyggingu á framleiðslu
- Að byggja upp og nýta upplýsingakerfi sem tryggir örugga ákvarðanatöku og hámarksarðsemi félagsins á hverjum tíma

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði búvísinda
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.

Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Viðskiptafræðingur - upplýsingatækni

Öflugt og leiðandi upplýsingatæknifyrirtæki óskar að ráða viðskiptafræðing til starfa. Starfið felst í ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina við að hámarka ávinning af notkun upplýsingakerfa með áherslu á viðskiptahugbúnað.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Bókhaldbækking og góð færni í upplýsingatækni
- Ánægja af mannlegum samskiptum
- Metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu
- Hæfileiki til að læra nýja hluti
- Dugnaður, nákvæmni og samviskusemi

Ungur einstaklingur, t.d. á aldrinum 25-30 ára, kemur vel til greina. Í boði er fjölbreytt starf með miklum framtíðartækifærum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá. Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

STARFSMAÐUR ÓSKAST Í LAKKDEILD

Leitum að öflugum og hressum starfsmanni í lakkdeild í stórverslun okkar á Bíldshöfða 9. Starfið fellst í blöndun á bílalakki, afgreiðslu á efna- og rekstrarvörum fyrir lakkverkstæði ásamt öðrum tilfallandi störfum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg
- Almenn tölvukunnátta æskileg
- Reynsla af vinnu með bílalökk er kostur en ekki skilyrði.
- Almenn þekking á bílavörum kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarki Jakobsson verslunarstjóri í síma 660-3419 eða á bjarki@bilanaust.is

Umsókn skal skilað á netfangið atvinna@bilanaust.is eða bréflega til Bílanaust, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi merkt „Atvinna – lakkdeild“ fyrir 28. júní.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Gæði, reynsla og gott verð!



Starf hjá fjölskyldu í Sviss

Íslensk hjón með þrjú börn, á aldrinum þriggja til sjö ára, leita að Au-Pair til starfa í Sviss. Ráðningartími er frá ágúst/september og til eins árs. Þetta er tækifæri fyrir einstakling sem hefur áhuga á að vinna með börnum og dvelja erlendis. Góð aðstaða og ýmis tækifæri fyrir réttan aðila. Áhugasamir hafið samband við Fjólú í síma 534-5001 eða fjola_steingrimsd@hotmail.com



BYGG

Múrara og múrarnemar óskast

Múrara óskast, mikill vinna. Mælingarvinna í boði. Einnig vantar múraranema. Upplýsingar veita Gylfi síma 693-7300 eða Hörður í síma 693-7320, einnig á gylfi@bygg.is



Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknideild

Hugbúnaðarþróun veflausna

Upplýsingatæknideild leitar að öflugum starfsmanni í upplýsingatæknideild en Reykjavíkurborg rekur eitt stærsta og fjölbreyttasta upplýsingatækniumhverfi landsins. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í öflugum hópi starfsmanna við að leysa fjölbreytt verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Þróun veflausna hjá Reykjavíkurborg
- Vefþróun í Drupal vefumsjónarkerfi
- Tengingar við önnur kerfi
- Þarfagreining og ráðgjöf varðandi veflausnir
- Samskipti og ráðgjöf við svið og stofnanir borgarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla við hugbúnaðargerð og vefforritun
- Reynsla af forritun í PHP, CSS og Java Script nauðsynleg
- Þekking á HTML5 og SQL fyrirspurnum
- Haldgóð þekking á gagnagrunnum
- Þekking á vefþjónustum og gagnatengingum
- Þekking og reynsla af Linux/Unix og opnum hugbúnaði
- Þekking og reynsla af Drupal og virkni vefumsjónarkerfa
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi

Upplýsingatæknideild fer með forystuhlutverk í upplýsingatæknimálum borgarinnar. Hún gegnir þjónustuhlutverki við viðskiptavinum sína sem eru svið og stofnanir Reykjavíkurborgar og er ætlað að annast rekstur og þróun upplýsingatæknibúnaðar borgarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir og María Guðfinnsdóttir þróunarstjóri upplýsingatæknideildar, maria.gudfinnsdottir@reykjavik.is í síma 411 1900. Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2013.

Sækja skal um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, undir "Laus störf". Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Kjosavik AS er í forsvari fyrir heilbrigðisfyrirtækið Norengros á Rogalandssvæðinu, en fyrirtækið spannar allan Noreg og er leiðandi í heilbrigðis- og m.a. skrifstofu og tölvuútbúnaði, húsgögnum, ræstingarbúnaði, hjúkrunar- og heilsumörum. Starfsmannavelta fyrirtækisins árið 2012 var ca 376 mill. NOK við starfsemi þess í Haugesund, Stavanger og Sandnes. Fyrirtækið er meðeigandi í tveimur apótekum og Straen Sykepleiesenter AS sem sérhæfir í hjúkrunarvörum. Áætluð velta fyrirtækisins árið 2013 er ca 2,9 milljarðar NOK.

Heilbrigðis-tæknideild Norengros Kjosavik leitar eftir verkfræðingi og tæknimanni með reynslu í viðgerðum og viðhaldi á raftækjum fyrir heilbrigðisþjónustu.

Deildin er samsett af 12 áhugamiklu og hæfu starfsfólki með ólíkan bakgrunn á þessu sviði.

Nánari starfslýsingu, menntunar- og hæfniskröfur má finna á:

www.Norengros.no undir „Ledige Stillinger“.

- Verkfræðingur við heilbrigðis-tæknideild (Ingeniør til Medisinsk-teknisk avdeling)
- Tæknimaður við heilbrigðis-tæknideild (Tekniker til Medisinsk-teknisk avdeling)

Æskilegt er að viðkomandi kunnir norsku eða sé viljugur að sækja námskeið í tungumálinu, þar sem öll vinna fer fram á norsku.

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Leiv Kåre Myre, deildarstjóri heilbrigðis-tæknideildar, símanúmer: +47 924 98 525 leiv.kare.myre@norengros.no



SÖLUFULLTRÚAR

Störf sölufulltrúa á BRÚ fasteignasölu.

Við leitum að starfskröftum með reynslu af sölumennsku og metnaði til að ná árangri. Reynsla af sölu fasteigna er kostur. Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, jákvæðni og dugnað.

Umsækjendur skulu í umsókn sinni greina frá menntun, reynslu og hæfni með vísan til framangreindra skilyrða.

Umsóknir skulu sendast með tölvupósti á netfangið magnus@brufast.is merkt „Sölufulltrúi“.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí nk.

PRENTARI

óskast

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu af offsetprentun og frágangi. Viðkomandi þarf að hafa mjög ríka þjónustulund, góða hæfileika í mannlegum samskiptum og getað unnið hratt.

Í boði er skemmtilegt og fjölbreytt starf í fyrsta flokks umhverfi.

Umsóknir sendist á tölvupósti á hlynur@prentun.is Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Prentun.is / Stafræna prentsmiðjan er 12 ára gamalt þjónustufyrirtæki í fremstu röð í prentiðnaði og hefur vaxið ört síðustu ár. Hjú fyrirtækinu starfa nú 8 manns í skemmtilegu umhverfi með nýjum og öflugum tækjabúnaði til prentunar.

prentun.is

Stafræna prentsmiðjan ehf / Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfirdi / Sími: 544 2100 / www.prentun.is



Seltjarnarnesbær

Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness auglýsir eftir deildarstjóra og leikskólakennurum til starfa í nýrri deild fyrir yngstu börn skólans

Leikskóli Seltjarnarness er sameinuð fag- og rekstrareining með um 195 börnum. Leikskólinn starfar í þremur starfsstöðvum.

Á Seltjarnarnesi er lögð rík áhersla á metnaðarfullt leikskólastarf þar sem velferð og hagr barna er hafður að leiðarljósi og að skólastarf í bænum standist ávallt samanburð við það sem best er hverju sinni.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um stöðuna. Nánari upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri soffia@nesid.is og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri annaha@nesid.is í síma 5959-280/290

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2013.

Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar

www.seltjarnarnes.is



VERKEFNASTJÓRI STJÓRNENDANÁMS HR

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir áhugasömum og kraftmiklum verkefnastjóra í fullt starf.

STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Sala sérsniðinna fræðslulausna
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Þarfagreining og þróun sérsniðinna lausna
- Skipulagning viðburða og annarrar þekkingarmiðlunar

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sölustörfum og viðskiptatengslum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Drifkraftur og frumkvæði
- Góð færni í íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí 2013.

Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á vefnum ru.is/lausstofn. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðmunda Smáradóttir, forstöðumaður stjórnendanáms HR | gudmundas@hr.is

www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200



VILTU SELJA ÁRANGUR?

// ERUM AÐ LEITA AÐ ÖFLUGUM SÖLURÁÐGJAFJA

// SÖLURÁÐGJAFI

Dale Carnegie leitar að kraftmiklum og lífsglöðum söluráðgjafa (sölumanni/ viðskiptastjóra)


Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu á þjálfun til fyrirtækja. Hlutverk söluráðgjafa er að afla nýrra viðskiptavina og halda góðum tengslum við núverandi viðskiptavinum. Viðkomandi þarf að búa yfir þrautseigju, vera opinn og hafa gaman af samskiptum við aðra. Starfið er að hluta afkomutengt og býður upp á góða tekjumöguleika. Mikil starfsþjálfun í boði.

Helstu verkefni:

- Öflun nýrra viðskipta
- Sala og ráðgjöf til núverandi viðskiptavina
- Samvinna við bakvinnslu
- Samskipti við Dale Carnegie & Associates

Hæfniskröfur:

- Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu til fyrirtækja er skilyrði
- A.m.k. 3 ára reynsla úr viðskiptalífnum er skilyrði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Kunnátta í Microsoft Office og CRM
- Gott vald á íslensku og ensku



Umsjón með ráðningum hefur Jón Jósafat Björnsson, framkvæmdastjóri Dale Carnegie. Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir sínar á netfangið josafat@dale.is (í subject: Starfsúmsókn). Óskað er eftir ferilskrá og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu úmsóknar og hæfni viðkomandi í starfi. **Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí 2013.**

// Dale Carnegie er 100 ára alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar í 86 löndum. Markmið Dale Carnegie er að auka hæfni fólks og bæta árangur. Alls hafa 20.000 Íslendingar hlotið þjálfun bæði á eigin vegum og á vegum fyrirtækja. Í dag starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu.



DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

Ármúla 11 | 108 Reykjavík | Sími: 555 7080 | www.dale.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Rafvirki

við framkvæmda- og tæknisvið Háskóla Íslands

Bygginga- og tæknideild framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands óskar eftir rafvirkja.

Bygginga- og tæknideild hefur umsjón með endurbótum og viðhaldi bygginga og lóða Háskóla Íslands, umsjón með kerfum s.s. raf-, hita-, loftræsti- og stýrikerfum, sér um innkaup og viðhald á húsgögnum og búnaði ýmiskonar, auk þess að sjá um rekstur á trésmíða-, véla- og rafmagnsverkstæði.

Í starfi rafvirkja felst m.a. viðhald á raflögnum og almennum rafbúnaði. Leitað er að traustum, ábyrgum og reglusömum rafvirkja með góða almenna kunnáttu sem getur unnið sjálfstætt og hefur góða tölvukunnáttu. Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir eiginleikar í þessu starfi.

Umsóknarfrestur er til **7. júlí 2013**.

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Aðalbjörnsson byggingastjóri í síma: **525-4757**, gsm: **898-1433**, netfang: ingoa@hi.is.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.hi.is/laus_storf og www.starfatorg.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Óskum eftir að ráða duglega konu í þrif á litlum veitingastað í 101. Um er að ræða dagleg þrif sem þarf að vera lokið fyrir kl 9:30. Leitum að húsmæðraskólagenginni eða eldri konu sem kann til verka og er vandvirk, nákvæm, heiðarleg, þrifin og hress. Um framtíðarstarf er að ræða. Áhugasamar sendið póst á arna@bbp.is



MÓTTÖKUGEÐDEILD Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa á móttökugeðdeild 32A. Starfshlutfall er 80-100%, hátt hlutfall morgunvakta mögulegt og helgarvinna eftir samkomulagi.

Nýráðnum hjúkrunarfræðingum verður boðið að taka þátt í starfsþróunarári þar sem áherslur eru á markvissa fræðslu, handleiðslu og skipulagða innleiðingu í starf sem miðar að því að efla fagmennsku.

Deild 32A er 18 rúma deild. Starfsfólk hennar sinnir móttöku, greiningu og meðferð sjúklinga með geðraskanir. Deildin sérhæfir sig m.a. í greiningu og meðferð á einstaklingum sem kljást við átraskanir.

Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- » Góð samskiptahæfni
- » Reynsla af geðhjúkrun er æskileg en ekki skilyrði
- » Áhugi á geðhjúkrun skilyrði

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí 2013.
- » Starfið veitist frá 1. september 2013 eða eftir samkomulagi.
- » Upplýsingar veita Ína Rós Jóhannesdóttir, hjúkrunarfræðingur, netfang inaros@landspitali.is, sími 543 4030 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími 543 4034.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus stöf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Eld
Smíðjun



Vilt þú vera í sólbaði 15 daga mánaðarins?

Við viljum tvo hörkuduglega veitingastjóra til starfa á Eldsmíðjunni við Suðurlandsbraut. Þurfa að búa yfir skipulagshæfni, eldmóði og félagslyndi. Um er að ræða 100% vaktavinnustarf.

Sæktu um hér:

atvinna@foodco.is — umsokn.foodco.is

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 25 ára og vilt vinna hjá traustu og skemmtilegu fyrirtæki með einstakan starfsanda, hikaðu þá ekki við að sækja um.

Fræðslustjóri

Fjármálafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða fræðslustjóra.

Helstu verkefni

- Parfagreiðing fræðslu.
- Gerð fræðsluáætlunar.
- Skipulagning og umsjón með fræðslu og námskeiðum.
- Þátttaka í ýmsum mannauðsverkefnum.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í þessu starfi. Framhaldsmenntun er æskileg.
- Brennandi áhugi á fræðslu- og starfsþróunarmálum.
- Reynsla af starfi á sviði fræðslumála.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar veita:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 30. júní nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Skoraðu á þig í hugbúnaðargerð

Marel leitar að öflugum forritara í Innova vörusetur fyrirtækisins. Ef þú hefur reynslu af hugbúnaðargerð, hefur áhuga á tækni og þróun og vilt starfa í teymisvinnu í alþjóðlegu umhverfi gæti þetta verið tækifærið.

Innova er einn öflugasti hugbúnaður sem notaður er fyrir framleiðslueftirlit og framleiðslustýringu í matvælaíðnaði. Hugbúnaðurinn er í notkun í helstu matvælafyrirtækjum um allan heim. Nú starfa yfir 60 manns við þróun, sölu og þjónustu á Innova hugbúnaðinum hér á landi, í Danmörku, Hollandi og Úrúgvæ. Í Innova hópnem er mikil áhersla lögð á samvinnu og fer öll hugbúnaðargerð fram í Scrum teymum.

Starfssvið:

- Greining, hönnun og forritun
- Innleiðing kerfa hjá viðskiptavinum
- Stuðningur við öflugt þjónustunet Marel

Hæfniskröfur:

- Tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla í forritun og hugbúnaðargerð með Visual Studio, C# og MS SQL Server
- Góð enskukunnátta er mikilvæg
- Hæfni í samskiptum og teymisvinnu

Þar sem viðskiptavinir okkar eru um allan heim getur starfið falið í sér ferðalög utanlands.

Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Þorvaldsson, bjorn.thorvaldsson@marel.com.



Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuástöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mótuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttástöðu og gott félagslíf.

www.marel.com



marel

Atlas Copco

Based on the actual success and further challenging targets to increase the GAP business especially in the energy recovery-/geothermal market we are looking to fill these positions in addition to our young dynamic team.

PROJECT MANAGER, BALANCE OF PLANT

Engineer (project, power-plant, mechanical, electrical) with minimum 5 years of experience in managing projects. Role is to coordinate Atlas Copco's supply for organic Rankine (ORC) plants beyond the supply of Turbine Generator.

COMPONENT AND PIPING ENGINEER

Engineer (mechanical, power or chemical) with some years of experience in design and procuring; heat exchanger, pumps, valves and piping.

ELECTRICAL ENGINEER

Engineer (power-plant or electrical) with experience of design and procurement of mid and high voltage systems, preferably in power-plant environment.

PLC PROGRAMMER.

Experienced PLC programmer with experience of process programming preferably power plants.

COMMISSIONING ENGINEER

Experienced person in operating, installing and/or starting up plants preferably power plants. Education: ships engineer (vélfraeðingur) or other education that might apply.

Atlas Copco is an international company with production in 20 countries and 40.000 employees. Atlas Copco's division, Gas and Process (GAP), has manufacturing in Germany, USA, India and China.

Atlas Copco, GAP GCC (Geothermal Competence Center) is currently delivering ORC plants to Germany and Turkey.

Work locations are:
Cologne – Germany,
Santa Maria, California – USA
and Reykjavík – Iceland

For information, contact
Oliver Degener, tel. +354 571 0750
between 8 and 12 am.

Please send applications to
oliver.degener@de.atlascopco.com
before June 30th.




Mýrdalshreppur
Vík í
Mýrdal

Fjölskylduvænt
samfélag í fallegu
umhverfi.

Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúrufergurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið

Við Víkurskóla í Vík, sem er sameinaður leik-, grunn-, og tónskóli, er laus til umsóknar staða:

Deildarstjóra leikskóladeildar

- 100 % staða deildarstjóra við leikskóladeild Víkurskóla er laus til umsóknar frá og með 1. september 2013.

Laun skv. kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 4. júlí n.k.

Nánari upplýsingar veitir:
Ragnhildur Einarsdóttir skólastjóri S. 487 1242 eða 8454270 ragnhildur@vik.is

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík



Námsráðgjafa/sérkennara/ kennara vantar

Til starfa í Valsárskóla vantar námsráðgjafa, sérkennara og kennara til kennslu yngri barna. Um er að ræða heila stöðu en til greina kemur að skipta henni. Sérstaklega er leitað eftir kennara sem hefur lokið námi í námsráðgjöf og sérkennslu og hefur reynslu af kennslu yngri barna og byrjendalæsi.

Nánari upplýsingar gefur Einar Már Sigurðarson skólastjóri í síma 8631739 eða í tölvupósti ems@valsar.is. Umsóknir sendist í tölvupósti á netfangið ems@valsar.is. Umsóknarfrestur er til 5. júlí 2013.

Valsárskóli er fámennur grunnskóli með samkennslu nemenda. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu-hætti, áætlun Olweusar og uppbyggingarstefnunni er fylgt og skólinn er á grænni grein.

Svalbarðsstrandarhreppur er við austanverðan Eyjafjörð og íbúafjöldi um 400. Skólinn er staðsettur á Svalbarðseyri um 12 km frá Akureyri. Sveitarfélagið hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er vel að honum staðið.
Skólastjóri.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Sjúkraliðar

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts óskar eftir sjúkraliðum til starfa á heimili fyrir börn, Móvaði. Á heimilinu búa fimm börn/ungmennir með mismunandi líkamlegar og andlegar fatlanir. Sólarhringsþjónusta er veitt á heimilinu. Þjónustan miðast við að efla færni, auka sjálfstæði og auka lífsgæði. Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

Helstu verkefni:

- Stuðningur og aðstoð við börn/ungmennir með fötlun við allar athafnir daglegs lífs.
- Sérstæk umönnun.
- Markmiðið er að stuðla að eðlilegu lífi, aukinni félagsfærni og þátttöku í samfélaginu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sjúkraliðamenntun.
- Starfsreynsla sem sjúkraliði.
- Reynsla af starfi með fötluðum æskileg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands. Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefania Björk Sigfúsdóttir í síma 533-1125 eða með því að senda fyrirspurnir á netfangið: stefania.bjork@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Umsóknarfrestur er til 30. júní n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Sálfræðingur

Laust er til umsóknar starf sálfræðings hjá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Um er að ræða 100% starf.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts býður upp á:

- Tækifæri til að taka þátt í og hafa áhrif á uppbyggingu og mótun þjónustunnar.
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki.
- Gott vinnuumhverfi.
- Sveigjanlegan vinnutíma.
- Handleiðslu.

Helstu verkefni:

- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum og unglungum.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsfólk skóla.
- Þverfaglegt starf á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorgeir Magnússon deildarstjóri í síma 411 1200 / 664 7756 eða með því að senda fyrirspurnir á netfangið: thorgeir.magnusson@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 8. júlí n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



FATAHÖNNUÐUR

Icewear óskar eftir að ráða hönnuð

Starfið felst í hönnun og vörupróun á prjónafatnaði sem er markaðssettur bæði innanlands og erlendis.

Menntunarkröfur:

- Fatahönnunarnám.
- Haldgóð undirstöðumenntun
- Stúdentspróf.
- Klæðskeramenntun og/eða tækni-menntun á sviði fataþróunar og undirbúnings fatnaðar fyrir framleiðslu

Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vörupróun fatnaðar er skilyrði.
- Reynsla að hanna munstur og prjónafatnað
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð.
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfileikar og námkvæmni.
- Gott vald á ensku.
- Góð almenn tölvuþekking, Illustrator, Photoshop, Word og Excel.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyrirtæki. Ferðalög erlendis eru hluti af starfinu.

Áhugasamir sendi umsóknir til Drífu ehf, Suðurhrauni 12 C, 210 Garðabæ. agust@icewear.is

Umsóknarfrestur er til 3. júlí. Umsóknum ekki svarað í síma.

Um Icewear: Icewear var stofnað 1972 og starfaði í ullariðnaði. Á undanföllum árum hefur fyrirtækið þróað útivistarlínu sem er seld í erlunum í Evrópu og Norður Amríku undir vörumerkjnum Icewear og Norwear. Víkurprjón er alfaríð í eigu Drífu ehf.



Múrara og múrarnemar óskast

Múrara óskast, mikill vinna. Mælingarvinna í boði. Einnig vantar múraranema. Upplýsingar veita Gylfi síma 693-7300 eða Hörður í síma 693-7320, einnig á gylfi@bygg.is

Skipstjóri óskast


Skipstjóri með vélgæsluréttindi óskast í sumar á 24 tonna farþegaskip sem siglir stuttar ferðir frá gömlu höfninni í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Erna Jóna í síma 666 1101, netfang: erna@natureisen.is



A NEW EXCITING

Food production company is looking for experienced chef assistants and sushi production staff.

Please e-mail inquires enclosed with cv and details on experience to info@sushigo.is



Þjónustu- og söluráðgjafi

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða framsækinn einstakling í starf þjónustu- og söluráðgjafa Porsche bifreiða.

Helstu verkefni:

- Sala nýrra og notaðra Porsche bifreiða
- Verkstæðismóttaka Porsche
- Móttaka viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa góða framkomu og mikla söluhæfileika
- Reynsla af sölumennsku
- Áhugi og þekking á bílum
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni í samskiptum
- Frumkvæði, eldmóður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Ragnarsson í síma 590 2063. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á tölvutæku formi til bjorn@benni.is Umsóknarfrestur er til og með **1. júlí n.k.**

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • www.benni.is



VSÓ RÁÐGJÖF

www.vso.is



Sérfræðingur í skipulagsmálum

Leitað er að sérfræðingi til að vinna að fjölbreyttum skipulagsverkefnum, starfsmanni sem býr yfir jákvæðini og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt því að hafa:

- Menntun á sviði skipulagsmála, s.s. skipulagsfræði eða landslagsarkitektúr.
- Reynsla af skipulagsverkefnum.
- Metnað og vilja til að þroskast í starfi.
- Kunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góðum hæfileikum til að tjá sig í ræðu og riti.

Starfið er á sviði Umhverfis og skipulags og felst einkum í vinnu við gerð aðalskipulagsáætlana, deiliskipulagsáætlana og umhverfismat áætlana, ásamt ýmiskonar greiningarvinnu.

VSÓ Ráðgjöf hefur unnið að mörgum skemmtilegum skipulagsverkefnum m.a. við svæðisskipulag, aðalskipulag, umhverfismat o.fl., sjá nánar á www.vso.is.

Landslagsarkitekt

Leitað er að landslagsarkitekt til að vinna að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum innanlands og í Noregi, starfsmanni sem býr yfir jákvæðni og góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum ásamt því að hafa:

- Starfsreynsla og góða þekkingu á MicroStation/AutoCad, Sketch up eða sambærilegum forritum.
- Metnað og vilja til að þroskast í starfi.
- Kunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góðum hæfileikum til að tjá sig í ræðu og riti.

Starfið er á sviði Umhverfis og skipulags og felst einkum í vinnu við landmótun og hönnun skóla- og leiksvæða, almennri hugmynda- og hönnunarvinnu, ásamt því að vera hluti af þverfaglegu hönnunar- og skipulagsteymi VSÓ Ráðgjafar.

Verkefni VSÓ við landslagshönnun hafa einkum verið við hönnun skóla- og leiksvæða, útivistarsvæða, umhverfi samgöngumannvirkja og atvinnulóða, sjá nánar á www.vso.is.

VSÓ Ráðgjöf býður starfsmönnum sínum samkeppnishæf kjör, góða vinnuaðstöðu, fjölskylduvænan vinnustað, góða vinnufélaga og fjölbreytt verkefni. Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast á netfangið umsokn@vso.is fyrir 15. júlí 2013.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rötgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.

Starfsmenn VSÓ Ráðgjafar eru nú um 60 og sinna alhliða hönnun og ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.

Verkefni stofunnar eru á Íslandi, Norðurlöndunum og víðar um heim.

VSÓ er í samstarfi við erlend ráðgjafarfirmir og VSÓ Consulting AS er dótturfyrirtæki VSÓ í Noregi.

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



TÆKJASTJÓRNENDUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur til starfa við framkvæmdir hér á landi. Um er að ræða stjórnun á grófum, jarðytum, vörubílum með krana auk annarra tilfallandi verkefna. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

Upplýsingar um starfið eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðuflióti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um starfið á www.istak.is – undir „Starfsumsókn“ fyrir 3. júlí næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhlíða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Pípulagningamenn og menn vanir pípulögnum óskast í vinnu.



ALHLÍÐA PÍPULAGNIR

Nánari upplýsingar í síma 566 7001 frá 8:30 – 16:00 og eða pipulagnir@alhlida.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Leikskólinn Álftún óskar eftir leikskólakennara í sérkennslu
- Leikskólinn Efstihjalli óskar eftir leikskólakennara
- Leikskólinn Kópasteinn óskar eftir aðstoðarmatræð
- Smáraskóli óskar eftir dönskukennara
- Smáraskóli óskar eftir stundakennara í forföll

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201306/063
Lögfræðingur	Skipulagsstofnun	Reykjavík	201306/062
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Blönduós	201306/061
Sérfræðingur í innheimtu	Tryggingastofnun	Reykjavík	201306/060
Sérfræðingur í vef- og kynningarm.	Tryggingastofnun	Reykjavík	201306/059
Doktorsnemi í hagfræði	HÍ, framkvæmda- og tæknisvið	Reykjavík	201306/058
Rafvirki	HÍ, framkvæmda- og tæknisvið	Reykjavík	201306/057
Lektor í tannfyll.- og tansj.dóm.fr.	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201306/056
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, móttökugeðdeild 32A	Reykjavík	201306/055
Deildarlæknir	Landspítali, nýrnalækningar	Reykjavík	201306/054
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201306/053
Félagslíði	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Kópavogur	201306/052
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201306/051
Skrifstofustjóri	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun.	Reykjavík	201306/050
Íslenskukennari, fulltrúi á skrifstofu	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201306/049
Kennari, starfsmaður	Fjölbreyttaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201306/048

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnuspamaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavininn okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsambandur!

HH Ráðgjöf er alhlíða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



RESEARCH LAWYER

The EFTA Court in Luxembourg invites applications for the position of a research lawyer which is expected to fall vacant from 1 January 2014 for a period of one year, with the possibility of prolongation.

The post involves providing advice on both substantive and procedural points of law arising in cases before the EFTA Court, preparing drafts of judgments and procedural documents, as well as contributing to the deliberations of the Court through written notes.

Applicants should be qualified to practise law or have taught law at university level, be fluent in English (the Court's working language), and be fully conversant with European Union law. Familiarity with the EEA legal system would be an asset, as would significant relevant experience of legal practice or teaching - in particular working experience or traineeship at the Court of Justice of the European Union.

This is an important post that involves a high degree of responsibility. Competitive salary and working conditions are guaranteed accordingly.

Applications shall include the application form (available on the Court's website - under "the Court" / "vacancies"), a letter of motivation and copies of diplomas, together with the names and addresses of one or two referees who have experience of the applicant's work over the past years. They should be submitted by email to application@eftacourt.int and will be treated in strict confidence. Further details about conditions of employment are available on request.

Deadline for receipt of applications: **31 August 2013**. Questions regarding the Court or the post may be addressed to Philipp Speitler, at +352 42 10 83 23, or philipp.speitler@eftacourt.int

Laus störf hjá Austurbrú

Verkefnastjóri:

Á fræðsluviði með starfsstöð á Vopnafirði. Viðkomandi þarf að ferðast um fjórðunginn vegna starfa á öðrum starfsstöðvum.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Þekking á menntamálum
- Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af gerð styrkumsókna er kostur

Helstu verkefni eru á sviði símenntunar og háskólanáms. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið bergthora@ austurbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita: Bergþóra Arnórsdóttir, bergthora@ austurbru.is sími: 4703804 eða Guðrún Áslaug Jónsdóttir, gudrun@ austurbru.is, sími 4703830.

Verkefnastjóri:

Á markaðs og þróunarsviði með starfsstöð á mið Austurlandi. Viðkomandi þarf að ferðast vegna starfsins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til teymisvinnu
- Góð reynsla af ferðamálum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af styrkjaumsóknum æskileg

Starfið felur í sér heildstæða markaðssetning á Austurlandi með áherslu á Egilsstaðaflugvöll, samskipti og samstarf við markaðsstofurnar á landsvísi og ráðgjöf við ferðaþjónustuaðila. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið austurbru@ austurbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita: Ásta Kristín Sigurjónsdóttir asta@ austurbru.is og Jón Pálsson jonp@ austurbru.is

Verkefnastjóri:

Á markaðssviði með starfsstöð á Egilsstöðum. Viðkomandi þarf að ferðast vegna starfsins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til teymisvinnu
- Haldgóð þekking á svæðinu
- Reynsla af viðburðastjórnun æskileg
- Haldgóð þekking af vef og samfélagsmiðlum

Starfið felur í sér umsjón með og viðveru á Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum. Einnig felur starfið í sér önnur verkefni fyrir markaðssvið. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. Júlí.

Nánari upplýsingar veitir Jón Pálsson jonp@ austurbru.is

Austurbrú ses. er sjálfseignarstofnun byggð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Auk þess annast Austurbrú daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin er með sex starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Sjá nánar á www.austurbru.is.



þekking - þróun - þjónusta

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

til sölu

Pekkt fyrirtæki í gluggatjaldagerð

Til sölu rótgróið fyrirtæki með eigin innflutning og framleiðslu á vandaðri og þekktri vöru. Miklir framtíðarmöguleikar fyrir hendi. Gott verð. Nánari upplýsingar í síma 773-4700 og á atv.is

Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.

til leigu

TIL LEIGU - LAUFÁSVEGUR

Um er að ræða góða 3-4 herb. íbúð við Laufásveg í Reykjavík. Íbúðin er í fallegu húsi og með sérinngangi. Mánaðarlaeiga kr. 240.000,-

Upplýsingar í síma 896-2822.

Skrifstofuhúsnæði til leigu

Laust er til leigu skrifstofuhúsnæði á 2. og 3. hæð að Bæjarhrauni 14 Hafnarfirði. Flatarmál á hvorri hæð er um 130 m² eða alls um 260 m².

Nánari upplýsingar fást hjá:
Jóni Gesti Hermannssyni eða
Guðmundi Björnssyni í síma 422 5200.



HS Veitur hf • Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími 4225200 • www.hsveitur.is • hs@hs.is

skipulag



Dalvíkurbyggð

AUGLÝSING um aðalskipulagsbreytingu í Dalvíkurbyggð

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 18. júní 2013 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Breytingin felur í sér að íbúðasvæði nr. 313 fellur út, svæði fyrir þjónustustofnanir minnkar til austur og opið svæði til sérstakra nota nr. 402 stækkar til norðurs sem nemur fyrrgreindum breytingum á svæðum 313 og 401. Tillagan verður send Skipulagsstofnun til lokaafgreiðslu sbr. grein 4.8.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu sveitarstjórnar, geta snúið sér til byggingafulltrúa, Ráðhúsinu, Dalvík, sími 460-4920

Skipulagsstofnun mun auglýsa tillöguna í Stjórnartíðindum B og öðlast þá aðalskipulagsbreytingin gildi.

Dalvíkurbyggð, 19. júní 2013

Börkur Þór Ottósson
byggingafulltrúi Dalvíkurbyggðar

fundir

Hollvinir Núpsskóla

Aðalfundur 2013 verður haldinn í Kvinnaskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 27. júní kl. 17.

Stjórnin

Sama árgjald og sl. ár má greiða á sama reikning.

útboð

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Upphitun strætóbiðstöðva 2013, Hringbraut og Kringlan - útboð nr. 13066.
- Seljahverfi – tengistigar. Stígagerð - útboð nr. 13073.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaðeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Útboð
Skólaakstur

Húnaþing vestra óskar eftir tilboðum í skólaakstur fyrir skólaárin 2013/2014 og 2014/2015.

Um er að ræða skólaakstur til og frá skólanum á Hvammstanga á leið 6 um Vatnsnes, daglegan akstur samkvæmt útboðsgögnum.

Hægt er að nálgast útboðsgögn á vefslóðinni <http://hvammstangi.ismennt.is/skolaakstur.pdf>.

Útboðsgögn verða einnig afhent á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5. Tilboðum skal skilað á skrifstofu Húnaþings vestra í síðasta lagi 10. júlí 2013.

Tilboðin verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska á skrifstofu Húnaþings vestra Hvammstangabraut 5, þann 15. júlí, kl. 11:00

Umsjónaraðili útboðs fyrir hönd Húnaþings vestra er Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri.
Netfang: siggi@hunathing.is, sími: 861-2921.

ÚTBOÐ



GARÐATORG 7 GARÐABÆ

Garðabær, óskar eftir tilboðum í frágang lóðar vegna framkvæmda við Garðatorg 7 Garðabæ. Verkið nær til fullnaðar frágangs lóðar.

Helstu magntölur eru:	
Stoðveggir	215 m ²
Malbikun	454 m ²
Grasþakning	560 m ²
Trjáplöntur	1.085 stk

Verkinu skal vera lokið eigi síðar en 6. september 2013.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á verkefnavef verksins, lykilorð að útboðsgögnum veitir Karl Ásgrímur Ágústsson sími 840-1640 karl@thq.is. Einnig er hægt að fá gögnin afhent á geisladisk frá kl. 13:00 mánudaginn 24. júní n.k. í þjónustuveri Garðabæjar.

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær þriðjudaginn 1. júlí 2013 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

fasteignir

TRAUSTI
fasteignasala

SÖLUFULLTRÚI ÓSKAST

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða sölufulltrúa til starfa.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknir sendist á kristjan@trausti.is, hægt að fá nánari upplýsingar í síma 867-3040 Trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

FOLD
FASTEIGNASALA

Lögmenn Sundagörðum leggja mikla áherslu á faglega og persónulega þjónustu og segir Sævar mikilvægt að viðskiptavinir séu vel upplýstir um framgang mála sinna. „Við veitum sólarhringsþjónustu þegar áhugi er á slíku,“ segir hann. „Persónuleg tengsl við umbjóðendur okkar skipta höfuðmáli. Það er mikilvægt að þeir séu með í ferlinu og meðvitaðir um gang mála.“

Sævar segir stofuna leggja metnað í sanngirni gagnvart umbjóðendum. „Við gerum þeim grein fyrir stöðunni og reynum að taka tillit til aðstæðna þeirra, eftir því sem það á við. Lögfræðistörf eru persónuleg og traust milli aðila er grundvallaratriði. Við úrvinnslu verkefna er fundinn sá aðili sem er hæfastur til að leysa úr því máli.“ Þannig tryggir stofan faglega úrvinnslu hvers verkfnis fyrir sig. „Þótt einn sérfræðingur hafi



Á myndinni eru fimm af níu lögmönnum stofunnar; Jónas Örn Jónsson, Guðbrandur Jóhannesson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Hlynur Ingason og Sævar Þór Jónsson.

MYND/ANTON BRINK

yfirumsjón með málinu þá felst sérstaða stofunnar í reynslu starfsmannanna á ólíkum sviðum sem hjálpar þá við úrvinnslu verkefna. Fleiri geta því komið að málinu ef svo ber undir.“

Sinna málum af öllu tagi

Sævar segir stofunni hafa vegnað vel að vinna úr skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga.

„Við höfum verið framarlega í að reka mál fyrir dómstólum á sviði verðtrygginga og gengislána en höfum einnig verið mjög víðtæk á sviði skattaréttar,“ segir Sævar. „Eins höfum við verið í ýmsum fjárfestingarverkefnum fyrir erlenda aðila á sviðum orku og matvælaframleiðslu.“ Hann bætir við að þrátt fyrir að þetta séu stærstu svið stofunnar sinni hún málum af öllu tagi.

„Við sérhæfum okkur til dæmis í skattarétti og að endurskipuleggja fyrirtæki fjárhagslega. Við hjálpum einstaklingum í skuldavanda en sinnum líka öllum almennum lögfræðistörfum.“



AÐALSTEINN SIGURÐSSON viðskiptalögfræðingur

Aðalsteinn Sigurðsson viðskiptalögfræðingur sérhæfir sig í neytendarétti, Evrópurétti og samninga- og kröfurétti. Hann hefur unnið að neytendavernd og var meðal annars skipaður í nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem gerði úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði. Evrópuréttur tengist flestum þáttum lögfræðinnar og sérstaklega þegar kemur að viðskiptum, hvort sem er neytendaviðskipti eða viðskipti á milli fyrirtækja. Aðalsteinn er sérfræðingur í lánasamningum og skuldabréfum og málum sem varða gengistryggingu og verðtryggingu.



GUÐBRANDUR JÓHANNESSON héraðsdómslögmaður

Guðbrandur Jóhannesson héraðsdómslögmaður hefur sérhæft sig í fullnustu- og skuldaskilarétti. Síðastliðin ár hefur hann jafnframt unnið í skaðabóta- og fasteignakaupmálum, ásamt því að sinna stjórnarsetu félaga og aðstoðað við útgáfu lögfræðilegra rita.

Önnur sérsvið eru sakamálaréttur og stjórnisýsluréttur.



ARNAR KRISTINSSON lögfræðingur

Arnar Kristinsson lögfræðingur hefur sérhæft sig í neytendarétti á fjármálamarkaði auk samninga- og kröfuréttar með sérstakri áherslu á verð- og gengistryggingu. Arnar hefur einnig stundað ítarlegar rannsóknir á þeim sviðum Evrópuréttar sem lúta að viðskiptum við fjármálafyrirtæki, meðal annars í samstarfi við dr. Elviru Mendes-Pinedo, prófessor við Háskóla Íslands.



JÓNAS ÖRN JÓNSSON héraðsdómslögmaður

Jónas Örn Jónsson héraðsdómslögmaður sérhæfir sig í félagarétti og fasteignakauparétti og hefur áralanga reynslu af þessum réttarsviðum og situr í stjórn fjölda fyrirtækja. Hann hefur að auki starfað í yfir tíu ár í Danmörku sem ráðgjafi fyrir fjölda íslenskra og danskra fyrirtækja.

Enn fremur hefur hann yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af sölu fyrirtækja og fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, þar með talið fjármögnun. Þessu tengt einnig ráðgjöf til fyrirtækja í fjárhagslegum erfiðleikum, svo sem við nauðasamningsumleitunir og samninga við kröfuhafa.

Önnur sérsvið eru skaðabótaréttur, samninga- og kauparéttur, kröfuréttur og málf lutningur.



„Við vitum að trúnaður og gæði er það sem skiptir umbjóðendum okkar miklu máli,“ segir Ingibjörg. Hér er hún ásamt meðeigendum sínum á lögmannsstofunni Land, þeim Sigurði Jónssyni, Atla Má Ingólfssyni og Eiríki Gunnsteinssyni. MYND/STEFAN

Viðskiptavinum á að líða vel

Land lögmennt er ný og fersk lögmannsstofa með aðsetur á Smáratorgi 3, 12. hæð, Turninum í Kópavogi. Eigendur Land búa yfir fjölbreyttri reynslu af flestum sviðum lögfræðinnar og þjónusta þeirra er bæði persónuleg og á sanngjörnu verði. Stofan leggur áherslu á að fólki líði vel enda vísar nafn hennar meðal annars til þess að viðskiptavinir hafi ávallt fast „land“ undir fótum.

Blaðamaður settist niður með eigendum Land lögmannna og fór yfir helstu áherslumál stofunnar með þeim. Það varð strax greinilegt að viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti hjá þeim. „Við viljum að honum líði vel þegar hann kemur til okkar,“ segir Atli og bætir við að lögmennt stofunnar veiti viðskiptavinum alltaf persónulega þjónustu. „Það felst meðal annars í því að við tökum tíma með þeim og förum vandlega yfir hvert mál fyrir sig. Þá geta þeir alltaf náð í okkur,“ segir Eiríkur og leggur áherslu á að sá lögmaður Land sem þú ræðir við sé sá sem vinni persónulega í þínu máli sem eykur traust á milli aðila. „Við erum metnaðarfull og sníðum lausnir að þörfum viðskiptavina okkar til að ná árangri í þeirra þágu.“

Ingibjörg segir lögmennt Land setja sér afar háan gæðastaðal. „Við vitum að trúnaður og gæði er það sem skiptir okkar umbjóðendum miklu máli,“ segir hún og bætir við að Land lögmennt veiti góða þjónustu fyrir sanngjarnt verð.

„Þrátt fyrir að við tökum verkefni og vinnuna alvarlega tökum við okkur sjálf ekki of alvarlega, það er alltaf stutt í húmorinn eins og viðskiptavinir okkar kannast við.“ segir Ingibjörg gláðlega. „Við förum líka saman í ræktina,“ skýtur Atli inn í og segist reyna eftir fremsta megni að reka lögmennt stofunnar áfram í ræktinni.

Prátt fyrir að við tökum verkefni og vinnuna alvarlega tökum við okkur sjálf ekki of alvarlega, það er alltaf stutt í húmorinn eins og viðskiptavinir okkar kannast við.

Fjölbreytt reynsla og verkefni

Að sögn Eiríks eru á meðal viðskiptamanna Lands einstaklingar, fyrirtæki, opinberar stofnanir og ráðuneyti, bankar, alþjóðleg fjárfestingarfyrirtæki og alþjóðastofnanir. „Við búum yfir fjölbreyttri reynslu af flestum sviðum lögfræðinnar,“ upplýsir Sigurður, sem mætir beint í viðtalið úr málflytningi, en hann hefur 23 ára reynslu úr lögmenntsku og þar af hefur hann starfað í rúm 16 ár sem hæstaréttarlögmaður. Ingibjörg bendir á að Land lögmennt hafi meðal annars starfað á sviði alþjóðlegra fjárfestinga, alþjóðavíðskipta, við gerð fríverslunarsamninga, endurskipulagningar fyrirtækja og á sviði félagaréttar.

Sigurður hefur unnið að þjóðlendumálum allt frá 1999 og þekkir því vel til þeirra mála. Hann bendir á að ákveðin viðleitni sé til staðar í samfélaginu að horfa fram hjá réttindum landeigenda og gera almannarétti hærra undir höfði.

Atli segir að verkefni stofunnar séu meðal annars ráðgjöf á

PETTA ERUM VIÐ!

Auk þess að hafa starfsstöð á 12. hæð í Turninum í Kópavogi eru Land lögmennt með útibú og fasteignasölu Stað á Selfossi. Land lögmennt halda einnig uppi þjónustu fyrir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum með reglulegum ferðum á Patreksfjörð.

Sigurður Jónsson hrl. hóf störf sem dómarafulltrúi árið 1983, var sýslumannsfulltrúi 1986-1989 og sýslumaður í Strandasýslu árið 1987. Sigurður var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra 1989-1991. Hann hefur starfað sem lögmaður frá árinu 1991 og var einn eigenda Lögmannna Suðurlandi 1991-2002, Lögmannna Vestmannaeyja 2002-2007 og síðar Lögmannna Árborgar 2007-2012.

Eiríkur Gunnsteinsson hrl. hóf störf 2001 hjá sýslumanninum í Reykjavík. Hann var lögmaður hjá Fulltingi og Gjaldheimtunni 2002-2009 og rak eigin lögmannsstofu 2010-2012.

Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir, hdl., LL.M. hóf störf 1998 sem fulltrúi hjá sýslumanninum á Seyðisfirði og var deildarstjóri lögfræðideildar landbúnaðarráðuneytisins 1999-2006. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá viðskiptadeild EFTA í Sviss 2006-2008, var yfirlögfræðingur hjá Inventages í Sviss 2008-2010 og starfaði sjálfstætt sem ráðgjafi í Sviss árin 2011-2012.

Atli Már Ingólfsson, hdl., MBA, hóf störf hjá Héraðsdómi Reykjaness árið 2000. Hann var lögfræðingur hjá Íslenskrí Erfðagreiningu 2001-2002 og deildarstjóri lögfræðideildar landbúnaðarráðuneytisins 2002-2007. Atli starfaði sem lögmaður á fyrirtækjavíði og við endurskipulagningu eigna hjá Landsbankanum árin 2007-2012.

sviði samningaréttar, alþjóðlegra fjárfestinga, fjármálaréttar, gjalddeyrismála, alþjóðavíðskipta, félagaréttar, eigna- og auðlindaréttar, hjúskapar og forsjármála auk málflytninga fyrir héraðsdómstólum og Hæstarétti. „Við sérhæfum okkur enn fremur í ráðgjöf til fyrirtækja sem vilja nýta sér ákvæði fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að,“ segir Ingibjörg. Svo eru bændur og málefni þeirra í hávegum höfð á stofunni, bætir Sigurður við.

Áhugi á fjárfestingum á Íslandi

Ýmis önnur verkefni koma inn á borð lögmannanna á Land. „Við höfum til dæmis orðið vör við að enn þá ríkir töluverð óvissa

varðandi fjármál einstaklinga og fyrirtækja vegna erlendra lána. Við reynum að greiða úr þeim málum fyrir umbjóðendum okkar,“ skýrir Atli frá. „Þá aðstoðum við einnig einstaklinga og fyrirtæki við að nýta sér gjalddeyrissúttboð Seðlabanka Íslands,“ segir Eiríkur en Lögmennt Land leiðbeina innlendum og erlendum aðilum sem vilja fjárfesta hér á landi.

Að sögn Sigurður hefur ráðgjöf til handa forsjárlausum feðrum við að ná fram réttindum sínum aukist mikið á síðustu árum.

Eiríkur bendir á að verkefni séu mjög fjölbreytt enda búa eigendur Land yfir ólíkri reynslu. „Það er okkar styrkleiki hvað við erum ólík og höfum margvíslega

reynslu. Viðskiptavinir okkar fá alltaf þjónustu hjá þeim lögmanni sem er sérfræðingur í þeim málaflokki sem um ræðir. Yfir flókin mál setjumst við öll og ræðum í sameiningu,“ upplýsir Atli.

Ingibjörg telur að mikill áhugi sé á Íslandi í hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi en erlendir fjárfestar séu farnir að horfa til Íslands í auknum mæli. „Það virðist vera ákveðin bjartsýni ríkjandi,“ segir hún.

„Það er gaman að sjá hugmyndir frumkvöðla verða að veruleika og við höfum aðstoðað mörg sprotafyrirtæki við að koma lagalegu umhverfi sínu í þann búning sem hentar best hverju sinni,“ segir Atli að lokum.

Land
LÖGMENN

Til frekari upplýsinga benda lögmennt Land á netföng sín sem eru þessi:

Atli Már Ingólfsson: atli@landlogmenn.is | Eiríkur Gunnsteinsson: eirikur@landlogmenn.is | Ingibjörg Ólög Vilhjálmsdóttir: iov@landlogmenn.is | Sigurður Jónsson: siggi@landlogmenn.is

ADVEL

Öflug lögfræðipjónusta fyrir allar gerðir fyrirtækja

Starfsfólk ADVEL hefur sérþekkingu og víðtæka reynslu af flókinni og oft margslunginni löggjöf sem fyrirtækjarekstur byggist á.

Við ráðum þér heilt og tökum vel á móti þér.


Konráð og félagar á ferð og flugi 49

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Par sem Konráð, Lísaloppa og Kata voru á gangi í kjarri brá þeim ofboðslega þegar allt í einu flaug upp fugl rétt við fætur þeirra. „Úff, ég fékk bara næstum fyrir hjartað mér brá svo,“ dæsti Konráð. Pau horfðu á fuglinn fljúga lágflug yfir kjarrið og lenda svo nokkru fjær og hverfa þeim sjónum. „Hvaða fugl var nú þetta?“ spurði Kata. „Hann hefði getað drepit okkur með því að gera okkur svona bilt við.“

Veist þú hvað þessi fugl heitir? Heitir hann:

- A Fasani
- B Hæna
- D Rjúpa



Myndin



SUMAR Alexandra Dóra Sæmundsdóttir og Tinna Rán Kristjánsdóttir sendu okkur þessa mynd. Þær eru báðar átta ára.

KOLAPORTIÐ

Kolaportid er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

Bókaormur vikunnar

Hvað heitir þú fullu nafni? „Ég heiti Helena Mirra Stefánsdóttir og er að verða 12 ára.“

Ertu mikill lestrarhestur? „Ég les mikið af bókum og lærði að lesa snemma í 1. bekk.“

Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur? „Að maður fer bókstaflega í annan heim. Þegar ég les er ég gjörsamlega horfin. Það finnst mér skemmtilegast.“

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? „Já, það var Harry Potter.“

Hvers konar bækur höfðu helst til þín? „Það eru fantasíur, ævin-

týri og spennubækur.“

Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún? „Sú bók sem ég kláraði síðast var Eragon. Hún er vel skrifuð og skemmtileg.“

Í hvaða hverfi býrð þú? „Ég bý í Stóra-Skerjafirði og er í Melaskóla.“

Hvaða námsgrein er í uppáhaldi? „Þær námsgreinar sem mér þykja skemmtilegastar eru lestur og náttúrufræði og kannski smá stærðfræði og enska.“

Hver eru þín helstu áhugamál? „Skátar, leiklist og lestur.“



HELENA MIRRA Hún fékk bókina Spádómurinn eftir Hildi Knútsdóttur.

Borgarbókasafnið og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO efna til sumarlesturs fyrir börn á öllum aldri. Börnin koma við í einu af sex söfnum Borgarbókasafns þegar bók hefur verið lesin og skrifa nafn sitt, aldur,

heiti bókar og símanúmer á blað í formi steinvölu sem síðan mynda vörðu. Í hverri viku er einn bókaormur dreginn úr vörðunni. Sá fær bók að launum frá Forlaginu. Hér er fyrsti bókaormur sumarsins.



DAÐI HRAFN „Nú teikna ég bara myndir heima.“

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Úti að gera listaverk

Daði Hrafn Þorvarðarson hefur gaman af að teikna og mála. Hann var nýlega á myndlistarnámskeiði á Ísafirði sem hét Litað út fyrir gluggann. Nú eru verk nemendanna sýnileg öllum á Ísafirði í Búrinu, minnsta gallerí Evrópu.

Hvað ertu gamall, Daði? „Ég er nýbúinn að eiga átta ára afmæli.“

Segðu mér frá myndlistaráhugamálinu þínu. „Já, ég er búinn að fara á tvö myndlistarnámskeið. Það voru sömu kennarar á báðum, Gunnar Jónsson og Ólöf Dómhildur. Á fyrra námskeiðinu vorum við krakkarnir að teikna og mála inni en nú vorum við úti að gera listaverk. Við teiknuðum til dæmis myndir úti á Silfurtorgi og settum trefil sem Ólöf hafði þrjónað utan um ljósastaur á miðju torginu.“

Fóruð þið eitthvað út fyrir bæinn? „Já, við fórum inn í Tungudal. Þar bjó ég til stytta úr snjó. Við tókum mynd af henni og settum hana í glerbúr á sýningu sem við erum með þar.“

Hvar er Búrið? „Það er á milli stjórnsýsluhússins og hótelsins. Öðru megin við það er sjórin og hinum megin er Silfurtorg.“



VIÐ BÚRIÐ Benedikt Hrafn Guðnason, Margrét Inga Gylfadóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Jón Ingi Sveinsson, Embla Kleópatra Atladóttir og Daði Hrafn Þorvarðarson sýna í Búrinu ásamt þremur öðrum.

Verða listaverkin lengi í Búrinu? „Í svona einn mánuð og allir sem koma til Ísafjarðar á þeim tíma geta séð þau.“

„Hvað gerir þú núna þegar námskeiðið er búit?“ „Nú teikna ég bara myndir heima. Ég á mörg stór blöð og glanspappír líka sem er aðeins stærri

en venjulegur pappír. En ég má eiginlega ekki vera að því að tala lengur því ég er að fara út. Ég ætla að fara á bak við snjóflóðavarnargarðinn og tína kristalla. Þarf svona aðeins að fara aðeins upp í klettana. Ef ég væri að tala við þig í Skype þá gæti ég sýnt þér garðinn.“

KARABÍSKA HAFIÐ & JÓLAINNKAUP

SKEMMTISIGLINGAR Á FRÁBÆRU VERÐI MEÐ ÍSLENSKRI FARARSTJÓRN
Sjá nánar á heimasíðu okkar www.norræna.is



Fararstjóri:
Skúli Sveinsson

Fararstjóri í skemmtisiglingum er til viðtals á skrifstofunni alla virka daga frá 9-17. Endilega kíktu í spjall og kaffi.

Innifalið: Flug, allar ferðir á milli flugvalla, hótels og skips, hótulgisting, íslensk fararstjórn, fullt fæði og öll skemmtidagskrá um borð.

Lágmarksþáttaka er **16** manns og áskiljum við okkur rétt til að fella ferðina niður ef næg þátt-taka næst ekki.

Höfum bætt við sætum. Bókaðu núna!



15.- 26. nóv.: PEARL

VERÐ frá 295.000. Siglt frá Miami til eyjarinnar Great Stirrup Cay, sem er í eigu skipafélagsins, síðan til Jamæku, Grand Cayman og Cozumel í Mexíkó. Gist er í Orlando í tvær nætur fyrir siglingu og tvær nætur eftir siglinguna á Florida Mall hótelinu og því tilvalið að nota tímann og kaupa jólagjafir.

FERÐAÁÆTLUN

15. nóv.: Flogið með Flugleiðum frá Keflavík kl. 17:10 til Orlandó í Flórída og lent þar kl. 20:05. Gist í tvær nætur á Florida Mall hótelinu.

16. nóv.: Frjáls dagur í Orlando, kíkja í mollið, fara í golf eða skemmtigarða.

17. nóv.: Farið frá hótelinu kl. 09:00 árdegis og ekið til Miami þar sem farið er um borð í Norwegian DAWN. Lagt úr höfn klukkan 16:00.

18. nóv.: Komið til Great Stirrup Cay, eyju sem NCL á, kl. 08:00 og farið kl. 17:00.

19. nóv.: Allur dagurinn á siglingu og um að gera að skoða skipið og láta fara vel um sig úti á dekki eða hvar sem er í skipinu.

20. nóv.: Komið til Ocho Rios á Jamæku kl. 08:00 og farið þaðan klukkan 17:00.

21. nóv.: Komið til George Town á Gran Cayman kl. 08:00 og siglt úr höfn kl. 16:00.

22. nóv.: Lagt að bryggju í Cozumel í Mexíkó kl. 08:00 og farið þaðan kl. 17:00.

23. nóv.: Á siglingu allan daginn og um að gera að njóta þess eins og kostur er með því að slappa af við sundlaugarnar og í heitu pottunum, eða gera eitthvað annað skemmtilegt.

24. nóv.: Komið til Miami kl. 08:00. Ekið sem leið liggur til Orlandó, þar sem gist er í tvær nætur á Florida Mall hótelinu.

25. nóv.: Frjáls dagur í Orlandó.

26. nóv.: Farið frá hótelinu kl. 14:00 og flogið frá Orlandó kl. 18:00 og lent í Keflavík kl. 06:10 að morgni 27. nóvember.

BARCELONA OG MIÐJARÐARHAFIÐ

Komið er við í 5 höfnum. Fyrst er komið til Napolí þar sem tilvalið er að skoða Pompei, kíkja til Kaprí eða Sorrentó. Frá Civitavecchia er hægt að skjótast til Rómar en þar er margt og mikið að sjá. Livornó er stutt frá Pisa og Flórens sem eru fallegir staðir og síðan er komið til Marseille í Frakklandi og endað í Palma á Mallorca áður en siglt er á ný til Barcelona þar sem gist er í þrjár nætur á góðu hóteli nærri miðbænum.

Aðeins 6 sæti laus. Bókaðu núna!



6. - 16. september: EPIC

VERÐ FRÁ 295.000 kr. Siglt um Miðjarðarhafið á EPIC, næst stærsta skemmtiferðaskipi heims. Um borð er allt til alls og ekki eru hafnirnar sem komið verður við í af verri endanum.



Sími **570 8600**
www.norræna.is
Stangarhyl 1 110 Reykjavík


KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Grunnþjónusta dælir lífsvökva landsbyggðar (10)
- Reglu ráðið fyrir upplausnina (9)
- Hélt prentvélum fjölmiðils gangandi vegna flugbeitts (13)
- Bröndunögl af stærri gerðinni ruglar gól tíkur (8)
- Keilustakkur er fastur fyrir (13)
- Heimafólk flutt að utan (8)
- Liðlegur limur á léttfætri (7)
- Hringaðir þá sem þú stóðst að lygum (8)
- Leita ástands meðal náttúru (5)
- Pá féll Valur enda óstöðugri (7)
- Nýtist veitu fróðleiksmola af öllu tagi (11)
- Unaðsmixtúra er ávanabindandi (9)
- Göslast gegnum seinni slátt þótt það kosti læti (10)
- Stjórn mun kanna hvort byggingar leysi vandamálin (11)
- Hef dvalið meðal dauðra fyrir sár og bæna-gjörð (10)
- Hraunvölur og skriðugrjót (12)
- Fágun eins og fyrir vandvirka (10)
- Torfuscörunur gengur lengra (11)
- Málmleiðslur geyma frumefni í jörð (8)
- Tóm dvelji með vini Sveppa (6)
- Snúum töðu með steikum (6)

LÓDRÉTT

- Áburður í aukastofu 6 (9)
- Villist á geirvörtunni og greiðslunni (13)
- Hugmynd um stöðu á gangstíg (13)
- 180° súkkulaði frá Sviss (9)
- Aðkomuþursinn veitir vel (10)
- Há eru ánægð með fiskinn (7)
- Ysta lag er ofan fjalar (8)
- Hinn dapri kynni nýjung utan við gröf (8)
- Býður þjóðlegt bakkelsi og bílavarahluti (9)
- Herða skal á því er minna vægi hefur (11)
- Notalegt að sofa hjá Lúðvík (5)
- Tónverk sem vill gefa skít í tóninn? (6)
- Gata knýr verkstæði (12)
- Syrgðu endilega þann er oft syrgir (11)
- Fara íslenskar krónur útlendinga í að taka Snæ af lífi? (10)
- Spann vef fyrir saur á ótroðnum slóðum (7)
- Skýt skjali inn í gamaldags tjáskiptaform (9)
- Nón gæti ruglað þann sem ekki passar sig (7)
- Sá sem ekki komst á blað vill að von stýri för (7)
- Fljót, togði í áklæðið (7)
- Ruglum og snertum (6)
- Raða í hina sem eru í rugli (4)



Lausnarorð síðustu viku var
NIÐURSUÐUVARA



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafri eintak af bókinni Rutt úr vegi eftir Lee Child frá Forlaginu. Vinningshafri síðustu viku var **Sigurbjörn Guðmundsson, Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast samfélagsbættandi samtök. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „22. júní“.

ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS
- Hnappur sem getur bjargað þínu lífi og þinna nánustu.

AFASTEIPA

Afar eru eitthvað sem allir ættu að eiga.
Þeir eiga að búa við öryggi.

DÝR VIKUNNAR

Smellurækja



VINIR Smellurækjan og gúbbfiskurinn eiga í nánú samlífi, deila húsnæði og eiga í fjarsambandi þegar hvorugt er heima.

Skýtur fiska til bana með brennheitum loftbólum

Smellurækjur, stundum nefndar byssurækjur, er safnheiti yfir um 600 rækjutegundir sem allar eiga það sameiginlegt að nota gríðarlega óhefðbundna aðferð til að veiða sér til matar. Rækjur af þessari gerð eru um þrjú til fimm sentimetrar að lengd og það sem einkennir þær er risavaxin kló, sem er meira en hálf líkamsstærð þeirra.

Klónin er ekki notuð eins og aðrar rækjur nota sínar klær, heldur sem eins konar byssa. Rækjan smellir kló sinni saman á ofurhraða og býr með því til örliða loftbólum sem í kjölfarið skýst frá klónni á um 100 kílómetra hraða og myndar hljóð sem getur orðið 218 desibel, með því á þetta smáa krabbadýr í harðri samkeppni við hvali á borð við mjaldur og sjálfa steypireiðina um titilinn „hávarasta dýr sjávar“.

Þessi loftbóla getur drepit litla fiska, enda kannski ekki að furða, loftið inni í henni getur orðið allt að 5.500 gráðu heitt, sem er svipað og hitinn á yfirborði sólarinnar. Við þessa hegðun rækjunnar myndast meira að segja lítill ljósgeisli, og er þetta eina dæmið um að dýr skapi ljós úr engu.

Smellurækjurnar eru líka merkilegar fyrir þær sakir að sumar tegundir hennar eiga í nánú samlífi við gúbbfiska. Í þeim tilfellum búa rækjurnar til heimkynni beggja og halda þeim við, á meðan gúbbfiskarnir sjá um að verja heimkynnin, litlar holar í sjávarbotninum. Þegar hvorki rækjurnar né gúbbfiskarnir eru heima eiga rækjurnar í samskiptum við fiskana í gegnum fálmar sína og fiskarnir láta rækjurnar á móti vita af yfirvofandi hættu með því að hreyfa sporðinn á tiltekinn hátt.

Stöð 2 hvar sem er

Upplifunin hefst á stod2.is

Nú eru tímamót í íslenskri sjónvarpssögu. Með OZ-appinu getur þú horft á Stöð 2, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar, Gull, PoppTívi, Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í iPad, iPod eða iPhone, iOS 6 eða nýrra. Njóttu þess að horfa á notendavænan og þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.



Horfðu á útsendinguna

Útsending Stöðvar 2 er nú aðgengileg fyrir áskrifendur í Apple-sjaldtölvum og í iPhone. Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.



Spegluðu á sjónvarpið

Þeir sem eiga Apple TV geta speglað myndina yfir á sjónvarpsskjáinn.



Spólaðu aftur í tímann

Með einum smelli er hægt að spóla allt að eina klukkustund aftur í tímann. Misstirðu af byrjuninni á upphaldspættinum? Ekkert mál, þú smellir bara á byrjun og missir ekki af neinu.



Taktu upp dagskrárliði og safnaðu þínum þáttum

Merktu við upphaldspættina og appið sér um að taka þá upp. Þú getur svo horft á þá í safninu þínu þegar þér hentar.



Skráðu þig á stod2.is

- Appið virkar aðeins á þeim iPad, iPod touch og iPhone sem hafa stýrikerfið iOS 6 eða nýrra. (iPad 2 og nýrri og iPhone 4 og nýrri og iPod touch af 4. eða 5. kynslóð).
- Notaðu OZ-appið með Wi-Fi sem býður upp á meiri gæði og er hagkvæmara en t.d. 3G og 4G.
- Einungis fyrir áskrifendur á Íslandi.
- OZ TV þjónustan kostar aðeins 990 kr. á mánuði fyrir áskrifendur. (Fritt fyrir áskrifendur til 1. ágúst).



+

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

BIRGIR GÍSLASON
Þórólfsögðu 19a,
Borgarnesi,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 18. júní. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 14.00.

Lilja Jónasdóttir
Hulda Birgisdóttir
Jónas Heiðar Birgisson
og afabörn.

Jón Jakobsson



+

Pökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

EGGERTS BERGSSONAR
húsasmiðameistara,
Daltúni 36, Kópavogi.

Hugheilar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót til starfsfólks heimahjúkrunar í Kópavogi og á deild 12-G á Landspítalanum við Hringbraut.

Ingunn Jónsdóttir
Bergdís I. Eggertsdóttir
Pálína S. Eggertsdóttir
Sonja Eggertsdóttir
Hlynur Eggertsson
afa- og langafabörn.

Grettir Sigurðarson
Nikulás Kr. Jónsson



+

Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa fjölskyldunni samúð og kærleik við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GUÐNÝJAR ÞORSTEINSDÓTTUR
Efstaleiti 14,

og heiðrað minningu hennar á margvíslegan hátt. Sérstakar þakkir til Brynjars Viðarssonar sérfræðilæknis í blóðlækningum á Landspítalanum og starfsfólks hjúkrunarheimilisins Ísafoldar í Garðabæ fyrir alúð og nærgætni.

Halldóra Sigurðardóttir
Anna Sjöfn Sigurðardóttir
Ólafur Njáll Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Viðar Simonarson
Guðmundur Páll Ásgeirsson
Birna Bergsdóttir



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

VIGNIS GÍSLA JÓNSSONAR
Skógarflöt 23,
Akranesi.

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar, A- og E-deildar Sjúkrahúss Akraness og dagdeildar Höfða. Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Eiríksdóttir
Eiríkur Vignisson
Katrín Björk Þórhallsdóttir
Vignir Gísli Eiríksson
Eiríkur Hilmar Eiríksson
Ólafur Atli Sindrason

Ólöf Linda Ólafsdóttir
Sindri Már Atlason



Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


PETTA GERÐIST: 23. JÚNÍ 1926

Forsætisráðherra varð bráðkvaddur

Jón Magnússon forsætisráðherra varð bráðkvaddur þann 23. júní árið 1926 austur á Norðfirði. Þar var hann á heimleið frá því að fylgja dönsku konungshjónunum, Kristjáni X og Alexandrínu drottningu, um Norður- og Austurland. Hann var 67 ára að aldri.

Jón og kona hans Þóra Jónsdóttir höfðu þegið boð konungshjónanna um að fara með þeim á konungsskipinu norður og austur um land. Frá Seyðis-

firði hélt kóngafólkið heimleiðis en forsætisráðherrahjónin stigu um borð í herskipið Geyser. Á leið suður með landinu fékk Jón skipið til að koma við í Norðfirði svo hann mætti líta æskustöðvar sínar að Skorrastað, sem hann hafði ekki séð í 45 ár. Hann fór einn í land og heimsótti þar séra Jón Guðmundsson en hafði ekki dvalið hjá honum nema stutta stund þegar hann hné niður örendur.



Tengi æskuafmælin við litla kók og lakkrísör

Söngdívann Guðrún Gunnarsdóttir nýtur lífsins á Norðurlandi í dag á fimmtugsafmælinu sínu. Þar er hún í góðum hópi þriggja dætra og eiginmanns og ætlar út að borða með þeim í kvöld en kýs eðlilega að halda staðnum leyndum fyrir lesendum.

Guðrún Gunnars var að bakka bílnum sínum í stæði á Árskógsströndinni þegar í hana náðist í síma í gær. Hún kvaðst vera þar á ferðinni með dætrum sínum í ágætis verði. „Þetta er mæðgnaferðalag, alveg frábært,“ sagði hún. „Akkúrat núna erum við að bíða eftir ferjunni til Hríseyjar. Systir hans þabba býr þar og við ætlum að heilsa upp á hana því auk þess að vera saman erum við mæðgur að heim-sækja frændfólk og vini í þessari ferð. Ég dvaldi mikið í Hrísey sem barn, við fórum alltaf þangað á sumrin, fjölskyldan.“

Ertu að norðan? „Nei, ég er úr Kópavoginum en hef alltaf verið tengd Norðurlandi. Hef unnið mikið fyrir norðan og átti heima á Akureyri í tvö ár og kann vel við mig þar.“

Muntu eitthvað að syngja opinberlega í ferðinni? „Nei, ég ætla alveg að vera laus við það.“

En takið þið mæðgur ekki lagið í bílnum? „Já, jú, jú. Við höfum það ótrúlega skemmtilegt saman. Gæti ekki verið betra.“

Hversu margar eruð þið? „Við erum fjórar saman. Ég og dæturnar Ólöf Jara, Elísabet og Anna Hjördís. Svo á ég eina fósturdóttur sem heitir Eva Lilja. Hún býr úti í Danmörku og ég hitti hana síðar í sumar.“

Ætlar þú þá út? „Nei, hún kemur heim. Ég vil bara vera á Íslandi á sumrin. Það er lang best. Ég er löngu hætt að fara út á sumrin að eltaf við sólina. Þá er svo gott að vera heima. Svo er hægt að fara til útlanda á öðrum árstímum.“

En hvað ætlarðu að gera í tilefni afmælisins? „Þá ætla ég að fara út að borða með dætrum mínum og manninum mínum, Hannesi Friðbjarnarsyni. Hann er að koma norður að hitta okkur. Það verður yndislegt.“

Gefurðu upp hvar það verður? „Nei, nei. Við ætlum bara að fá okkur eitthvað gott. Ég nenni ekki að halda stóra veislu. Mér finnst þetta miklu skemmtilegra.“

Hefurðu einhverntímann haldið slíka veislu í tilefni eigin afmælis? „Nei, aldrei. En ef við værum ekki dugleg að fara út og hitta fólk, bjóða heim og fara í matarboð þá hefði ég kannski viljað hafa veislu. Annars finnst mér ekki gaman í risastórum veislum.“



GUÐRÚN GUNNARS „Ég nenni ekki að halda stóra veislu. Mér finnst þetta miklu skemmtilegra,“ segir hún þar sem hún er á ferðinni um Norðurlandið.

En eru þér minnisstæð einhver afmæli þín úr æsku? „Nei, en ég tengi þau við litla kók og lakkrísör. Það var alltaf áskorun í barnaafmælum að láta ekki gjósa upp úr flöskunni og ég var rosa stressuð yfir því. Svo man ég ofboðslega góðar kökur hjá mömmu

minni. Bestu kökur í heimi.“

Eru stór verkefni fram undan hjá þér á söngsviðinu? „Nei, aldrei þessu vant. Yfirleitt er nóg að gera á öllum vígstöðvum en ég tók mér svolítið gott frí í sumar í tilefni tímamótanna.“

gun@frettabladid.is

Graníthöllin
Legsteinar



ÁVÍSUN 35.000.-

35.000.- krónur

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.

Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is

FASHION ACADEMY

REYKJAVÍK

NÆSTU TÍSKUNÁMSKEIÐ HEFJAST 26. ÁGÚST

LJÓSMYNDUN




FÖRÐUNARNÁMSKEIÐ
Dag- og kvöldnámskeið



STÍLISTANÁM



FRAMKOMU- OG
FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ



Námskeiðin eru kennd samhliða og er rík áhersla lögð á samvinnu milli deilda og að nemendur vinni að raunverulegum og lifandi verkefnum. Markmiðið er að kenna nemendum sitt eigið fag, samspil greinanna og hvernig tískubransinn virkar.



NÁM Í SNYRTIFRÆÐI

NÝJAR ANNIR HEFJAST Í ÁGÚST - NÓVEMBER - MARS
EINS ÁRS NÁM Í SNYRTIFRÆÐI Á
FRAMHALDSSKÓLASTIGI
NÁMSHÆFT HJÁ LÍN

50% AFSLÁTTUR

NEMENDUR SEM HAFA HAFIÐ NÁM Í
SNYRTIFRÆÐI Í ÖÐRUM SKÓLUM ERU
VELKOMNIR OG BOÐIN
50% AFSLÁTTUR AF NÁMSGJÖLDUM
Á HAUSTÖNN 2013

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.FASHIONACADEMY.IS - INFO@FASHIONACADEMY.IS - 571 5151



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

STEINGRÍMUR GARÐARSSON

Birkhlið 5,
550 Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 20. júní. Jarðarför auglýst síðar.



Baldvina Þorvaldsdóttir
Sigurlaug Steingrimsdóttir
Garðar Haukur Steingrímsson

Sigríður Steingrimsdóttir
Þorvaldur Steingrímsson
Sævar Steingrímsson
Friðrik Steingrímsson
Bylgja Steingrimsdóttir
Steingrímur Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Gíslason
Halla Rögnvaldsdóttir
Kári Gunnarsson
Þorsteinn Einarsson
Svanhvit Gróa Guðnadóttir
Ingileif Oddsdóttir
Steinvör Baldursdóttir
Auðunn Víglundsson
Sæunn Eðvarðsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför frænda okkar,

HREGGVIÐS JÓNSSONAR
fyrrverandi alþingismanns,
Starengi 26, Reykjavík.



Fyrir hönd aðstandenda,
Simon Páll Steinsson
Sigurlína Steinsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

NÍELS MARÍUS BLOMSTERBERG

„BLOMMI“
kjötíðnaðarmeistari,

hjúkrunarheimilinu Eir, áður Lambastekk 2, lést að morgni 9. júní sl. Útför fer fram mánudaginn 24. júní kl. 13.00 frá Bústaðakirkju.



Fyrir hönd aðstandenda,
Emma Þórunn Blomsterberg
Hans Pétur Blomsterberg
Birgir Bogi Blomsterberg
Sesselja María Blomsterberg

Ómar Kristvinsson
Sigrún Hafsteinsdóttir
Bryndis Halldóra Jónsdóttir
Gunnsteinn Halldórsson



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra

STEFÁNS JÓNSSONAR
vélvirkja,
Stapaseli 17, Reykjavík.



Guðný Helgadóttir Blöndal
Jón Þór Stefánsson
Helgi Már Stefánsson
Stefán Örn Stefánsson
Alexander Stefánsson
Dagný Jónsdóttir
Guðný H. Jónsdóttir
Ásta Björk Eiríksdóttir
og barnabörn.

Vilborg Linda Indriðadóttir
Þorgerður Sigurbjörnsdóttir

Pétur V. Hafsteinsson



Innilegar þakkir til þeirra sem heiðruðu minningu hjartkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

ANTONS GUÐLAUGSSONAR
Dalvík.

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur vinarhug og hlýju með nærveru sinni, blómum og kveðjum. Við þökkum enn fremur alla veitta aðstoð og sérstakar þakkir fá gamlir félagar úr Karlakór Dalvíkur.



Sigurlaug Sveinsdóttir
Guðbjörg Antonsdóttir
Elin Antonsdóttir
Anna Dóra Antonsdóttir
Arna Antonsdóttir
Þórólfur Antonsson
Árdís Antonsdóttir
barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.

Skafti Hannesson
Sveinn Sveinsson
Hrönn Vilhelmsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



SIGRÚN SVAVA Hún segir leiðbeinendur á námskeiðunum ætla að tengja námið við daglegt líf og sjá til þess að það verði ekki of flókið en samt til að auka skilninginn í víðu samhengi.

Fá að fleyta rjómann

Háskólabrú Keilis í Reykjanesbæ býður í fyrsta skipti upp á sumarnámskeið fyrir unglinga. Annars vegar flugbúðir og hins vegar tækni- og vísindasmiðju. Sigrún Svafa Ólafsdóttir er verkefnisstjóri námskeiðanna og fræðir okkur um hvað fram undan er.

„Ég var að koma úr afar skemmtilegum bíltúr. Við hér í Keili erum að fara af stað með tækni- og vísindasmiðju fyrir krakka í júlí og ég fór með umsýslarmönnum smiðjunnar til að skoða það sem HS-orka hefur upp á að bjóða og Þekkingarsetrið í Sandgerði. Þangað verður farið í vettvangsferðir með krakkana og ég get lofað því að þær verða áhugaverðar. Aðalkennslan verður það líka. Hún fer fram hér í Tækni- og vísindasmiðju Keilis. Tveir af leiðbeinendunum eru í námi hér og þekkjast innviðina vel. Sá þriðji kemur úr líf-efnafræði í Háskóla Íslands með nýjan vinkil.“ Þetta segir Sigrún Svafa Ólafsdóttir, verkefnisstjóri námskeiða hjá Keili, um nýju sumarnámskeiðið.

Fyrsta tækni- og vísindanámskeiðið

af fjórum hefst 8. júlí og stendur í viku. Sigrún Svafa segir leiðbeinendurnar ætla að tengja námið við daglegt líf og sjá til þess að það verði ekki of flókið en samt til að auka skilninginn í víðu samhengi. „Það er alltaf verið að kalla eftir tæknimennstuðu fólki og því þarf að huga að grunninum svolítið snemma,“ segir hún.

Flugbúðirnar byrja líka 8. júlí. Það er fjögurra daga námskeið fyrir unglinga. „Á þessum fjórum dögum fá nemendurnir að fleyta rjómann af því spennandi flugtengda námi sem er í boði hjá Keili því hér er kennsla í einkaflugi, atvinnuflugi, flugvirkjun, flugumferðarstjórn og flugþjónustu. Krakkarnir kynna sér sitt lítið af hverju; veðurfræði, flugfræði og fleira.

Svo koma góðir gestir, millilandaflugmaður, flugumferðastjóri og flugvirki og meiningin er að fara í vettvangsferðir á ýmsa flugtengda staði sem venjulegt fólk fær aldrei að heimsækja. Svo er kynningarflug með flugkennara rúsinan í pylsuendanum.“

Sigrún Svafa segir Keili kraftmikinn skóla í mikilli sókn og lofar fjölbreyttum námskeiðapakka með haustinu undir heitinu Viskubrunnur. Það verða bæði kvöldnámskeið og netnámskeið. En var mikið verk að koma þessum sumarnámskeiðum á koppinn? „Nei, það hefur gengið mjög vel,“ svarar hún. „Hér innanhúss er mjög öflugt fólk sem tengist öllum þessum geirum svo undirbúningurinn hefur snúist um að ýta á réttu hnappana.“

gun@frettabladid.is

Reynir á ratvísi og hugmyndaflug

Ratleikur sem hefur verið komið fyrir í Heiðmörk verður kynntur á morgun klukkan 14.

Ferðafélag Íslands stendur fyrir kynningu á nýjum varanlegum ratleik í Heiðmörkinni á morgun, sunnudaginn 25. júní, klukkan tvö.

Til að komast á staðinn er best að aka Rauðhólamegin inn í Heiðmörkina, þar til komið er að bílastæði þar sem skilti Ferðafélagsins blasir við. Þaðan verður lagt af stað undir leiðsögn Bjarkar Sigurðardóttur, kennara við Ísaksskóla, en hún er höfundur ratleiksins.

Ratleikurinn er hannaður fyrir börn, unglinga og fulloröna og stendur allt árið. Þeir sem vilja spreyta sig á eigin spýtur geta því hafið ratleikinn hvenær sem er. Þátttakendur geta verið einn eða fleiri og ekki er um kapphlaup að ræða. Í leiknum reynir á ratvísi, hugmyndaflug, skynjun og styrk þátttakenda því lesa þarf í skýjafar, vindátt, plöntu- og trjátegundir og sólar. Einnig er spáð í sögulegan fróðleik ásamt því að leggjast í hengirúm.

Nálgast má útskýringar á ratleikum ásamt korti í póstkassa í grennd við skilti Ferðafélagsins í Heiðmörk og skila skal lausnum á sama stað. Einnig má nálgast eintak á skrifstofu og heimasíðu Ferðafélags Íslands og Ferðafélags barnanna á fi.is og allirut.is.

Fólk er hvatt til að taka með sér penna, lesgleraugu og nesti. Þátttaka er ókeypis.

-gun



Á LEIÐ Í RATLEIK Þátttakendur ná sér í útskýringar og kort.



Hjartans þakkir fyrir hlýjar samúðarkveðjur við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,

ROLFS MARKAN,
Lækjasmára 8, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landspítalans fyrir alúð og frábæra umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sofie Marie Markan



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓNÍNA GEIRLAUG ÓLAFSDÓTTIR
Strandaseli 3,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 19. júní síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskapelli fimmtudaginn 27. júní kl. 13.00.

Björn Lúðvíksson **Vigdís Sigurðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Eina sérværslun landsins
með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin



www.grillbudin.is



LANDMANN
Er frá Þýskalandi



VELDU
GRILL
SEM ENDIST
OG ÞÚ
SPARAR



GARVIDA
EXTERIEUR

Frá Þýskalandi

Garðhúsgögn í
hæsta gæðaflokki



Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

FRÁBÆRT SUNNUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



FYRSTI
ÞÁTTUR

19:25

➤ PÖNK Í REYKJAVÍK

Skemmtilegir og fróðlegir þættir um Jón Gnarr sem gerðir voru í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna.



20:35

➤ RIZZOLI & ISLES

Spennandi dramapáttaröð með rannsóknarlögreglukonunni Jane Rizzoli og læknum Mauru Isles.



21:20

➤ THE KILLING

Æsispennandi sakamálaþættir sem byggja á dönsku verðlaunaþáttunum Forbryðelsen.



7:00-20:00

➤ krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaeefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



20:00

➤ GULL VILTU VINNA MILLJÓN

Einn vinsælasti spurningaleikur Íslands fyrr og síðar. Stjórnandi þáttarins er Þorsteinn J.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



SUDOKU

LÉTT					MIDLUNGS					PUNG						
			6	3		7	4					3	9	5	7	1
	1	5			9	8							1			3
		3		4								6				
5						6	8	3								
	8			1			2					4	9	6		
7			2													2
												5			2	4
8	4		1	9				6					4	3		1
9			4										9	7		
		6			2											
														1		
8	3	2														

7	6	2	8	9	5	4	1	3								
4	8	3	7	1	6	2	5	9								
5	1	9	2	3	4	6	7	8								
9	2	8	5	4	3	1	6	7								
6	4	1	9	7	8	5	3	2								
3	5	7	6	2	1	8	9	4								
8	9	4	1	6	7	3	2	5								
1	7	5	3	8	2	9	4	6								
2	3	6	4	5	9	7	8	1								

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvíataka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



HANDAN VIÐ HORNID



BARNALÁN



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ekki dvelja við fortíðina, ekki láta ykkur dreyma um framtíðina, einbeitið ykkur að núnu.“

Búdda

1			2	3	4	5
6		7		8		
9			10		11	
12				13		
		14				15
16				17		
18			19		20	
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. læra, 6. skammstöfun, 8. málmur, 9. fæðu, 11. karlkyn, 12. bani, 14. einkennis, 16. frá, 17. skammstöfun, 18. hár, 20. tveir eins, 21. leiktæki.

LÓÐRÉTT

1. tilraunaupptaka, 3. tveir eins, 4. eyja, 5. rölt, 7. vatnafló, 10. tími, 13. skíp, 15. þekking, 16. for, 19. tveir eins.

LAUSN

16. aug, 19. líl, 10. tíð, 13. far, 15. skyn, 4. sikiley, 5. ark, 7. halarfó, 14. aðals, 16. af, 17. rek, 18. ull, 20. yy, 21. róla.



20. Re4! Snjóll hróksfórn sem tryggir hvítum gjörrunna stöðu. 20...Hxd1+ 21. Hxd1 Bxd1 22. Rf6+ Dxf6 (ef 22... Kf8 hefði 23. Rd5! gert út um skákina þegar í stað) 23. Bxf6. Drottningu yfir vann hvítur sigur órfaum leikjum síðar. www.skak.is Tvær síðustu umferðir minningarmótsins um Tal fara fram um helgina. Teft er einnig á Ströndum.

SPORTS DIRECT.com

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

ÚTSALA

ALLT VERÐUR AÐ FARA!

-60%

-40%

-20%



Slazenger
SLAZENGER
STUTTERMABOLIR
HERRA

KAUPTU EINN
1.190 KR
FÁÐU ANNAN
ÓKEYPIS



Slazenger
SLAZENGER POLO
SKYRTUR

KAUPTU EINN
1.590 KR
FÁÐU ANNAN
ÓKEYPIS

NIKE AIR MAX SKYLINE



9.590 KR

LONSDALE BENN
HERRASKÓR



VAR
5.590 KR

**CRAZY
PRICES!**

3.990 KR

**HERRA
STUTTERMABOLUR
FRÁ 190**



SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI



facebook

WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND



Luxus hjólhýsi til sölu

Fendt Diamant VIP 700 luxus Hjólhýsi með öllu staðsett að Hellishólum í Fljótshlíð, fortjald sem er 3x7,5 m pallurinn er ca 120 m² + 30 m² hellulagt undir húsinu, það eru 2 sjónvörp, 2 dvd, flottar græjur, arinn og leður, þetta er hlaðið aukabúnaði sem allt of langt er að telja upp eins og td sturta sem er 120x120cm 2 vatnshitara 2x14l og húsið er hlaðið aukahlutum sem er of langt að telja upp td þá er heitt vatn á pallinum og úti vaskur með vatnshitara sem skilar 60 l af 80 stiga heitu vatni á per mín sem er nóg í úti pott, það er búið að dúlla við þetta undafarið ár og þetta er drauma aðstaða fyrir fólk sem vill njóta þess besta, þarna er einn flottasti golfvöllur landsins að Hellishólum í Fljótshlíð, veitingahús stutt í allar fallegustu perlur landsins og einungis 60 mín frá Reykjavík.
Upplýsingar í síma 895-0967



RÉTTARDAGUR Aðalheiður hefur unnið að verkum sem tengjast Íslensku sauðkindinni á sýningaröðinni Réttardagur. Verkin skipta nú hundruðum en Aðalheiður veit ekki hvað hún ætlar að gera við þau.

Leggur undir sig Gilið

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir opnar tíu sýningar í Listagili og í Flóru í Hafnarstræti á Akureyri í dag. Þetta er fimmtugasta og jafnframt lokasýningin í sýningaröðinni Réttardagur, sem Aðalheiður hefur unnið að undanfarin fimm ár.

„Það er auðvitað mjög gott að sjá fyrir endann á þessu. Þegar maður setur sér stór markmið og nær þeim má leyfa sér að vera svolítið ánægður með sig,“ segir Aðalheiður S. Eysteinsdóttir myndlistarmaður, sem opnar sýningu í Flóru í Hafnarstræti á Akureyri í dag. Á sama tíma opnar hún alls tíu sýningar í Listagilinu á Akureyri, það er í öllum sýningarsölum Sjónlistamiðstöðvarinnar, í sal Myndlistarfélagins, Populus Tremula, Mjólkurbúðinni.



AÐALHEIÐUR EYSTEINSDÓTTIR

Sýningarnar marka lokin á verkefninu Réttardagur, 50 sýninga röð sem staðið hefur yfir síðan júní 2008 og verið sett upp víða um land og utan landsteinanna. Útgangspunktur sýninganna er sauðkindin og sú menning sem skapast um og út frá sauðkindinni.

Þetta er risavaxið verkefni og telja verkin á sýningunum – skúlptúrar og lágmyndir – nú mörg hundruð. Var hún aldrei nálægt því að fallast hendur? „Nei, en það hvarflaði vissulega nokkrum sinnum að mér hvað ég hefði eiginlega verið að hugsa að ráðast í svona

stórt verkefni,“ segir hún og hlær. *En hvað er næst á dagskrá?* „Ég ætla að leyfa mér að vera í lausu lofti í nokkra mánuði. Það er kærkomið að sjá öll verkin samankomin, þá áttar maður sig betur á hvað þetta er og hvort maður vilji halda áfram á sömu nótum. Verkefninu Réttardegi er lokið, ég hef fengið nægju mína af þessu þema, en á hugsanlega eftir að vinna áfram með svipuð efnistöð.“

En hvað verður um öll verkin sem urðu til? „Ég er ekki einu sinni farin að hugsa út í það. Það er seinni tíma vandamál.“

bergsteinn@frettabladid.is

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

þótt ég sé rétt á aðstoð og hjálp ef þú kenna í ofbeldi

ÁÐUR EN EG SÖRFNA

2. PRENTUN VÆNTANLEG

MARGFÖLD METSÖLUBÓK

★★★★

„Þetta er mögnuð saga og vel skrifuð.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON
MORGUNBLAÐIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Landabréfabókin

BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Sveinn H. Guðmarsson
fréttamaður



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allmargar bækur hef ég lesið oftar en einu sinni og sumar oftar en það. Aðeins ein kemst þó nálægt því að hafa breytt lífi mínu enda hefur hún verið lesin í ræmur. Raunar er villandi að tala um lestur í þessu sambandi, líklega er réttara að tala um rýni eða skoðun.

Ég er sem sagt að tala um Landabréfabókina sem ég fékk í fimmta bekk Mýrarhúsaskóla. Ég er ekki að reyna að vera myndinn eða krútt, þessi bók opnaði fyrir mér heiminn í bókstaflegri merkingu. Fyrstu vikurnar eftir að ég eignaðist þessa gersemi lá ég tímunum saman í herberginu mínu og rýndi í kortin. Gilti þá einu hvort um var að ræða jarðfræðikort af Íslandi eða heimskort um vinnslu málma og annarra náttúruauðlinda. Með bókina í fanginu gat ég allt í einu geyst um landið þvert og endilangt og heimshorna á milli.

Síðast en ekki síst varð allt í einu miklu skemmtilegra að horfa á sjónvarpsfréttirnar (um miðbik níunda áratugarins var



ekki annað í boði en að horfa á þær). Víglínan í stríði Íraks og Írlands stóð mér ljóslífandi fyrir sjónum og uppreisnin gegn Marcos, forseta Filippseyja, öðlaðist aðra merkingu þegar hægt var að skoða þennan fjarlægja eyjaklasa í fanginu á sér. Í dag hef ég að atvinnu að fjalla um alþjóðamál og ég er ekki frá því að rauða landabréfabókin mín hafi átt örlíttinn þátt í að stýra mér inn á þær brautir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 22. JÚNÍ 2013

Fræðsla

15.00 Bryndís Pétursdóttir jarðstraumakönnuður fræðir gesti í Sesseljuhúsi á Sólheimum um áhrif jarð- og rafstrauma á heilsu fólks og til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að minnka áhrif þeirra. Allir velkomnir.

Tónlist

14.00 Lay Low leikur á á tónleikum í Sólheimakirkju. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

15.00 Kvintett Jóhönnu Þórhallsdóttir leikur á fjórðu tónleikum sumardásstónleikarðar

veitingastaðarins Jómfrúarinnar við Lækjar götu. Á efniðskránni eru djassperlu gömlu meistaranna. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir kr. 2.500.

23.00 Techno í sínu hreinasta formi á öðru „Bitte Schön“ kvöldinu á Volta við Tryggvagötu. DJ Yamahó, Árni Skeng, Jon Edvald og Bear/Lion þeyta sínum hörðustu skífum. Frítt inn.

Myndlist

14.00 Guðrún Kristjánsdóttir verður við verk sitt Götur guðanna, Fjölskyldutengsl guðanna í hverfinu, að Nönnugötu 4 við Baldurstorg. Verkið er hluti af sýningunni Undir berum himni - list í Þingholtunum og á Skólavörðuholtinu.

14.30 Magnea Ásmunds verður við verk sitt Græn spor, að Baldurstorgu 14 við Baldurstorg. Verkið hluti af sýningunni Undir berum himni - list í Þingholtunum og á

Skólavörðuholtinu.

15.15 Þór Elís Pálsson verður við verk sitt á horni Baldurstorgu og Laufásvegur klukkan 15.15. Verkið hluti af sýningunni Undir berum himni - list í Þingholtunum og á Skólavörðuholtinu.

20.00 Sigurður Ámundason opnar „xxx-rated“ sýningu í gallerínum Kunstschlager Kunstschlager við Rauðarástíg.

22.00 Aðalheiður S. Eysteinsdóttir opnar 10 sýningar samtímis í Listagilinu á Akureyri, þ.e. í öllum sýningarsölum Sjónlistamiðstöðvarinnar og sal Myndlistafélagsins, Populus Tremula, Flóru og Mjólkurbúðinni. Um er að ræða lokin á verkefninu Réttardagur - 50 sýninga röð sem staðið hefur yfir síðan júní 2008. Sínd verða nokkur hundruð verk eftir Aðalheiði unnin á síðustu 5 árum auk verka 15 annarra listamanna sem eru gestalistamenn á sýningunum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



LJÓTU
HÁLFVITARNIR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUDAGUR 23. JÚNÍ 2013

Hátíðir

14.00 Hollvinafélag Hellisgerðis heldur í samvinnu við Hafnarfjarðarþæ veglega afmælishátíð í Hellisgerði í Hafnarfirði í tilefni af 90 ára afmæli garðsins. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri setur hátíðina. Síðan flytja tónlist White Signal, TutTugu, Sara Blandon, Pollapönk og Jón Jónsson. Í lokin verður síðan slegið upp harmonikkuballi með hljómsveit Svenna Sigurjóns í anda vinsælla Jónsmessuhátíða sem haldnar voru í garðinum um árabil. Allir eru velkomnir.

15.00 Árleg Jónsmessugleði Félags eldri borgara á Árbæjarsafni, 23. júní. Skróðganga, fjöldasöngur og þjóðlagatónlist eru m.a. á dagskrá, sem stendur til klukkan 17.00. Allir eru velkomnir.

20.00 Jónsmessuvaka í Gamla bænum Laufási í Eyjafirði. Dagskráin hefst í kirkjunni í Laufási þar sem Bjarni Guðleifsson, rithöfundur, náttúrufræðingur og prófessor, verður með erindi um þjóðareinkenni Íslendinga. Tónlistarfólk í Birgir Björnsson, Snorri Snorsson og Jónína Björt Gunnarsdóttir taka lagið og dansfélagið Vefarinn stígur dans á hlaðinu í klæðnaði sem hæfir Jónsmessunni. Aðgangseyrir kr. 900.

Uppákomur

22.30 Hin árvissa Jónsmessunætur-ganga Árbæjarsafns verður farin um Elliðaárdal. Lagt er af stað frá safninu.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttu danstónlist til kl 23.00. Aðgangseyrir fyrir félag FEB í Reykjavík er kr. 1.500 og kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

Tónlist

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

Myndlist

12.00 Sýningunni Art=Text=Art lýkur í Hafnarborg nú um helgina. Á sýningunni eru verk eftir hátt í fimmtíu alþjóðlega myndlistarmenn, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa sjónræna eða hugmyndalega tengingu við texta og ritað mál.

12.00 Bandaríska myndlistarkonan Jo Yarrington opnar sýninguna „Beating Time“ í Hallgrímskirkjuturni. Sýning er unnin sérstaklega fyrir Listvinafélag Hallgrímskirkju.

14.00 Myndlistarmaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson verður með leiðsögn um sýninguna Huglæg landakort - Mannshvörf sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjueg. Sigtryggur Berg mun fjalla um verk sitt á sýningunni og segja frá sýningunni í heild og reynslu sinni af þátttöku í verkefninu. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík 2013 og eiga 37 listamenn verk á sýningunni.

15.00 Anja Ísabella Lövenholdt og Friða Dís Guðmundsdóttir, listfræðinemar leiða smíðju fyrir alla fjölskylduna í tengslum við sýninguna Íslensk myndlist 1900-1950: Frá landslagi til abstraktlistar. Frítt er fyrir börn undir 18 ára aldri og handhafa menningar-kortsins.


